allt

SIGURBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR

Lærir að elda og þrífa

• nám • börn • ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS

STRÁKARNIR

Sjónvarpsstöðin ITV hefur keypt atriði

FÓLK 34

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. október 2005 – 268. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Jóhannes Karl vill breytt umhverfi

Jóhannes Karl Guðjónsson segir að metnaðarfyllra starfsumhverfi þurfi til að hann gefi kost á sér í landsliðið á ný. Hann sé þá klár í slaginn.

ÍÞRÓTTIR 22

Íslensk sönglög í fyrirrúmi

Sigurður Bragason óperusöngvari heldur tónleika í einu af virtustu tónleikahúsum Lundúna, St. John's Smith Square, í kvöld.

MENNING 26

Meinbugur á Baugsmálum

Ég hef rakið það í þessum dálkum að undanförnu hvernig handhafar ríkisvalds í ýmsum ágætum vestrænum lýðræðisríkjum hafa komið sér upp spunameisturum, segir Ólafur Hannibalsson.

Í DAG 18

VEÐRIÐ Í DAG

HÆGLÆTISVEÐUR VÍÐAST FREMUR skýjað og hætt við lítilsháttar súld við Norður- og Austurströndina framan af degi. Hiti 2-8 stig hlýjast sunnan til.

VEÐUR 4

> Markaðurinn

Sögurnar... tölurnar...fólkið...

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MARKAÐURINN

Atlantsolía stefnir á landsbyggðina

Landbúnaðarlán til Landsbankans

Kaupa hátíðkvart

Snúðgengu hluthafa Grettis í stjórnarkjöri

EXTRADE

Í lífshættu þar sem rétt lyf var ekki til

Sjúklingur með skerta virkni í skjaldkirtli fékk ekki það lyf sem hann var vanur að taka. Lyfið hafði verið tekið af skrá. Skortur á skráðum lyfjum er brot á lyfjalögum, segir landlæknir. Þetta er vandamál að mati lækna.

HEILBRIGÐISMÁL Sjúklingur með skerta virkni í skjaldkirtli var kominn í lífshættu af því að lyf, sem hann var vanur að taka, var tekið út af skrá, en hliðstætt lyf sett inn í staðinn. Hann þoldi ekki nýja lyfið, þannig að hann hafði ekki lyf við sjúkdómnum og var orðinn mjög illa haldinn. Það var ekki fyrr en Gunnari Helga Guðmundssyni, yfirlækni á heilsugæslunni í Efstaleiti, tókst að útvega honum gamla lyfið aftur með aðstoð Lyfjastofnunar að heilsa sjúklingsins batnaði.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að krabbameinslyf fyrir börn hefði ekki verið fáanlegt hér á landi þegar til átti að taka.

„Endurtekinn skortur á tilteknum lyfjum er stórt vandamál," segir Gunnar Helgi.

„Þegar læknar hittast ræða þeir þetta vandamál."

Hann bendir á annað dæmi sem hann þekkir af eigin raun, þegar verkjalyfið Actiq, sem var nauðsynlegt fyrir sjúkling með óbærilega verki, hafði ekki verið útvegað tveimur mánuðum eftir að kvartað hafði verið við heildsalann.

„Fyrra tilfellið kom sjúklingnum í lífshættu en í hinu síðara þurfti sjúklingurinn að þola langvarandi óbærilegar þjáninguar," segir Gunnar Helgi.

„Þetta er einfaldlega brot á lyfjalögum," segir Sigurður Guðmundsson landlæknir, um þá stöðu sem upp hefur komið að tiltekin skráð lyf á lyfjalista hafi ekki verið til þegar átt hefur að ávísa þeim. Landlæknir segir þennan vanda hafa komið fram í máli lækna síðast í fyrradag.

„Það er mjög skýrt í lögunum, að lyfjainnflytjendum ber skylda til þess að hafa lyf sem flokkast undir skráð lyf á lyfjalista til þegar á þeim þarf að halda. Ég og forstjóri Lyfjastofnunar skrifuðum heilbrigðisráðherra bréf í sumar vegna þessara atvika. Þar lögðum við til að skerpt yrði á lyfjalögunum, þannig að engin undanþága yrði gefin," segir landlæknir. Hann tekur fram að þetta eigi alls ekki við um alla innflytjendur.

„Við viljum að lögin verði algjörlega skýr og það verði engin undanþága," bætir hann við. „Þetta erum við að leggja til við stjórnvöld. Þá munum við hamra á fyrirtækjunum um að standa sig í stykkinu."

- jss

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LEGSTEINARNIR ÞVEGNIR Þorgrímur Jörgensson smúlar mosa og óhreinindi af legsteinum í Hólavallakirkjugarði við Suðurgötu. Í garðinum hvílir fjöldi frægra Íslendinga og má þar nefna Jón Sigurðsson og Hannes Hafstein.

Forsætisráðherra vísar á bug gagnrýni um skort á aðhaldi í ríkisfjármálum:

Hægir á umsvifum 2007

STJÓRNMÁL Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni á alþingi í gærkvöldi að uppbygging stóriðju hefði óðru fremur leitt efnahagssveiflu undanfarið og að sama yrði uppi á teningnum á næsta ári. Að óbreyttu væri hins vegar útlit fyrir að eftir það hægði verulega á umsvifum í efnahagslífinu.

„Til þess að bregðast við þessum horfum hefur ríkisstjórnin meðal annars lagt fram ítarlegar tillögur um það hvernig ráðstöfun söluandvirðis Símans verði best hagað.

Geir H. Haarde utanríkisráðherra tók undir þetta og sagði Íslendinga lifa á sannkölluðu framfaraskeiði.

„Það er við þessar aðstæður sem þau tímamót verða að Davíð Oddsson formaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi forsætisráðherra ákveður að hverfa af vettvangi stjórnmálanna til annarra starfa. Davíð Oddsson hefur ótvírætt verið einn fremsti stjórnmálaforingi Íslendinga á glæsilegasta framfaratímabili í sögu þjóðarinnar."

Geir sagði kaupmáttur hafa aukist að raungildi um 50 prósent á 10 árum og að áræði íslenskra athafnamanna vekti mikla athygli. „Með aukinni alþjóðavæðingu, bættum samgöngum og nútíma tækni er fyrirhafnalítið að flytja á milli landa og við þurfum því að leggja okkur enn betur fram um að halda í fyrirtækin okkar og starfsfólk þeirra.

sjá síðu 6 - jh

Bresk glæpasöguverðlaun:

Arnaldur er tilnefndur

BÆKUR Bókin Grafarþögn eftir Arnald Indriðason er tilnefnd til Gull- og Silfurrýtinganna; verðlauna sem Félag glæpasagnahöfunda í Bretlandi veita árlega. Þau eru talin með virtustu verðlaunum sinnar tegundar þar í landi og þó víðar væri leitað.

ARNALDUR INDRIÐASON

„Það er bæði ánægjulegt og merkilegt að vera tilnefndur til þessara verðlauna," segir Arnaldur. „Það er stórkostlegt að ná þessum árangri í hinum enskumælandi heimi þegar maður skrifar á jafn litlu málsvæði og Ísland er."

Í umsögn dómnefndar um Grafarþögn segir meðal annars að þar sé á ferð spennuþrungin saga sem leiti á lesandann.Verðlaunin verða afhent í Lundúnum 8. nóvember næstkomandi og býst Arnaldur við að vera viðstaddur. Sá sem hreppir Gullrýtinginn fær í sinn hlut verðlaunafé að andvirði um 325 þúsund króna.

Sjá síðu 34 /-bs

Alvarlegt slys við Borgarnes:

Stúlka flutt með þyrlunni

LÖGREGLA Ung stúlka var flutt með TF-Líf þyrlu landhelgisgæslunnar á slysadeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss við Hringbraut eftir árekstur fólksbíls og jeppa skammt frá Borgarnesi á tíunda tímanum í gær.

Þyrlan fór til móts við sjúkrabíl og sótti stúlkuna skammt norðan við Hvalfjarðargöng, en hún var sögð með höfuðáverka.

Þyrlan lenti um klukkan hálf ellefu í gærkvöldi við sjúkrahúsið. Óttast var að fleiri hefðu slasast í fólksbílnum en ekki lágu fyrir nánari upplýsingar um tildrög slyssins þegar blaðið fór í prentun í gærkvöldi. Lögreglan í Borgarnesi rannsakar tildrögin.

-óká

Tilkynning

Bensínkort og frítrygging

Bensínkort með 50 þúsund króna inneign og frí ábyrgðar- og kaskótrygging* fylgir nú öllum nýjum bílum frá B&L. Ef þú ert í bílahugleiðingum, fáðu þér nýjan Hyundai, Renault, Land Rover eða BMW með kaupauka sem þú færð beint í veskið, að verðmæti allt að kr. 140.000.

*Frí ábyrgðar- og kaskótrygging í 1 ár. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200
Opið virka 10 til 18 og laugardaga frá 12 til 16

SPURNING DAGSINS

Árni, ertu í afneitun?

„Nei, engin afneitun. Kúrsinn er klár."

Árni Mathiesen fjármálaráðherra hefur kynnt fjárlög næsta árs sem gera ráð fyrir fjórtán milljarða afgangi. Stjórnarandstaðan segir ríkisstjórnina í afneitun.

Albana með vafasama fortíð synjað um hæli:

Ákærður fyrir morð

LÖGREGLUMÁL Albani sem ákærður er fyrir morð í Grikklandi í lok síðasta árs var í vikutíma frjáls ferða sinna meðan hann dvaldi í Reykjanesbæ, að sögn Eyjólfs Kristjánssonar, fulltrúa sýslumanns á Keflavíkurflugvelli.

Maðurinn kom til landsins 20. september síðastliðinn en við eftirlit kom í ljós að vegabréf hans voru fölsuð en þá sótti maðurinn um hæli hér á landi. Á meðan hann beið eftir svari sem tók eina viku dvaldi hann ásamt öðrum flóttamönnum í Reykjanesbæ og fór frjáls ferða sinna. Eftir að honum var hafnað var hann ákærður fyrir að framvísa fölskum ferðaskilríkjum og hófst þá rannsókn á bakgrunni hans hjá alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra. „Þá kemur bara í ljós að maðurinn sem valsað hafði um í Reykjanesbæ er ákærður fyrir morð í Grikklandi," segir Eyjólfur.

Hann segir enn fremur að löggreglan sem og dómsmálayfirvöld hafa verulegar áhyggjur af málum sem þessum og sé nú verið að hugleiða hvernig komast megi hjá málum sem þessum. „Nú bíða tugir manna afgreiðslu sinna mála í Reykjanesbæ og það getur tekið langan tíma að fá upplýsingar um bakgrunn þeirra og á meðan vitum við ekki fyrir víst hverjum

VEGABRÉFASKOÐUN Albaninn var með falsað vegabréf og þegar bakgrunnur hans var rannsakaður kom í ljós að hann var ákærður fyrir morð. Fólkið á myndinni tengist honum ekki.

við erum að hleypa út á göturnar," bætir Eyjólfur við. - jse

Gjaldþrot Slippstöðvarinnar:

Hundrað fleiri án vinnu

AKUREYRI Atvinnulausum á Akureyri fjölgaði um hátt í 100 í gær þegar starfsmenn Slippstöðvarinnar á Akureyri skráðu sig atvinnulausa.

Helena Þ. Karlsdóttir, forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra, segist ekki muna til þess að jafn margir hafi skráð sig án atvinnu á einum degi. Hleypa þurfti starfsmönnum Slippstöðvarinnar í tvennu lagi inn í húsnæði Svæðisvinnumiðlunarinnar þar sem það rúmaði ekki hópinn í heilu lagi.

„Þetta var dapurlegur dagur í atvinnusögu Akureyringa en vonandi kemur vor á eftir þessum frostavetri," sagði Helena. - kk

VATNI DÆLT Enn er verið að dæla vatni úr borginni en flóðgarðar brustu þegar óveðrið gekk yfir. MYND/AP

964 fórust í Louisiana:

Yfirvöld hafa hætt leitinni

BANDARÍKIN Yfirvöld í Louisiana hafa hætt formlegri leit að fórnarlömbum fellibylsins Katrínar sem reið yfir suðurríki Bandaríkjanna i ágústlok. Opinber tala látinna er 964 en upphaflega var óttast að hátt í tíu þúsund manns hefðu farist í hamförunum. Leit er hins vegar ekki alveg hætt þar sem einkafyrirtæki hefur verið fengið til að leita fólks ef tilkynningar um lík berast yfirvöldum.

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Lögbannið ógnun við blaðamennsku

Alþjóðasamtök blaðamanna sendu í gær frá sér viðvörun til íslenskra yfirvalda. Telja þau lögbann og innrás á ritstjórn Fréttablaðsins ógna blaðamennsku og vera tilraun til að stöðva umfjöllun um mikilvægt þjóðfélagslegt mál.

LÖGBANN Alþjóðasamtök blaðamanna, IFJ, vöruðu í gær íslensk stjórnvöld við því að með því að setja lögbann á birtingu frétta í Fréttablaðinu og ráðast inn á ritstjórnarskrifstofu geti frelsi fjölmiðla á Íslandi verið stefnt í hættu.

Formaður samtakanna, Aidan White, segir að yfirvöld séu á hálli braut með því að hafa afskipti af fréttastofu. „Af þessari aðgerð má ætla að verið sé að ógna blaðamönnum og gera tilraun til þess að koma í veg fyrir umfjöllun um mikilvægt þjóðfélagslegt málefni en það getur stofnað frelsi fjölmiðlanna í hættu," segir White.

Í yfirlýsingu sem samtökin sendu frá sér í gær er skýrt frá helstu málavöxtum og sagt frá innrás fulltrúa sýslumanns á ritstjórnarskrifstofu Fréttablaðsins sem krafðist þess að fréttaritstjóri léti af höndum gögn í málinu. Þá er sagt frá málarekstrinum á hendur Baugi og því sem fram kom í nýlegri umfjöllun Fréttablaðsins um aðdraganda málsins.

AIDAN WHITE

„Þetta er mjög flókið mál sem krefst mjög faglegrar blaðamennsku," segir White. „Afskipti yfirvalda hjálpa ekki til. Blaðamenn verða að geta skrifað fréttir í friði," segir hann.

Spurður hvort hann viti um fordæmi fyrir aðgerðum sem þessum af hálfu yfirvalda í hinum Vestræna heimi segir White: „Þetta er mjög óalgengt í allri Vestur-Evrópu en kemur samt fyrir. Þetta er algengast þegar um er að ræða mál er varða öryggismál eða þegar verið er að fjalla um mál sem tengjast stjórnvöldum, eins og hér er um að ræða," segir White. Hann segir að samtökin líti á þetta atvik sem örvæntingu yfirvalda vegna þess sem blaðamenn eru að fjalla um. „Yfirvöld hafa fullan rétt á því að vera ósátt við það sem blaðamenn eru að skrifa um, en leiðin til að koma því á framfæri er að ræða málin. Það sem þau eiga ekki er að gera er að nota þessa tegund ógnunar, að ráðast inn á ristjórnarskrifstofur, sem leiðir ekki til bættra samskipta milli blaðamanna og yfirvalda, heldur þvert á móti," segir White.

FULLTRÚAR SÝSLUMANNS GERA GÖGN UPPTÆK Á SKRIFSTOFU FRÉTTARITSTJÓRA FRÉTTABLAÐSINS Formaður Alþjóðasamtaka blaðamanna, Aidan White, varar við því að með innrás á ritstjórnarskrifstofu fjölmiðils geti frelsi fjölmiðla verið stefnt í hættu.

Spurður hvort aðgerðir yfirvalda á föstudag hafi beinlínis stefnt í hættu segir hann að hann vilji vera varkár í að dæma um það. „Ég er ekki viss um að frelsi fjölmiðla á Íslandi sé í raun í hættu eftir þetta vegna þess hve íslenskt lýðræði er rótgróið. Við viljum fyrst og fremst vara við hættunni sem getur skapast við svona aðgerðir yfirvalda og vara við þeim," segir White.

Hann segir að samtökin hafi gefið út yfirlýsingu sína til þess að vekja athygli íslenskra yfirvalda á sjónarmiði þeirra hvað varðar þetta mál.

„Mér finnst það nú til marks um frelsi fjölmiðlanna á Íslandi að fjölmiðill sem er í eigu Baugs geti fjallað um jafn viðkvæmt mál og hér er um að ræða og varðar eigendurna sjálfa," segir White.

Að sögn White verður lögbannið á Fréttablaðið tekið fyrir á stjórnarfundi Evrópusamtaka blaðamanna sem haldinn verður í Berlín á laugardag og sunnudag. „Við erum reiðubúin að bregðast frekar við þessu atviki ef Blaðamannafélag Íslands óskar eftir frekari aðstoð okkar í þessu máli," segir White.

sda@frettabladid.is

ANTONOV-225 Stærsta flugvél heims við komuna til keflavíkur. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Antonov-225 í Keflavík:

Stærst í heimi

FLUG Stærsta flugvél í heimi hafði viðdvöl á Keflavíkurflugvelli síðastliðinn sólarhring. Vélin er rússnesk af gerðinni Antonov-225. Að sögn Trausta Tómassonar hjá Flugmálastjórn er vélin sú eina sinnar tegundar í veröldinni. Henni var fyrst flogið árið 1988 en var lagt aftur árið 1994 eftir að hætt var við Buran-geimferðaáætlunina.

Heildarflugtaksþyngd vélarinnar er 600 tonn, hún er 84 metra löng og vænghafið er rúmir 88 metrar. Til marks um stærð vélarinnar má benda á að hægt er að koma skrokki á Boeing-737 farþegaflugvél inn í lestina á Antonov-225. - saj

Innbrot í Tæknival:

Stal þremur fartölvum

LÖGREGLA Brotist var inn í verslun Tæknivals um fimmleytið aðfaranótt þriðjudags og þremur fartölvum stolið. Þjófurinn braut rúðu verslunarinnar og komst þannig inn. Að sögn Ragnars Ingvarssonar verslunarstjóra hefur lögreglan nú fengið myndbandsupptökur af innbrotinu, sem tók rétt um 15 sekúntur. Að sögn Ragnars þekkist þjófurinn illa af myndunum en hann var með húfu. Lögreglan rannsakar nú málið.

Þetta er annað innbrotið á jafnmörgum dögum sem gert er með þessum hætti í Reykjavík. - jse

Námskeið fyrir millistjórnendur:

Verkstjórnarnámskeið

Námskeiðið er ætlað öllum verkstjórnendum eða þeim sem hafa áhuga á þannig starfi.

Markmiðið er að þjálfa millistjórnendur sem geta tekið á málum sem varða hagsmuni fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Almenn samskipti
- Samningatækni
- Hvatning og starfsánægja
- Áætlanagerð
- Valdframsal
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals *100 stundir* og skiptist í tvo hluta. Næsta námskeið hefst *10. október*.

Nánari upplýsingar og skráning í *síma 570 7100* og á vefsíðu okkar *www.iti.is*

Iðntæknistofnun

Listaverk á útvegg sjúkrahússins í Neskaupstað:

Höndin hans Tryggva í hættu

LIST Vegna framkvæmda við endurbætur og stækkun Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað þarf líklega að fjarlægja eina af þremur höndum sem tilheyra listaverki Tryggva Ólafssonar á norðurhlið sjúkrahússins.

Magni Kristjánsson, bæjarfulltrúi og hvatamaður að stofnun Málverkasafns Tryggva Ólafssonar í Neskaupstað, tók málið upp á fundi bæjarráðs Fjarðabyggðar síðastliðinn mánudag: „Listaverkið samanstendur af þremur höndum og ófært að fækka þeim þó breytingar standi yfir á sjúkrahúsinu."

Verkið er hvorki málað né múrað á vegginn heldur unnið inn í útvegginn með sérstakri tækni sem Tryggvi nam af dönskum listamanni og eykur veðrunarþol myndverka utanhúss. Fyrir vikið er ekki hlaupið að því að færa listaverkið en hendurnar hans Tryggva hafa prýtt sjúkrahúsið í rúma tvo áratugi og staðist austfirska veðráttu með sóma.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN

FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Hendurnar hans Tryggva Ólafssonar hafa vakið verðskuldaða athygli ferðafólks í Neskaupstað en nú er önnur tveggja hægri handanna í hættu.

„Líklega þarf að saga steypuna sem höndin hvílir á úr veggnum í heilu lagi en mikilvægt er að sú framkvæmd verði í sátt og með samþykki Tryggva," segir Magni. - kk

Allt þetta á aðeins:

10 kr stk.

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 04.10.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	61,49	61,79
Sterlingspund	GBP	108,02	108,54
Evra	EUR	73,27	73,69
Dönsk króna	DKK	9,817	9,875
Norsk króna	NOK	9,3	9,354
Sænsk króna	SEK	7,857	7,903
Japanskt jen	JPY	0,5376	0,5408
SDR	XDR	88,59	89,11

Gengisvísitala krónunnar
103,329

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ólöglegt verðsamráð olíufélaganna:

Hillir undir lok rannsóknar

OLÍUFÉLÖGIN „Ég er að gera mér þá hugmynd að nú hilli undir lokin á þessari rannsókn," segir Jón H. B. Snorrason, saksóknari hjá embætti Ríkislögreglustjóra. Jón segir að of snemmt sé að fullyrða um hvert framhald málsins verði. „Þegar rannsókn lýkur verður að meta hvort tilefni er til ákæru og um það er ekkert hægt að segja," bætir Jón við.

Lögreglurannsókn hefur nú staðið yfir í um tvö ár og hefur hún bæði beinst að brotum olíufélaganna og einstaklinga sem taldir eru hafa skipulagt verðsamráðið.Á sama tíma er yfirvofandi málarekstur á hendur olíufélögunum þar sem meðal annars Reykjavíkurborg hefur farið fram á 150 milljónir króna í skaðabætur.

Í júní á þessu ári ákvað Samkeppnisráð að veita félögunum þremur, Esso, Olís og Skeljungi, heimild til þess að reka sameiginlega afgreiðslustöð á Keflavíkurflugvelli. Samkeppnisráð hafði áður beint þeim tilmælum til olíufélaganna að þau skyldi leggja af samvinnu í tengslum við eldsneytissölu á flugvellinum. - saj

JÓN H. B. SNORRASON Saksóknari RLS segir rannsókninni um það bil lokið.

Víkingasveitin fær meira fé:

Fleiri menn og betri búnaður

FJÁRLÖG Víkingasveit Ríkislögreglustjóra fær 112 milljónum króna hærri fjárveitingu á næsta ári en hún fékk í ár.

Mest fé fer í að fjölga sérsveitarmönnum um níu í Reykjavík og um sex í Keflavík auk þess sem ný bifreið verður keypt fyrir sveitina. Þá fara fimmtán milljónir í að breyta skipulagi lögreglunnar á Akureyri svo fjórir sérsveitarmenn verði þar í fullu starfi og almennum lögreglumönnum fjölgi um fjóra.

Fjórtán milljónir eru svo eyrnamerktar vopnakaupum og kaupum á öðrum búnaði fyrir víkingasveitina. ■

ALLT Á FLOTI Miklar skemmdir hafa orðið í flóðunum, auk manntjónsins. MYND/AP

Aurskriður í El Salvador:

Á fjórða tug manna látnir

SAN SALVADOR, AP Tony Saca, forseti El Salvador, lýsti yfir neyðarástandi í landinu í fyrradag eftir að 31 maður fórst þar í aurskriðum.

Mikil úrkoma hefur verið í landinu síðustu daga og hefur vatnsaginn komið af stað mannskæðum aurskriðum.

Yfir 300 sveitarfélög hafa orðið fyrir barðinu á flóðum og skriðuföllum og er mannfall af þeirra völdum á fjórða tuginn. Alls hefur þurft að rýma 8.500 heimili.

Ástandið er verst í miðhluta landsins en þar fórust yfir 800 manns í skriðuföllum árið 2001 í kjölfar jarðskjálfta. ■

BANDARÍKIN

REYNDU AÐ RÆNA FJÖLSKYLDU Lögregla í Pennsylvaníu leitar nú tveggja manna sem gerðu tilraun til að nema heila fjölskyldu á brott frá heimili sínu. Ræningjunum áttust í góða stund við húsmóðurina og heimilisföðurinn en tókst svo að komast á brott með son þeirra. Hann létu þeir hins vegar lausan skömmu síðar og því grunar lögregluna að ráðist hafi verið í misgripum.

KENNARI Í FÍKNIEFNUM Félagsfræðikennari í Maryland hefur verið handtekinn eftir að hálft kíló af amfetamíni fannst á heimili hans, auk hálfs lítra af smjörsýru. Samkennurum mannsins kom handtakan mjög á óvart enda töldu þeir hann elska starf sitt. Ekki er talið að hann hafi látið nemendum sínum fíkniefni í té.

Bensínstyrkur niðurfelldur í frumvarpi

Í nýju fjárlagafrumvarpi er lagt til að spara 720 milljónir með því að fella niður bensínstyrk til öryrkja. Formaður Sjálfsbjargar segir eina ferðina enn verið að draga úr greiðslu til þeirra fatlaðra sem eru á vinnumarkaði.

FJÁRLÖG „Það eru tvær lagabreytingar til sparnaðar í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar," segir Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar. „Önnur er áframhaldandi skerðing á vaxabótum. Hin er afnám bensínstyrks til hreyfihamlaðra."

Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að spara 720 milljónir með því að afnema styrk vegna reksturs bifreiða. Um 400 milljónum af því verður varið til að hækka tekjutryggingarauka. Einnig verður auknum fjármunum veitt í endurhæfingu öryrkja.

„Það er að verða mjög sérkennilegt hvernig ríkisstjórnin beinir sínum litlu aðhaldsaðgerðum alltaf að sama hópnum. En sú breyting á hugarfari sem þetta lýsir er ekki síður áhyggjuefni, því að styrkir til bifreiðakaupa og bensínstyrkir voru í upphafi hugsaðir sem stuðningur við fatlaða til að komast í atvinnulífið og komast í lífið."

Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar, segir að með þessu sé eina ferðina enn verið að draga úr greiðslu til þeirra fatlaðra sem eru á vinnumarkaðnum. Þar vísar hann til þess að bílakaupastyrkur hafi í raun verið minnkaður árið 2004 með því að lengja þann tíma sem öryrkja þurfi að eiga bifreiðar. Þá hafi heilbrigðisráðherra breytt reglum um sjúkraþjálfun þannig að þeir öryrkjar sem hafi tekjur þurfi að greiða aukinn hluta af kostnaði við sjúkraþjálfun.

„Bensínstyrkur er í mörgum tilfellum eini styrkurinn sem fatlaðir á vinnumarkaði hafa fengið," segir Ragnar. „Síðan er hluti af þessum peningum settur í tekjutryggingaauka, sem þeir fá greitt sem eru ekki í neinni vinnu."

RAGNAR GUNNAR ÞÓRHALLSSON Formaður Sjálfsbjargar segir skerðingu bensínstyrks til öryrkja borga fyrir hækkun á tekjutryggingaauka þeirra.

Með þessu, segir Ragnar, er verið að draga úr hvatanum til að öryrkjar fari á vinnumarkað.

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra segir þetta vera kerfisbreytingu. „Við leggjum niður bensínstyrkinn sem kemur ekki nema sumum til góða." Á móti komi tekjutryggingarauki og aukin útgjöld vegna endurhæfingar sem sé mun almennari styrkur.

„Fyrsta umræða um fjárlagafrumvarpið verður á fimmtudag og þá mun ég gera grein fyrir afstöðu okkar í þessu máli," segir Jón. „Í framhaldinu verður kallað eftir áliti, eins og venjan er til, við aðila sem málið varðar."

svanborg@frettabladid.is

Rannsókn lögreglu:

Brennuvargs enn leitað

LÖGREGLA Lögregla rannsakar enn tilurð nokkurra bruna sem urðu í Reykjavík fyrstu helgina í september.

Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir ekkert að frétta af rannsókn málsins enn sem komið er.

Maður var handtekinn í miðbæ Reykjavíkur þessa helgi eftir að kveikt var í nálægt skemmtistaðnum Pravda í Lækjargötu. Sá var dauðadrukkinn og grunaður um að hafa kveikt eldinn.

Ómar Smári segir að maðurinn hafi verið yfirheyrður daginn eftir og síðan sleppt. Hann vill ekki segja til um hvort maðurinn hafi verið hreinsaður af íkveikjunni eða hvort verið geti að sami maður, eða menn, hafi kveikt í á öllum stöðum þessa helgi. - óká

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Synjanir felldar úr gildi

DÓMSMÁL Felld hefur verið úr gildi ákvörðun Útlendingastofnunar um að synja tveimur erlendum karlmönnum um dvalarleyfi hér.

Dómsmálaráðuneytið, sem áður staðfesti synjunina, hefur nú sagt stofnuninni að endurskoða ákvörðun sína.

Mennirnir eru giftir íslenskum konum, en var vísað úr landi fyrr á árinu á grundvelli svokallaðarar 24 ára reglu, sem sögð er til varnar nauðungarhjónaböndum og bannað að koma aftur í þrjú ár. Kona annars mannsins hefur flust út til hans og hin dvelur meira eða minna erlendis, segir Hilmar Magnússon, lögmaður mannanna.

Mennirnir eru frá Úkraníu og Jórdaníu og varð annar 24 ára í sumar en hinn verður það í haust.

Næst segist Hilmar ætla að fá brottvikningarúrskurðinn ógiltan. - smk

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

MILLI LÆGÐA
Í dag fáum við smá hvíld frá lægðunum. Erum reyndar á milli tveggja. Það þýðir breytilegar vindáttir og fremur þungbúið. Það verður hægur vindur með lítilsháttar súld við norður- og austurströndina annars yfirleitt þurt. Rofar til nyrðra í kvöld samfara vaxandi suðlægri átt, fyrst suðvestan til. Hlýnar á morgun.

HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG
Hæg breytileg átt í fyrstu og skýjað að mestu. Snýst smá saman í suðaustlæga átt með vaxandi vindi. Fer að rigna í kvöld eða nótt. Hiti 3-6 stig í dag en 5-10 stig á morgun.

um hádegi »



» á morgun



Suðlæg átt. Nokkur vindur í fyrstu en lægir síðdegis.

» föstudagur



Fremur hæg suðlæg eða breytileg átt.

Kaupmannahöfn	16°C heiðskírt	París	18°C alskýjað	Alicante	24°C hálfskýjað
Osló	16°C léttskýjað	Berlín	20°C hálfskýjað	Milano	19°C hálfskýjað
Stokkhólmur	17°C skýjað	Frankfurt	19°C alskýjað	New York	24°C léttskýjað
Helsinki	16°C léttskýjað	Madrid	24°C heiðskírt	San Francisco	23°C heiðskírt
London	18°C léttskýjað	Barcelona	20°C hálfskýjað	Orlando/Florida	31°C þrumuveður

* Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

„Við hlökkum til að fá hann heim.“

Hörður sonur okkar er í uppsetningarsveit Hive. Hann heimsækir fólk sem hefur verið lokað inni árum saman með mjög takmarkaða tengingu og frelsar það með margfalt meiri hraða og niðurhali á aðeins 3.990 kr. á mánuði. Þó svo að frelsisbaráttan sem hófst fyrir nokkrum mánuðum sé langt komin eru enn margir sem bíða þess að losna. Vonandi verður það sem fyrst svo við sjáum Hörð um jólin. Þangað til viljum við að hann viti hvað við erum stolt af honum.

GOTT FÓLK McCANN

3.990*

HiveLite

Þráðlaust internet
4 GB niðurhal
8 Mb tenging
Hive netsími

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu, ódýrari símtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is

Hive

*M.v. 12 mánaða samning.

KJÖRKASSINN

Á að fækka ráðuneytum?

Já	88%
Nei	12%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að fækka alþingismönnum?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Formaður Vinstri grænna segir ríkisstjórnina hundsa viðvaranir Seðlabankans:

Útflutningsgreinar í rúst

STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, gagnrýndi stefnuræðu Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra harðlega og sagði að ekki örlaði á því að ríkisstjórnin tæki aðvaranir Seðlabankans og annarra sérfræðinga alvarlega. Ríkisstjórnin væri að því leyti í fullkominni afneitun.

Steingrímur spurði hverju það sætti að forsætisráðherra ræddi ekki einu orði vaxtahækkun Seðlabankans í lok ágústmánaðar og það sem Steingrímur kvað vera neyðarkall bankans um aðstoð við stjórn efnahagsmála. Steingrímur undraðist jafnframt að Halldór hefði varla nefnt erfiðleika útflutningsgreinanna í stefnuræðunni og taldi ómögulegt að álykta á annan veg en þann að forsætisráðherranum og ríkisstjórn hans kæmu efnahagsmálin ekki við.

Steingrímur beindi orðum sínum einnig að samstarfsflokki Framsóknarmanna, Sjálfstæðisflokknum, og spurði hvort hann ætlaði að láta nýjan leiðtoga sinn, Halldór Ásgrímsson, leiða sig í gegnum brunarústir íslenskra útflutningsatvinnuvega allt til enda. - jh

ALÞINGI Steingrímur J Sigfússon furðaði sig á því að forsætisráðherra ræddi ekki einu orði vaxtahækkun Seðlabankans.

Frjálslyndi flokkurinn:

Biðlar til umboðsmanns

ALÞINGI Margrét Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins, hefur farið þess á leit við umboðsmann Alþingis að hann svari því hvort brotthvarf Gunnars Arnar Örlygssonar úr flokknum í Sjálfstæðisflokksinn hafi verið svik við kjósendur.

Margrét segir erindið fyrst og fremst snúast um fulltrúalýðræði, sem sé við lýði á Íslandi, en ekki einstaklingsframboð. Að hennar mati hafi þingsætið aldrei verið þingmannsins heldur flokksins. Henni finnist framkoma Gunnars gefa tilefni til þess að málið verði skoðað í stjórnarskrárnefnd.

GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON Guðjón undir stefnuræðu forsætisráðherra í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Rannsóknir og nýsköpun geta hindrað samdrátt

Að öðru óbreyttu tekur að hægja á umsvifum í efnahagslífinu árið 2007, sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í stefnuræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi. Hann vill efla frumkvöðlastarfsemi og rannsóknir til þess að mæta mögulegum samdrætti.

STJÓRNMÁL Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði í upphafi stefnuræðu sinnar á Alþingi í gærkvöldi að ný lífskjarakönnun Sameinuðu þjóðanna sýndi að Ísland væri næstbesta landið í heiminum að búa í. Fyrir áratug hefði staðan verið önnur. Hagvöxtur væri meiri hér en í nálægum löndum og atvinnuleysi hvergi minna. Kaupmáttur heimilanna hefði einnig aukist meira en í nokkru nálægu landi.

Þá stæði fyrir dyrum tugmilljarða uppgreiðsla erlendra skulda ríkissjóðs með söluandvirði Símans. „Í þessu ljósi sætir nokkurri furðu gagnrýni um að aðhald ríkisfjármála hafi ekki verið nægilega mikið. Það liggur fyrir að frá árinu 2003 hefur aðhaldsstig ríkisfjármála aukist meira hér en í nokkru öðru OECD-ríki."

Halldór gat í lok ræðu sinnar um það að útlit væri fyrir að verulega hægði á umsvifum við lok næsta árs. Við því yrði brugðist með stórauknum framlögum til rannsóknar- og frumkvöðlastarfsemi, meðal annars af söluandvirði Símans.

Í stefnuræðunni boðaði Halldór ný rammalög um háskóla. „Markmið þeirra er að tryggja að gæði háskólamenntunar hér séu á heimsmælikvarða og prófgráður njóti fullrar viðurkenningar. Jafnframt er ætlunin að jafna stöðu ríkisrekinna háskóla og þeirra sem reknir eru af öðrum."

Halldór ræddi stöðu fjölskyldunnar og sagði að verið væri að kanna hvernig bæta mætti réttindi foreldra með börn á aldrinum níu til átján mánaða. Slíkar fjölskyldur yrðu að brúa bilið frá lokum fæðingarorlofs þar til börnin næðu leikskólaaldri.

Þingsályktunartillaga verður lögð fram af hálfu ríkisstjórnarinnar um búsetuskilyrði á landsbyggðinni fram til ársins 2009. Að sögn forsætisráðherra fjallar hún um eflingu landshlutakjarna, aðlögun byggðarlaga að breytingum á atvinnuháttum og stuðning stjórnvalda við atvinnulíf, menntun, menningu og félagslegt jafnræði á landsbyggðinni.

Forsætisráðherra gerði endurskoðun stjórnarskrárinnar að umtalsefni og sagði að uppi væru óskir um að fulltrúalýðræðið yrði endurnýjað þannig að almenningur fengi færi á að taka virkan þátt í ákvarðanatöku um sameiginleg málefni, „ekki einungis í þingkosningum á fjögurra ára fresti heldur einnig þess á milli, til dæmis í þjóðaratkvæðagreiðslum."

Þótt íslensk stjórnsýsla væri talin mjög skilvirk sagði Halldór að huga þyrfti að því að gera löggjöf eins skýra og einfalda og kostur væri. Af því tilefni hefði ríkisstjórnin ákveðið að hrinda af stað sérstöku átaki undir heitinu „Einfaldara Ísland". Ráð væri fyrir því gert að hvert ráðuneyti færi yfir lög og reglur, sem undir það heyra, með það fyrir augum að einfalda regluverkið og draga úr skriffinnsku.

johannh@frettabladid.is



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA Halldór sagði að ný lífskjarakönnun Sameinuðu þjóðanna sýndi að Ísland væri næstbesta landið í heiminum að búa í.

Guðjón A. Kristjánsson:

Innmúraðir samráðsbræður

STJÓRNMÁL Guðjón A. Kristjánsson þingmaður Frjálslynda flokksins sagði að svokölluð Baugsmál vektu athygli á þeirri staðreynd að hér á landi virstust vera sérstakar innvígðar klíkur. Klíkur sem með sérstöku samráði væri ætlað að leggja línur um málsmeðferð. „Menn verða innmúraðir í trúnaðinum við sinn flokk eftir að hafa undirbúið rétta leið í málsmeðferðinni - innan gæsalappa - og fengið vitneskju um að aðförin væri með fullum vilja forystumanna. Þjóðin fær varla trúað að svona neðanjarðarspilling sé til staðar. Og þannig er því einnig farið með þingmenn og miðstjórn Frjálslynda flokksins sem ræddi þessi mál og önnur á fundi í síðustu viku. Við eigum sem betur fer ekki aðkomu í klíkuskapinn, í tölvupóstum eða matarboðum."

- JH

Gullsmiður óskast

Umsókn sendist á timo@siggaogtimo.is

Sigga & Timo

GULLSMÍÐI

STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Formaður Samfylkingarinnar segir lúna landsfeður vilja halda jól allt árið:

Ójöfnuðurinn er helsta ógnin

STJÓRNMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði á Alþingi í gærkvöldi að smæð íslensks samfélags og návígi væri höfuðorsök fyrir þröngsýni og sundurlyndisfjanda. Landsmenn hefðu orðið vitni að ófriði oftar en góðu hófi gegndi undanfarin þrjú ár. Hún nefndi Íraksstríðið, eftirlaunamálið, skipan hæstaréttardómara, fréttastjóramálið, fjölmmiðlamálið, olíusamráðið og Baugsmálin og sagði þau hafa alið á óvild og tortryggni sem gegnumsýrði og veikti allar helstu stofnanir samfélagsins.

Ingibjörg gagnrýndi stefnuræðu forsætisráðherra og fullyrti að vaxandi ójöfnuður í íslensku samfélagi væri stærsta ógnunin við stöðugleikann. Hún spurði hvort það væri til marks um stöðugleika að sú kynslóð sem væri að hefja búskap sinn nú byrjaði með þyngri skuldabagga en nokkur önnur kynslóð á undan henni. Öll met hefðu verið slegin í skuldasöfnun sem legðist þyngst á heimilin og ungt fólk. „Ríkisstjórnin skilur ekki nýja hagkerfið eða nýja atvinnulífið. Klisjan um að viðhalda stöðugleika án þess að henni sé fylgt eftir með aðgerðum er orðin helsti fjötur fagmennsku og framsækni í íslensku atvinnulífi." - jh

ALÞINGI Helgi Hjörvar og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir á Alþingi.

Við styðjum Gísla Martein til forystu í Reykjavík

Ari Edwald
FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Gísli Marteinn er forystumaður til framtíðar. Reykvíkingar þurfa slíkan mann til að hrinda nýjum áherslum í framkvæmd á komandi árum.

Ásgeir Bolli Kristinsson
KAUPMAÐUR

Gísli Marteinn er maður sem ég treysti.

Birgir Ármannsson
ALÞINGISMAÐUR

Gísli Marteinn er glæsilegur fulltrúi nýrrar kynslóðar og ég styð hann heilshugar til að leiða lista Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórnarkosningunum í vor.

Brynjólfur Bjarnason
FORSTJÓRI SÍMANS

Kosningarnar í borginni í vor snúast um framtíðina. Gísli Marteinn er framúrskarandi fulltrúi nýrra tíma, og það er mín trú að Sjálfstæðisflokkurinn þurfi að gefa ungu fólki tækifæri, ætli hann sér sigur í vor.

Dagný Lárusdóttir
FRAMKVÆMDASTJÓRI SVS

Ég kynntist Gísla Marteini fyrir meira en áratug og frá okkar fyrstu kynnum hef ég vitað að þar færi maður með gott pólitískt nef og ótvíræða hæfileika til að vinna með fólki. Reykvíkingar fá góðan mann í Gísla Marteini.

Hörður Sigurgestsson
FYRRV. FORSTJÓRI EIMSKIPS

Það er hvarvetna að verða endurnýjun í íslensku þjóðfélagi. Nýi tíminn er að taka við. Mér finnst að Gísli Marteinn eigi að leiða borgina inní nýja og spennandi tíma.

Jónas H. Haralz
FYRRV. BANKASTJÓRI

Ég tel Gísla Martein hafa þekkingu og skilning á málefnum Reykjavíkurborgar og hæfileika til forystu um farsæla þróun borgarinnar á komandi árum.

Ólafur B. Thors
FYRRV. FORSETI BORGARSTJÓRNAR

Til að ná árangri í Reykjavík í vor þarf Sjálfstæðisflokkurinn að höfða til sem flestra borgarbúa. Ég vil gefa forystufólki nýrrar kynslóðar tækifæri til þess. Þess vegna styð ég Gísla Martein.

Ragnar Tómasson
LÖGFRÆÐINGUR

Gísli Marteinn er himnasending fyrir íslensk stjórnmál. Hann er einstaklega jákvæður, hugmyndaríkur og drífandi. Hann er fæddur foringi og það er gott að eldast með hann í brúnni.

Þorkell Sigurlaugsson
FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞRÓUNARSVIÐS HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Reykjavík þarf nýja framtíðarsýn. Ég treysti Gísla Marteini til að stýra borginni inn í framtíðina.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson
FYRRV. FORSETI SAMEINAÐS ÞINGS

Borgarstjórar Sjálfstæðisflokksins hafa flestir verið ungir að árum þegar þeir hafa tekið við stjórn borgarinnar. Það hefur reynst flokknum vel að treysta ungum leiðtogum. Ég treysti Gísla Marteini.

Þuríður Pálsdóttir
SÖNGKONA

Gísli Marteinn er verðugur fulltrúi sinnar kynslóðar sem frambjóðandi til borgarstjórnar Reykjavíkur. Ég styð hann heilshugar í 1. sætið á listanum og veit að hann mun verða farsæll og vinna af heilindum, öllum Reykvíkingum til hagsbóta.

Árni Sigfússon
BÆJARSTJÓRI Í REYKJANESBÆ

Gísli Marteinn hóf afskipti sín af borgarmálum með því að leiða prófkjörsvinnu fyrir mig ásamt fleirum, í prófkjöri fyrir borgarstjórnarkosningarnar 1994. Ég þekki því vel til hæfileika Gísla Marteins, heilinda hans og eiginleika til að ná því besta fram í fólki. Ég tel tímabært að ungt fólk með leiðtogahæfileika, góða reynslu og ferskar hugmyndir leiði borgina inní framtíðina.

Bjarni Benediktsson
ALÞINGISMAÐUR

Reykjavík þarf á traustri forystu til framtíðar að halda. Ég styð Gísla Martein í 1. sætið.

Camilla Ósk Hákonardóttir
FORMAÐUR HVATAR

Gísli Marteinn er maður með nýja og ferska sýn á borgarmálin. Ég treysti á að hann framfylgi þeirri sýn, Reykvíkingum til heilla.

Elsa B. Valsdóttir
LÆKNIR OG FYRRV. FORMAÐUR HEIMDALLAR

Gísli Marteinn er sá frambjóðandi sem getur tryggt Sjálfstæðisflokknum sigur í komandi borgarstjórnarkosningum.

Jóhann J. Ólafsson
STÓRKAUPMAÐUR

Ég styð Gísla Martein. Þá verða skipulagsmál Reykjavíkur tekin föstum tökum.

Lárus Jónsson
FYRRV. ALÞINGISMAÐUR OG BANKASTJÓRI

Styðjum ungan og efnilegan mann til að bæta borgina.

Orri Hauksson
FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞRÓUNARSVIÐS SÍMANS

Gísli er ólseigur og gefst aldrei upp. Ég hlakka til að búa í Reykjavík undir hans stjórn.

Sigurbjörn Magnússon
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Ég tel að forysta Gísla Marteins fyrir Sjálfstæðisflokkinn sé vænleg til að koma á breytingum á meirihlutanum í borgarstjórn. Með Gísla Marteini kemur frjálsræðisblær nýrrar kynslóðar. Hann hefur frumkvæði, ferskleika og léttleika sem mjög hefur vantað í stjórn borgarinnar. Ég held að Gísli verði góður borgarstjóri.

FYRIR FRAMTÍÐINA
GÍSLA MARTEIN Í 1. SÆTIÐ

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í REYKJAVÍK FER FRAM DAGANA 4. OG 5. NÓVEMBER

DV
GJALDKERI FÉLAGS FASTEIGNASALA
Seldi ósam-
þykkta
íbúð sem
samþykkta
SEKUR
Dæmdur til að greiða
1,3 milljónir í bætur
Þorir þegar aðrir þegja!

Félagsmálaráðherra um sameiningu sveitarfélaga:

Vill lög sem útiloka kosningar

STJÓRNMÁL Árni Magnússon félagsmálaráðherra vill að lágmarksfjöldi íbúa í sveitarfélagi verði hækkaður en hann segir þó ekki rétt að breyta sveitarstjórnarlögum í þá veruna fyrr en í fyrsta lagi eftir næstu alþingiskosningar. Að hans mati er það úr takti við íslenskar aðstæður að sveitarfélag geti haft einungis fimmtíu íbúa en hann vill heldur ekki ganga jafn langt og Danir og setja lágmarkið við tuttugu þúsund. „Æskilegt lágmark liggur einhvers staðar þarna á milli," segir Árni.

Félagsmálaráðherra var gestur á málþingi um sameiningu sveitarfélaga við Eyjafjörð sem haldið var á Akureyri síðastliðinn mánudag. Í máli ráðherra kom fram að hugsanlega verði sameiningarkosningarnar á laugardaginn þær síðustu þar sem almenningi gefst kostur á að kjósa um sameiningu en þess í stað verði sameiningar knúnar fram með lagasetningu. „Ég er sannfærður um að umræða um að breyta lögunum muni koma upp í kjölfar kosninganna en sjálfur er ég þeirrar skoðunar að það væri óskynsamlegt að vaða í það strax að loknu þessu átaki," sagði Árni.

- kk

ÁRNI MAGNÚSSON Félagsmálaráðherra telur að hækka þurfi lágmarksfjölda íbúa í sveitarfélögum.

MYND/AP

ÁFANGA FAGNAÐ Olli Rehn og Jack Straw, fulltrúar ESB, og Abdullah Gül og Ali Babacan, fulltrúar Tyrklands, brosa framan í myndavélarnar á fundinum í Lúxemborg í fyrrinótt.

Engin trygging fyrir inngöngu Tyrklands

Þótt viðræður Tyrkja um aðild að ESB teljist nú formlega hafnar vara ráðamenn ESB við því að ekki sé þar með sagt að ferlið endi með inngöngu.

EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP Ráðamenn Evrópusambandsins vöruðu við því í gær að þótt sögulegum áfanga væri náð með hinum nýhöfnu aðildarviðræðum við Tyrki væri engin trygging fyrir því að þeim lyktaði með inngöngu Tyrklands í sambandið. Það yrði ekki síst undir því komið hvort ESB yrði sjálft búið að gera þær breytingar í eigin ranni sem nauðsynlegar væru til að það geti tekið inn í sínar raðir sjötíu milljón manna ríki með landamæri að löndum eins og Íran, Írak og Sýrlandi.

Þótt aðildarviðræðurnar hefðu formlega verið hafnar á fundi utanríkisráðherra ESB-ríkjanna 25 og Tyrklands í Lúxemborg í fyrrinótt er ekki gert ráð fyrir að eiginlegar viðræður hefjist fyrr en að ári eða svo. Nú tekur við matsferli þar sem samdar verða skýrslur um það að hve miklu leyti tyrknesk löggjöf og stjórnarhættir samræmast stöðlum Evrópusambandsins, þá verður skoðað í hvaða málaflokkum Tyrkir eru næst því að uppfylla aðildarkröfurnar. Alls er viðræðunum skipt niður í 35 málefnakafla. Í einhverjum þeirra kafla þar sem styst er í land verða fyrstu eiginlegu aðildarviðræðurnar hafnar. Á undanförnum árum hafa tyrknesk stjórnvöld lagt sig fram um að hrinda í framkvæmd umbótum sem dygðu til að uppfylla lágmarkskröfur til að hefja viðræður.

Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál ESB í framkvæmdastjórn sambandsins, sagði viðræðurnar geta tekið tíu til fimmtán ár. Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands sem gegnir ESB-formennskunni þetta misserið, sagði viðræðurnar munu krefjast „mikilla breytinga" bæði af hálfu Tyrklands og ESB. „Það verður tekist á um þetta mál um ókomin ár," sagði hann.

audunn@frettabladid.is

Tölvuþrjótar fara nýjar leiðir í glæpum sínum á netinu:

Fólk platað á vefsíðum

UPPLÝSINGATÆKNI Meinfýsnir hakkarar og aðrir tölvuþrjótar hafa skipt um baráttuaðferðir í baráttu sinni við vírusvarna- og önnur öryggisfyrirtæki.

Fréttavefur Breska ríkisútvarpsins greinir frá því að tæknilega sinnaðir glæpamenn hafi horfið frá því að nota vírusa sem sendir eru í tölvupósti, yfir í að nota vefsíður til að fanga fórnarlömb.

Þá er haft eftir öryggisfyrirtækjum á borð við Symantec og TrendMicro að tölvuþrjótar noti í auknum mæli njósnaforrit til að stelast í persónuleg gögn sem þeir geta ýmist selt eða notað sjálfir. Þannig er nú meira um falsforrit, sem látast vera eitthvað annað en þau eru, svo sem leikir eða öryggisviðbætur.

Á sama tíma hefur dregið úr umferð tölvuvírusa sem berast í tölvupósti. „Stöðug fjölgar þeim tilvikum þar sem meinkóði birtist í umferð á vefnum, í stað tölvupósts áður," segir Mark Sunner, yfirmaður tæknimála hjá MessageLabs.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SKJÁLFTAMÓT Í DIGRANESSKÓLA Í HAUST Unga kynslóðin er ófeimin við að nýta sér tölvutæknina, jafnt til skemmtunar sem gagns.

Hann nefnir sem dæmi að oft sé reynt að stela leyniorðum og innskráningarupplýsingum fólks á vefsíðum þar sem þrjótarnir sigla undir fölsku flaggi. Þá er fólk beðið um að fylla út í reiti þar, í stað þess að treysta á að það sendi til baka svikatölvupósta. Listar vírusvarnafyrirtækja yfir algengustu meinsemdir sem ógna tölvum fólks eru enn með tölvupóstorma á borð við Netsky og Mytob í efstu sætum, en þar hafa einnig bæst við í auknu mæli njósnaforrit af ýmsu tagi.

- óká

VERÐSPRENGJA FRÁ STUTTGART

Nokkrir nýir Mercedes Benz C-lína á alveg hreint hrikalega góðu verði.
Um er að ræða nýja og óskráða bíla beint frá Mercedes-lager í Stuttgart.

Allir með Elegance eða Avantgarde útfærslum, flestir með Xenon ljósum, leðurinnréttingu, glertopplúgu, rafdrifnum sætum og álfelgum.
Ábyrgð frá fyrsta skráningardegi til 2ja ára.

Mercedes-Benz

Þjónustuaðili
Mercedes Benz
á Íslandi
frá upphafi er
RÆSIR HF

MASTER

Glæsibæ
Álfheimum 74
104 Reykjavík
sími 540 2200
www.masterbill.is

Þeir eru komnir aftur

Fyrsta sending seldist upp samdægurs

Önnur sending af Mercedes C-línunni komin

Komdu...

Nóbelsverðlaunin í læknisfræði og eðlisfræði afhent:

Sýkti sjálfan sig af magasári

NÓBELSVERÐLAUN Vísindamenn á sviði ljósfræða hrepptu nóbelsverðlaunin í eðlisfræði sem afhent voru í gær. Í fyrradag fengu tveir Ástralir læknisfræðiverðlaunin fyrir að sýna fram á að bakteríur valda magasári.

Bandaríkjamennirnir John L. Hall og Roy J. Glauber deila nóbelsverðlaununum í eðlisfræði þetta árið með Þjóðverjanum Theodor W. Hänsch en á grundvelli uppgötvana þeirra á sviði ljósfræða er talið að hægt verði að stórbæta fjarskiptatækni, til dæmis ljósleiðaratækni.

Á mánudaginn fengu svo Ástralarnir Robin Warren og Barry Marshall nóbelsverðlaunin í læknisfræði en þeir sýndu fram á að bakteríur valda magasári. Áður var talið að sýrustig magans væri svo lágt að engar bakteríur gætu þar þrifist heldur stafaði magasár af streitu og óheilbrigðu líferni. Marshall innbyrti hins vegar bakteríur og fékk í kjölfarið magasár og önnur iðramein og með frekari rannsóknum gátu þeir félagar sannað að örverur yllu veikinni og hana væri hægt að lækna með lyfjum. Uppgötvunin er af mörgum talin ein sú merkasta í meinafræði á síðustu áratugum.

Verðlaunin í hvorri grein nema tíu milljónum sænskra króna, eða um 78 milljónum íslenskra króna, og skipta verðlaunahafarnir þeirri upphæð á milli sín. - shg

MYND/AP

VEL AÐ HEIÐRINUM KOMNIR Robin Warren og Barry Marshall höfðu í nógu að snúast á mánudaginn við að taka við árnaðaróskum.

ÓLJÓS SKILGREINING Ásta Möller segir almenningi ekki ljóst hvað felist í sjúkratryggingum og úr því þurfi að bæta.

Iðgjöld verði greidd fyrir sjúkratryggingar

Lagt verður til á landsfundi Sjálfstæðisflokks að gera það að stefnu flokksins að taka upp greiðslu iðgjalda fyrir sjúkratryggingar. Á móti komi lækkun skatta. Einnig þurfi að skilgreina betur hvað falið sé í sjúkratryggingu.

STJÓRNMÁL Í drögum að ályktunum um heilbrigðis- og tryggingamál sem lögð verða fram á landsfundi Sjálfstæðisflokks helgina 13.-16. október er lagt til að kerfi sjúkratrygginga verði breytt þannig að greidd verði sérstök iðgjöld. Þar kemur fram tillaga um breytingar þannig að ljóst sé að um „raunverulegt tryggingakerfi sé að ræða þar sem menn njóta tiltekinna, skilgreindra réttinda til heilbrigðisþjónustu sem þeir hafa greitt fyrir með sérstökum iðgjöldum“.

Ásta Möller, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segir að ekki sé verið að ræða hér um einkavæðingu sjúkratrygginga, enda komi fram í ályktuninni að almannatryggingar og almenn heilbrigðisþjónusta sé að mestu greidd úr sameiginlegum sjóðum. Skilgreina þurfi betur hvaða þættir heilbrigðisþjónustu felist í opinberri sjúkratryggingu. Í dag sé það ekki alveg ljóst og í sumum tilvikum þurfi fólk að reiða fram miklar fjárhæðir fyrir meðferð sem væri ókeypis ef fólk væri lagt inn á spítala. Fólk hafi því möguleika á að meta hvort það þurfi að tryggja sig frekar. Lagt er til að skattar lækki sem nemi iðgjöldum til sjúkratryggingga. „Framlög til heilbrigðismála eru þá eyrnamerkt. Þeir sem ekki borga tekjuskatt verði samt tryggðir í gegnum ríkið,“ segir Ásta. Hún segir að með þessu hafi fólk betri tilfinningu fyrir því sem það fái fyrir skattana sína í formi heilbrigðisþjónustu.

Enn fremur er lagt til að einkaaðilar taki við þeim slysatryggingum sem enn eru í höndum Tryggingastofnunar.

Ásta segir að þar sem slysatryggingar séu nú þegar að mestu leyti í höndum tryggingafélaganna, en að litlum hluta hjá almannatryggingum, sé eðlilegt að færa slysatryggingar alfarið til tryggingafélaga.

svanborg@frettabladid.is

Bilun í ljósleiðara í Garðabæ í gærmorgun:

Sambandslaust í Hafnarfirði

FJARSKIPTI Lögreglan í Hafnarfirði var símasambandslaus í rúman klukkutíma í gærmorgun og eins var símasamband stopult við lögregluna í Kópavogi. Bilun í tengiboxi fyrir ljósleiðarastreng sem staðsett er í Garðabæ gerði það að verkum að símasambandslaust var í nokkrum hverfum Hafnarfjarðar frá því rúmlega tíu til hálf tólf í gærmorgun. Einnig voru símatruflanir á ákvöðnum stöðum í Kópavogi og svo truflanir á farsímasambandi og gagnaflutningi á vissum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.

„Við höfðum mestar áhyggjur af því að fólk næði ekki sambandi við Neyðarlínuna ef á þyrfti á að halda svo við vorum að fara af stað með bíla frá slökkviliði, lögreglu og björgunarsveitun til skóla svo við værum ekki sambandslausir gagnvart því fólki en Síminn lagaði þetta áður en bílarnir fóru af stað,“ segir Birgir Finnsson, sviðsstjóri hjá Slökkviliðinu.

Vegna bilunarinnar urðu einnig bátar á Breiðarfirði og sunnanverðum Vestfjörðum sambandslausir við tilkynningarskylduna þar sem svokölluð STK-tæki þeirra báta duttu út.

Dagný Halldórsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri Neyðarlínunar, segi hinsvegar að varalínur Neyðarlínunar hafi tryggt það að allir hefðu náð sambandi við 112 þó þeir hafi verið á því svæði þar sem biluninar gætti. - jse

HAFNARFJÖRÐUR Símasambandslaust var í nokkrum hverfum Hafnarfjarðar í gærmorgun og var lögreglan meðal þeirra sambandslausu.

FordFocus

Núna Haust uppskera 100.000 í afslátt á meðan birgðir endast. Komdu í dag.

Veldu Foc

Nýtt tá gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestr
merki. Spennandi hönnun, aukin gæði og öru
usta Brimborgar er trúleg ástæða þess að For
á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. U
nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

Focus er betur búinn en Corolla

Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endu
aður Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla
hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa á
reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöð
lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust Co
saman við Focus. Og þú finnur að margur búna
lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðug
stýrikerfi,** TRACS spólvörn, öryggispúðagardín
liðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á
Spurðu um þjónustu Ford.

Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi

Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur
Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum
flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er
metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upph
hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða
verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins.

af gæðalista staðalbúnaðar:

ugleikastýrikerfi	Frjókornasía
pólvörn	Upphitanlegir hliðarspeglar
g	Rafstilltir hliðarspeglar
r hiti í framsætum	Vindskeið að aftan (3d og 5d)
ðar að framan	Fjarstýrð samlæsing
ðar í hliðum	Fjölstillanlegt stýri
ðagardínur	Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
kerfi	Fjarstýring fyrir hljómtæki
jöfnun	Aksturstölva og útihitamælir
rhemlun	

ð fá aukalega:

yrir síma	Raddstýring fyrir:
n beygjuljós	- hljómtæki
lofti og skjár	- síma
heyrnartól	- leiðsögukerfi
skahólfi	Aðfellanlegir speglar
	Hiti fyrir alla framrúðuna
	Sólarvörn í framrúðu
nljómtæki	Sportfjöðrun
	Sjálfvirkur „dimmer“ á baksýnisspegli
ortsæti	Hraðastillir
nannssæti	Rafdrifin sóllúga

Ford F us
1. sá
verð hátíðum
Ve

dingar velja Ford umfram önnur
di bílamerki (74,1% aukning 2004)
Ford meðal vinsælustu bílamerkja á
ndi. Endursalan staðfestir það einnig.
ertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

Tvabil

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Nýttu haustuppskeruna
Skoðaðu Ford Focus í bílaverslun Brimborgar

Focus Trend 3 dyra 1,6i 5 gíra*
Listaverð 1.790.000 kr.
Afsláttur -100.000 kr.
Uppskeruverð 1.690.000 kr.
Bílasamningur 17.580 kr.
Rekstrarleiga 32.085 kr.

Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra*
Listaverð 1.890.000 kr.
Afsláttur -100.000 kr.
Uppskeruverð 1.790.000 kr.
Bílasamningur 18.620 kr.
Rekstrarleiga 32.585 kr.

Focus Trend 4 dyra 1,6i 5 gíra*
Listaverð 1.940.000 kr.
Afsláttur -100.000 kr.
Uppskeruverð 1.840.000 kr.
Bílasamningur 19.140 kr.
Rekstrarleiga 33.455 kr.

Focus Trend Wagon 1,6i 5 gíra*
Listaverð 1.990.000 kr.
Afsláttur -100.000 kr.
Uppskeruverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 19.660 kr.
Rekstrarleiga 33.965 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita sölurádgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álfelgur.

5 Ford Mustang í nóvember

og 3 milljónir í skottinu á tvöfaldan miða

Dregið vikulega!

Einfaldur miði kostar aðeins 900 kr. á mánuði

Dregið fimmtudaginn 6. okt. n.k.
Síminn er 561 - 7757

HAPPDRÆTTI das

www.das.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN SÍA IS DAS 29737 10/2005

Dæmdur fyrir að svíkja undan virðisaukaskatti:

Greiðir 19,4 milljónir í sekt

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness dæmdi í fyrradag 56 ára gamlan mann í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og að greiða 19,4 milljónir í ríkissjóð fyrir að svíkja undan virðisaukaskatti frá árunum 1997 til 2001.

Maðurinn er rafvirki og rekur sitt eigið fyrirtæki. Hann var sakaður um að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti, tekjuskatti og útsvari sem nemur tæpum tíu milljónum króna á þessu fjögurra ára tímabili.

Maðurinn játaði sök og bar því við að mikil óreiða hefði verið á bókhaldi hans á þessum tíma og hann hefði glatað bókhaldsgögnum. Hann bar því þó við að við rannsókn málsins hefði láðst að taka tillit til alls kostnaðar og tók endurskoðandi hans undir það.

„Ákærði vanrækti af stórkostlegu hirðuleysi að færa lögboðið bókhald og varðveita bókhaldsgögn," segir dómsúrskurðurinn, og fyrir það er maðurinn dæmdur í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið til þriggja ára.

Auk þess verður hann lögum samkvæmt að greiða tvöfalda upphæð vanskilanna innan fjögurra vikna en sitja ella í fangelsi í níu mánuði. Þar að auki verður hann að greiða sakarkostnað verjanda síns, 400.000 krónur. - smk

HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS Rafvirki var í fyrradag dæmdur fyrir skattsvik.

Kúrdar og sjíar þvinga fram breytingar á kosningalöggjöf:

Breytingarnar fordæmdar

ÍRAK Sjíar og Kúrdar á Íraksþingi hafa knúið fram breytingar á kosningalöggjöf landsins svo að nær ómögulegt er að fella drög að stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslunni 15. október. Sameinuðu þjóðirnar fordæma breytingarnar.

Fyrir breytingarnar gerðu lög ráð fyrir að tvo þriðju hluta greiddra atkvæða í þremur héruðuðum þyrfti til að stjórnarskrárdrögin öðluðust ekki gildi. Þegar ljóst var að súnníar, sem leggjast mjög gegn samþykkt þeirra, eru í drjúgum meirihluta í að minnsta kosti þremur héruðum brugðu sjíar og Kúrdar á það ráð að breyta lögunum á þann veg að tvo þriðju hluta atkvæða þeirra sem eru á kjörskrá þyrfti til að fella plaggið. Þar sem óttast er að margir skráðir kjósendur sitji heima vegna ólgunnar í landinu er nánast öruggt að stjórnarskrárdrögin verði samþykkt en það gæti orðið vatn á myllu uppreisnarmanna.

Deilan er sérlega kaldhæðnisleg í ljósi þess að stjórnarskrárferlið átti að lægja öldurnar í landinu, en nú virðist hið gagnstæða hafa orðið ofan á.

Jose Aranaz, lögfræðilegur ráðunautur Sameinuðu þjóðanna í Írak segir breytingarnar óásættanlegar og atkvæðagreiðsluna marklausa í augum alþjóðasamfélagsins, en stofnunin á að tryggja að atkvæðagreiðslan fari fram eftir settum reglum. - shg

RÓTAÐ Í RUSLINU Fátækt er víða svo mikil í Írak að sumir verða að leita á náðir öskuhauganna eftir mat. Deilurnar vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar verða síst til að bæta hag írósku þjóðarinnar. MYND/AP

ÝSUSPRENGJA Í DAG ÝSUFLÖK 499 kr kg

ÍSLENSKAR STÓRAR RÆKJUR AÐEINS 990 kr kg

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

Loksins gripið til refsiaðgerða gegn ríkisstjórn Úsbekistans:

Evrópusambandið bannar vopnasölu

ÚSBEKISTAN Ríki Evrópusambandsins hafa stöðvað sölu á vopnum til Mið-Asíuríkisins Úsbekistans eftir fjöldamorð öryggislögreglu á óbreyttum borgurum í vor. Auk þess verður úsbeskum embættismönnum neitað um vegabréfsáritun til Evrópu.

Úsbesk stjórnvöld hafa haldið því fram að um tvö hundruð íslamskir öfgamenn hafi dáið í óeirðunum í Andijan í maí síðastliðnum. Mannréttindasamtök og sjónarvottar segja hins vegar að allt að átta hundruð manns hafi látið lífið, flestir saklausir borgarar. Þetta væru því harkalegustu aðgerðrir stjórnarhers gegn borgurum síðan fjöldamorðin á Torgi hins himneska friðar voru framin árið 1989.

ISLAM KARIMOV Forseti Úsbekistans (svartklæddur) vill ekki að óháð rannsókn fari fram á harmleiknum í Andijan.

Talsmenn ráðherraráðs ESB segja að ákvörðun þess sé tekin eftir að úsbesk stjórnvöld höfnuðu óháðri rannsókn á harmleiknum. Ekki hefur verið greint frá nánari útfærslum á banninu eða hvaða embættismönnum verður neitað um vegabréfsáritun.

Réttarhöld yfir þeim sem grunaðir eru um að hafa komið óeirðunum af stað standa nú yfir. Hermenn sem báru vitni í gær segja að sökum myrkurs hafi þeir átt í erfiðleikum með að greina óeirðaseggi frá saklausum borgurum. Að mati mannréttindasamtaka er einungis um sýndarréttarhöld að ræða. **- shg**

MYND/AP

RAMADAN HAFINN Ramadan-mánuður múslima er runninn upp en þá fasta trúaðir frá morgni til kvölds og íhuga samband sitt við Guð og menn. Þessa alsírsku konu virðist hins vegar meira langa til að gæða sér á girnilegum vínberjunum í Algeirsborg.

RAÐAÐ Í HILLUR Meirihluti landsmanna vill að áfengi verði áfram aðeins selt í Áfengis- og tóbaksverslunum ríkisins.

Skoðanakönnun:

Færri vilja vín í verslanir

KÖNNUN Mikill meirihluti landsmanna er andvígur sölu áfengis í verslunum ef marka má niðurstöður símakönnunar sem Samstarfsráð um forvarnir lét fara fram.

Niðurstöður könnunarinnar urðu þær að nærri tveir af hverjum þremur segjast andvígir því að áfengi verði selt í matvöruverslunum. Marktækur munur greinist milli kynja þannig að 72,3 prósent kvenna segjast því mótfallnar en 56,3 prósent karla. **- jss**

LÖGREGLA Á VETTVANGI Í Suður-Kóreu tróðust tónleikagestir undir þegar múgur manns reyndi að ryðjast inn á íþróttaleikvang. MYND/AP

Suður-Kórea:

Ellefu manns tróðust undir

SUÐUR-KÓREA, AP Að minnsta kosti ellefu manns biðu bana og fimmtíu slösuðust í Suður-Kóreu í gær. Það gerðist þegar múgur tónlistaráhugamanna reyndi að ryðjast inn á íþróttaleikvang í borginni Sangju þar sem halda átti tónleika.

Hinir látnu tróðust undir þegar hlið var opnað til þess að hleypa fólkinu inn. Allir voru þeir undir 14 ára aldri eða eldri en fimmtugir. Tónleikunum var aflýst.

JÓRDANÍA

ORRUSTUÞOTUR Í ÁREKSTRI
Tvær jórdanskar orrustuþotur af spænskri tegund skullu saman í háloftunum yfir landinu í gær og biðu tveir flugmenn bana í árekstrinu. Þriðji flugmaðurinn náði hins vegar að skjóta sér út úr annarri þotunni og svífa til jarðar í fallhlíf.

ER ÞETTA RÉTTA LEIÐIN?

Sextíu prósent af ferðum borgarbúa á einkabílnum eru styttri en þrír kílómetrar. Þær kosta hvern bíleiganda tæplega hálfa milljón króna á ári. Það samsvarar útgjöldum meðalheimilis í mat og drykk á einu ári. Með því að ganga, hjóla og taka strætó getur þú sparað verulegar peningaupphæðir og bætt heilsuna.

ÞAÐ MUNAR ENGU FYRIR ÞIG AÐ MINNKA ÚTBLÁSTURINN
ÞAÐ MUNAR ÖLLU FYRIR UMHVERFIÐ

Reykjavíkurborg

Virkjum okkur!

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3695

„ORÐRÉTT“

Ætli hún fjölgi klósettum?

„Sólveig Pétursdóttir er manna líklegust til að beita sér fyrir breytingum, sem færa starfsemi þingsins til nútímahorfs og gera það að aðlaðandi vinnustað fyrir fjölskyldufólk.“

Staksteinar Morgunblaðsins um nýjan þingforseta.

Ertu einhvern tíma ánægður?

„Auðvitað er auðvelt að ná saman fjárlagafrumvarpi þegar viðskiptahallinn og umframeyðslan er mikil.“

Steingrímur J. Sigfússon Vinstri grænn í Fréttablaðinu.

nær og fjær **tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SIGRÚN HARALDSDÓTTIR, HAGYRÐINGUR MEÐ MEIRU

Keypti sér folald í Laufskálarétt

„Ég fór í Laufskálarétt og keypti mér eitt folald þar,“ segir Sigrún Haraldsdóttir, deildarstjóri á tölvudeild Landspítala, hagyrðingur og hestakona. Hún vill ekki gefa upp hversu mikið folaldið kostaði enda siður hestamanna að tala ekki um peninga. „En ég get þó sagt að það var hæfilega dýrt,“ segir Sigrún og glottir.

Hún lætur vel af verunni í Laufskálarétt þó vetrarlegt hafi verið í Skagafirðinum þegar réttað var.

Sigrún var ein þeirra sem voru í forsvari fyrir landsmót hagyrðinga sem haldið var á dögunum á Hótel Sögu. Ágæt mæting var á mótið og mikið kveðið. „Sumt var dýrt en annað ekki,“ segir hún.

Sjálf yrkir Sigrún eitthvað á degi hverjum og á ekki í vandræðum með að finna sér yrkisefni í hversdagsleikanum. „Ég fjalla um málefni líðandi stundar, veðrið, mannlífið og hrossin,“ segir hún en viðurkennir að allur gangur sé á gæðum kveðskapsins. „Þetta er náttúrlega misgott en maður reynir að halda sig við efnið til að æfa sig,“ segir hún og lætur ferskeytlu um nýja folaldið fylgja. Það hefur hlotið nafnið Sproti.

Sproti fríður löppum létt,
lyftir gríðarlega.
Töltir þýður, tekur sprett,
talinn prýði vega.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Síminn

FYNDNIR
FJÓRA DAGA VIKUNNAR
Strákarnir mánudaga til fimmtudaga kl. 20:00



Kynlíf er ekki skiptimynt

Áhyggjur foreldra og yfirvalda af breyttum viðhorfum unglinga til kynlífs fara sívaxandi og er Landlæknisembættið að taka á þessum málum.

EKKI TIL SÖLU Verið er að setja á stofn samvinnuhóp sem mun vinna að því að kenna börnum og unglingum mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í kynlífi.

„Það fer vaxandi að kynlíf af hvers konar tegund sé notað sem skiptimynt meðal unglinga fyrir alls kyns greiða, meðal annars það að komast inn í partí,“ segir Sigurður Guðmundsson landlæknir. „Litlar stelpur eru ekki að spyrja hvort þriggja manna kynlíf sé í lagi, heldur hvenær sé í lagi að byrja á því. Sjónarmiðin eru á því stigi. Auðvitað gerir enginn athugasemdir við kynlíf fullorðins fólks, en hérna erum við að tala um þrettán eða fjórtán ára unglinga.“

Auk þessa leita sífellt fleiri ungar stúlkur til heilbrigðisþjónustunnar og Stígamóta með áverka eftir ýmis konar kynhegðun sem Sigurður segir flestir séu sammála um að telpur eigi ekki að þurfa taka þátt í.

Vegna þessa vanda vinnur Landlæknisembættið þessa dagana að því að setja á stofn þverfaglegan samvinnuhóp sem ætlað er að berjast gegn klámvæðingu unga fólksins. Í þessum samvinnuhópi verða fulltrúar frá heilbrigðisþjónustunni, félagsþjónustunni, kirkjunni, unglingunum sjálfum og fleiri aðilum.

Þá hugarfarsbreytingu sem orðið hefur meðal unglinga síðustu tíu til tuttugu árin má líklega rekja að mörgu leyti til breytinga á umfjöllun um kynlíf. Börn eiga auðveldari aðgang að grófu klámi á netinu og skírskotun til skyndikynna er mikil í fjölmiðlum, bíómyndum, auglýsingum og víðar. Útkoman er sú að börn og unglingar fá þau skilaboð að kynlíf snúist ekki um gagnkvæma virðingu og skilning tveggja aðila, heldur um eitthvað allt annað.

„Kynlífsvæðingin er orðin einhvers konar misskilin töffarafrjálslyndisumræða sem er komin út í öfgar. Maður heyrir sögur um að unglingar séu varla taldir menn með mönnum nema þeir hafi sofið hjá tveim til þremur fyrir sextán ára aldur, og ef ekki öllum í einu, þá einum á fætur öðrum,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

smk@frettabladid.is

ALÞINGI Nokkrir helstu áhrifamenn Samfylkingarinnar sitja í einni og sömu sætaröðinni í vetur.

Sérstök niðurstaða í drætti um sætaskipan á Alþingi:

Samfylkingarmenn í miðjuröð til hægri

Helstu forvígismenn Samfylkingarinnar drógust til vetursetu í einni og sömu sætaröðinni í þingsalnum þegar hlutast var til um sæti á mánudag. Níu sæti eru í röðinni og meðal þeirra sem þar sitja eru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður, Össur Skarphéðinsson fyrrverandi formaður og Lúðvík Bergvinsson, sem sóttist eftir embætti varaformanns á Landsfundinum í vor.

Auk fjórmenninganna sitja Samfylkingarþingmennirnir Jóhann Ársælsson og Rannveig Guðmundsdóttir í miðröð til í vetur.

Sjö óbreyttir þingmenn bera ættarnöfn og í öftustu röð til vinstri sitja fjórir þeirra. Pétur Blöndal hefur Halldór Blöndal sér á hægri hönd og Ástu Möller til vinstri. Jónína Bjartmarz er einnig í röðinni. Helgi Hjörvar, Kristján L. Möller og Þuríður Backman eru annars staðar.

Tveir nýliðar tóku sæti á þinginu nú, Valdimar L. Friðriksson og Sigurrós Þorgrímsdóttir. Valdimar situr á milli Magnúsar Stefánssonar og Jóns Bjarnasonar og Sigurrós á milli Guðrúnar Ögmundsdóttur og Sigurjóns Þórðarsonar.

Vinnuverndarvikan 2005:

Hlustum beint að hávaðanum

Skaðleg áhrif hávaða á vinnustöðum eru í brennidepli í vinnuverndarviku Vinnueftirlitsins sem haldin er síðar í mánuðinum. Ljóst er að hávaði getur valdið miklum skaða á heyrn þeirra sem fyrir honum verða og er markmið vinnuverndarvikunnar að vekja athygli á því og hvetja fólk og fyrirtæki til að draga úr hávaða á vinnustöðum.

Meðal þess sem gert verður er að kalla eftir dæmum af vinnustöðum þar sem góður árangur hefur náðst í að draga úr eða koma í veg fyrir hávaða. Veittar verða viðurkenningar þeim er þykja skara fram úr.

AÐ ÆRARST Hávaði getur verið hættulegur.

Vaxtalaus tilboð

Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

COLCHON DUPEN

DINAMICA

VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
90 x 200	2.999 kr	7 mán.	20.993.-
120 x 200	2.999 kr	9 mán.	26.991.-
150 x 200	2.999 kr	11 mán.	32.989.-
180 x 200	2.999 kr	13 mán.	38.987.-

COLCHON DUPEN

IMPERIAL

VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
90 x 200	3.999 kr	12 mán.	47.988.-
120 x 200	4.999 kr	12 mán.	59.988.-
150 x 200	5.799 kr	12 mán.	69.588.-
180 x 200	7.499 kr	12 mán.	89.988.-

VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
150 x 200	8.299 kr	12 mán.	99.588.-
180 x 200	9.999 kr	12 mán.	119.988.-

- Hágæða efni með 100% bómull
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð

COLCHON DUPEN

GRAND DUPEN

VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
90 x 200	4.999 kr	12 mán.	59.988.-
120 x 200	5.999 kr	12 mán.	71.988.-
150 x 200	7.499 kr	12 mán.	89.988.-
180 x 200	8.999 kr	12 mán.	107.988.-

COLCHON DUPEN

ORTOPEDICA

VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
90 x 200	3.499 kr	12 mán.	41.988.-
120 x 200	4.499 kr	12 mán.	53.988.-
150 x 200	4.999 kr	12 mán.	59.988.-
180 x 200	5.999 kr	12 mán.	71.988.-

COLCHON DUPEN

VENUS

VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
90 x 200	2.999 kr	12 mán.	35.988.-
120 x 200	3.999 kr	12 mán.	47.988.-
150 x 200	4.499 kr	12 mán.	53.988.-

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

BYGGING ÍBÚÐARHÚSA Á LANDINU
FJÖLDI FULLGERÐRA ÍBÚÐA Á HVERJU ÁRI



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: KANÍNUR

Kanínur nema land

Síðustu ár hafa kanínur lagt undir sig mikinn hluta af undirlendinu og valda þessi fyrrverandi gæludýr miklum usla í lundavarpi í Vestmannaeyjum. Einnig éta kanínurnar fersk blóm sem aðstandendur leggja á leiði ástvina sinna í Fossvogskirkjugarði. Dýraverndunarsamband Íslands vill að umhverfisráðuneytið stöðvi veiðar á þeim þar sem þær flokkist undir búfé og gæludýr og eru ekki nefndar í lögum um friðun og veiðar á villtum spendýrum.

Hvaðan koma kanínur?
Villti stofninn á Íslandi hefur orðið til á svipaðan hátt og minkastofninn - nokkur gæludýr hafa sloppið frá eigendum sínum eða verið sett laus og hafa þrifist. Milt veðurfar undanfarinna vetra hefur hjálpað til við útbreiðslu þeirra og eru þær nú víða orðnar algeng sjón. Kanínur verða kynþroska um þriggja mánaða aldur og geta náð fjögurra ára aldri villtar. Kvenkyns kanína getur gotið þrisvar á góðu sumri, tveim til tólf ungum í senn, svo í góðu árferði getur kanínustofninn margfaldast.

Hvers vegna er það vandamál ef þær breiða úr sér um allt land?
Kanínur leggja undir sig lundaholur á Heimaey og hrekja fuglinn burt, en lundinn er afar viðkvæmur fyrir slíkum innrásum. Þær éta fersk blóm á leiðum í Fossvogskirkjugarði og ef harðnar í ári geta þær valdið miklum skaða í viðkvæmum gróðri landsins. Jafnframt geta þær verið sjúkdómsberar.

Hvað er til ráða?
Líklega eru kanínur komnar til að vera og þarf því að bæta þeim inn í lög um friðun og veiðar á villtum spendýrum. Síðasta vetur skaut

Stormsveitin svokallaða um þúsund kanínur í Heimaey en þær eru fljótar að fjölga sér. Sex byssumenn sveitarinnar nýta sér margir bæði kjöt og feldi dýranna. Einnig er líklegt að urðarkettir, villikettir sem líkt og kanínurnar eru gæludýr sem lagst hafa út, sjái að einhverju leyti um að halda stofninum niðri.

SPURT OG SVARAÐ

KALDUR SEPTEMBER

Frekar leiðinlegt

Septembermánuður síðastliðinn var sá kaldasti í 23 ár. Meðalhitinn í Reykjavík var 6,3 gráður, sem er rúmri gráðu kaldara en í meðalári, og á Akureyri var hitastigið að meðaltali 4,7 gráður, 1,6 gráðum lægra en í meðalári. Trausti Jónsson veðurfræðingur hefur rannsakað veðurfar á Íslandi um margra ára skeið.

Hvers vegna var september svona kaldur?
Þetta gerist bara öðru hvoru, eiginlega ræður tilviljun því. Í síðasta mánuði var meiri norðanátt en venjulega og hvað veldur þá henni? Það verður því til hálfgerður orsakahali út úr þessu. Hins vegar vill þannig til að ekki hafa verið svo kaldir septembermánuðir síðan 1982 en tíu árin þar á undan voru fjórir kaldari en þessi.

Er hægt að draga einhverjar víðtækari ályktanir af þessari staðreynd?
Nei, alls ekki. Það hefur einfaldlega verið kalt og við finnum kannski meira fyrir vegna þess að það er það langt síðan að það hefur verið jafn kalt á þessum árstíma.

Gefur þessi kuldi fyrirheit um veturinn?
Nei, nei, veðrið getur orðið með

TRAUSTI JÓNSSON

hvaða móti sem er. Kaldir septembermánuðir hafa bæði farið á undan hlýjum og köldum vetrum. Þetta þýðir í raun ekkert, er einungis frekar leiðinlegt og slæmt fyrir þá sem rækta korn og þvíumlíkt.

NÁLGUN TVEGGJA HEIMA Fánar Evrópusambandsins og Tyrklands blakta við hún fyrir framan mosku í Istanbúl í gær. Tyrkir hófu aðildarviðræður í fyrrinótt, hálfum sólarhring síðar en áformað var.

Sögulegur áfangi vekur lítinn fögnuð

Þótt Tyrkir hafi með aðildarviðræðunum við Evrópusambandið, sem hófust formlega í fyrrinótt, náð áfanga sem þeir hafa stefnt að í á fimmta áratug var lítið um fagnaðarlæti í Tyrklandi í gær.

Öll hátíðarstemning var fokin út í veður og vind eftir alla fyrirvarana sem evrópskir stjórnmálamenn lýstu á síðustu vikum við því að Tyrkjum yrði boðið að semja um fulla aðild að sambandinu. Að viðræðurnar skyldu hafnar 3. október í ár hafði verið ákveðið á leiðtogafundi ESB í desember í fyrra.

En minnstu munaði að viðræðurnar færu út um þúfur áður en þær byrjuðu þar sem ráðherraráði sambandsins tókst ekki að koma sér saman um orðalag samningsumboðs þess fyrir viðræðurnar fyrr en eftir að sú stund var liðin sem ákveðin hafði verið fyrir formlegt upphaf viðræðnanna, kl. 15 að miðevrópskum sumartíma á mánudaginn. Sú stund átti að verða táknrænn og hátíðlegur viðburður í sögu Evrópu, er ráðamenn Tyrklands og ESB brostu sameiginlega framan í myndavélarnar með þau orð á vörunum að Tyrkland fengi inngöngu í sambandið um leið og það hefði uppfyllt aðildarskilyrðin.

„Vín fellur“
Austurríska ríkisstjórnin gekk fram fyrir skjöldu á endasprettinum og krafðist þess að í samningsumboðinu væri þess getið að Tyrkjum kynni að verða boðin annars konar lausn á tengslum við Evrópusambandið en full aðild. Tyrkneskir ráðamenn höfðu hins vegar gefið skýrt til kynna að þeir álitu ekkert minna en fulla aðild koma til greina; að öðrum kosti væri betur heima setið en af stað farið. Þetta setti ESB-ráðherrana í klemmu, sem leystist ekki fyrr en eftir þrotlausar miðlunarviðræður á sunnudag og mánudag, sem lyktaði með því að austurríski utanríkisráðherrann Ursula Plassnik gaf eftir. Þá fyrst sendi stjórnin í Ankara fulltrúa sína til Lúxemborgar til að hefja viðræðurnar. „Vín fellur,“ skrifaði tyrkneska blaðið Milliyet og vísaði þar með til umsáturs hers Tyrkjasoldáns um Vínarborg árið 1683.

Undir þessum kringumstæðum var eins og áður segir hátíðarstemningin lítil. Fyrst eftir að ESB-leiðtogarnir viðurkenndu Tyrkland sem tilvonandi aðildarríki fyrir þremur árum mældist 85 prósenta stuðningur við inngönguna meðal tyrknesks almennings. Í síðustu könnunum hefur hann mælst innan við 60 prósent.

Tyrkir verða að vinna hug og hjörtu Evrópubúa
Á sama tíma hefur stuðningur við inngöngu Tyrklands dregist enn frekar saman meðal íbúa ESB. Innan við þriðjungur allra íbúa aðildarríkjanna 25 lýsir sig fylgjandi henni samkvæmt nýjustu könnun evrópsku tölfræðistofnunarinnar Eurostat. Hefur þar sjálfsagt sitt að segja óánægja með að Tyrkir skuli ekki reiðubúnir að viðurkenna ESB-aðildarríkið Kýpur. Ekki mælist heldur vel fyrir að tyrkneskir borgarar, sem voga sér að taka undir alþjóðlegar áskoranir um að Tyrkir geri hreinskilnislega upp sögu fjöldamorðanna á Armenum í fyrri heimsstyrjöldinni og í kjölfar hennar, skuli ofsóttir af fjölmiðlum og dómstólum í landinu.

Reyndar er innganga Tyrklands í sambandið engan vegin tryggð þótt nú séu formlegar aðildarviræður hafnar. „Tyrkir verða að vinna hug og hjörtu Evrópubúa. Það eru þeir sem á endanum munu taka ákvörðun um aðild Tyrklands,“ sagði Jose Mario Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, í gær. „Innganga er hvorki tryggð né sjálfkrafa, hvaða land sem á í hlut.“

Franski forsetinn Jacques Chirac, sem áður hefur lýst eindregnum stuðningi við aðildarviðræður við Tyrki, lét svo ummælt í gær að Tyrkland yrði að „gangast í gegnum meiri háttar menningarbyltingu“ til að geta uppfyllt aðildarskilyrði ESB. „Mun því takast það? Ég veit það ekki,“ sagði hann.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sem fer með formennskuna í sambandinu þetta misserið, sagði að aðildarviðræður við Tyrki myndu taka langan tíma og hafa „miklar breytingar“ í för með sér, bæði fyrir ESB og Tyrkland. Austurríkismenn taka við formennskunni um áramótin.

Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál sambandsins í framkvæmdastjórn ESB, minnti á að ESB yrði einnig sjálft að vera búið undir inngöngu 70 milljóna manna ríkis áður en til hennar gæti komið. Hann varaði við því að Tyrklandi yrði veitt innganga áður en sambandið hefði lokið eigin umbótum.

FRÉTTASKÝRING
AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

JÓNSSON & LEMACKS • jl.is



SIRKUS

NÝ DAGSKRÁ Í OKTÓBER!

FYLGSTU MEÐ

SIRKUS



GIRL NEXT DOOR
FIMMTUDAGA KL 21.00

skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Mörgum fræðimönnum finnst að Alþingi gefi þeim langt nef.

Gamaldags vinnubrögð

Greinilegt er að í stjórn Sagnfræðingafélagsins sitja hæglátir menn og kurteisir. Þótt stjórnin telji það vekja upp „alvarlegar spurningar“ um viðhorf ráðamanna landsins til háskólanáms í sagnfræði að forsætisnefnd alþingis hefur ráðið Þorstein Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra og sendiherra, til að skrifa sögu þingræðis á Íslandi „í stað þess að leita til einhvers úr hópi menntaðra og reyndra sagnfræðinga“, lýkur hún ályktun sinni um málið með því að óska hinum nýráðna höfundi velgengni í starfi. Þetta er lofsvert örlæti enda blasir við að verkefnið sem Þorsteinn Pálsson hefur tekist á hendur er nógu strembið og flókið svo ekki sé verið að valda honum ónæði og óþægindum með frekari mótmælum. Á endanum mun dómur um verkið ekki ráðast af því hver höfundurinn er heldur efnistökum. Og svo er á það að líta að honum til aðstoðar og ráðgjafar eru tveir þjóðkunnir fræðimenn.

En því er ekki að leyna að það kemur fleirum en stjórn Sagnfræðingafélagsins á óvart að staðið skuli að verki með þeim hætti sem raun ber vitni þegar ráðist er í það að láta skrifa hundrað ára sögu þingræðis á íslandi. Ákvörðun um þetta er tekin án opinberrar auglýsingar eða kynningar. Ekki er kunnugt um að alþingi hafi fjárheimild til verksins. Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir og ekki hefur verið samið við höfundinn og ritnefndina um þóknun. Við val höfundar virðist ekkert fræðilegt mat hafa verið lagt á hæfni hans og ekki virðist fyrir hendi nein lýsing á verkefninu, inntaki þess, takmörkun eða tímalengd. Svona vinnubrögð fengju falleinkunn hjá öllum þeim aðilum sem venjulega koma að verkefnum af þessu tagi, hvort sem það eru bókaforlög, vísindafélög eða úthlutunarnefndir opinberra fræðistyrkja. Eina orðið yfir þau er klíkuskapur. Mörgum fræðimönnum mun finnast að þeim sé gefið langt gef.

Svo virðist sem fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafi ekki hreyft andmælum þegar Halldór Blöndal gerði tillöguna í málinu. Það er athyglisvert vegna þess að bókarefnið er engan veginn einfalt eða óumdeilt, heldur tengist það sumum heitustu deilumálum tuttugustu aldar. Stutt er síðan þjóðfélagið logaði í deilum um eðli þingræðisins. Einhverjir munu telja að þarna sé að verki hin fræga samtrygging stjórnmálaflokkanna. Ekki er hægt að útiloka það. En vonandi er skýringin frekar sú að þingmennirnir, hvar í flokki sem þeir eru, hafa trú á því að Þorsteinn Pálsson muni leggja metnað sinn í að vinna verkið af óhlutdrægni. Þótt Þorsteinn hafi stundum verið harðskeyttur í stjórnmálabaráttunni, einkum á níunda áratugnum, var hann í áliti í öllum flokkum fyrir sanngirni og sáttfýsi. Kannski nýtur hann þess nú. Og enginn frýr honum vits eða þekkingar.

Þorsteinn Pálsson ákvað sjálfur að láta af embætti sendiherra. Með hinni frægu eftirlaunalöggjöf Davíðs Oddssonar er honum og öðrum sem eins er ástatt um tryggð viðunandi framfærsla til æviloka. Hitt kemur ekki á óvart að menn með fullt starfsþrek og tiltölulega ungir að árum eins og Þorsteinn vilji fá að spreyta sig á krefjandi verkefnum. En blasa ekki tækifærin allt í kring við hæfileikamönnum án þess að leitað sé í farveg sem í rauninni tilheyrir tíma sem löngu ætti að vera liðinn? Það mættu þingmenn íhuga áður en þeir ráðast í frekari úthlutun verkefna með þessum hætti.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Stytta af konu

Fyrsta skrefið til að lagfæra hið rangláta kynjamisrétti, sem blasir við þegar myndastyttur Reykjavíkur eru skoðaðar verður væntanlega stigið innan skamms. Í fjárlagafrumvarpinu biður Árni Magnússon félagsmálaráðherra um tíu milljónir króna úr ríkissjóði til að láta gera minnisvarða um kvenréttindafrömuðinn Bríeti Bjarnhéðinsdóttur (1856-1940). Nú er að sjá hvort þetta nægi til þess að meirihlutinn í borgarstjórn fallist á tillögu sjálfstæðismanna um að láta gera styttu af Tómasi skáldi Guðmundssyni, en sem kunnugt er taldi Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri það helstu vandkvæðin á málinu að Tómas hefði ekki verið kona; of margar styttur af körlum væru í borginni.

Bessastaðablogg

DV hreyfir athyglisverðri hugmynd í gær. Blaðið hvetur Ólaf Ragnar Grímsson forseta til að byrja að blogga á netinu. Tilefnið er ummæli Ólafs Ragnars við setningu Alþingis á laugardaginn um að tölvan væri kannski orðin áhrifameira tæki fyrir þingmenn en ræðustóllinn á Alþingi. Forsetaskrifstofan opnaði fyrir nokkrum mánuðum vefsíðuna forseti.is, þar sem fylgjast má með dagskrá forsetans og lesa ræður hans og ávörp og ýmsan fróðleik um embættið. Allt er það góðra gjalda vert. En vefsíðan er ópersónuleg og hugmyndin um að forsetinn - og jafnvel einnig starfsmenn hans - bloggi öðru hverju er stórfín. Þótt forsetinn sé virðuleg persóna er ekkert sem mælir því á móti að hann gerist alþýðlegur með þessum hætti.

Útsvarið skiptir máli

Vefþjóðviljinn vakti á mánudaginn athygli á mikilli og vaxandi skattheimtu sveitarfélaga af launþegum. „Það er ekki víst að allir átti sig á því hve sveitarfélögin eru frek á launatekjur manna. Útsvar sveitarfélaga hefur hækkað um 8,5% að meðaltali frá árinu 2005 eða úr 11,96% í 12,98%. Á sama tíma hefur ríkið lækkað sitt skatthlutfall um 6,3% eða úr 26,41% í 24,75%,“ segir vefritið og leggur til að launagreiðendur láti skiptingu staðgreiðslu ríkis og sveitarfélaga koma fram á launaseðlinum. Vefþjóðviljinn bendir á að maður með 124 þúsund krónur í tekjur á mánuði greiði engan tekjuskatt til ríkisins en fullt útsvar til sveitarfélags.

gm@frettabladid.is

Meinbugur á Baugsmálum

Í DAG
MEÐALGANGA UM SAKSÓKN

ÓLAFUR HANNIBALSSON

Ég hef rakið það í þessum dálkum að undanförnu hvernig handhafar ríkisvalds í ýmsum ágætum vestrænum lýðræðisríkjum hafa komið sér upp spunameisturum, hverra hlutverk það er að koma sjónarmiðum valdsins á framfæri í þeim búningi og á þeim tíma sem þeim hentar. Þannig létu bæði Blair og Bush leyniþjónustur sínar búa til „sannanir“ fyrir gereyðingarvopnaeign Saddams Hússeins, þegar þeir höfðu ákveðið að gera innrás í Írak en vantaði átyllu, sem gert gæti innrásina lögmæta með samþykki Sameinuðu þjóðanna. Einn hinna innvígðu í stjórn George Bush sagði þá við blaðamann New York Times, að hann (blm.) tilheyrði því sem valdsmenn kölluðu „veruleikatengda samfélagið“, menn sem vildu alltaf velta sér upp úr staðreyndum og draga af þeim ályktanir um stefnu stjórnvalda. Þetta lið áttaði sig ekki á því að Valdið byggi til sinn eigin veruleika, sem væri tekinn góður og gildur í samfélaginu, þar til fjölmiðlamenn hefðu greint hann, en þá hefði Valdið þegar teflt fram öðrum veruleika fyrir þá að eltast við.

Sannleikurinn í tölvupóstsmálinu að sögn helstu persónanna í atburðarásinni er nokkurn veginn svona: Ungur maður í annarri heimsálfu er illa leikinn af fjárhagslegu stórveldi á Íslandi. Hann leitar til konu á Íslandi sem sjálf taldi sig hafa verið illa leikna af sama fjárhagslegu stórveldi. Fyrir tuttugu árum hafði þessa unga stúlka hringt í ritstjóra Morgunblaðsins og spurt hann „hvort hún gæti skrifað greinar í Morgunblaðið um heilsurækt, sem var samþykkt“. Hún beinir því þessum skjólstæðingi sínum til ritstjórans sem löngum hefur hjálpað lítilmagnanum. Ritstjórinn leitar ráða hjá vini sínum, Kjartani Gunnarssyni, sem hann hefur þekkt síðan hann fæddist. Þeim kemur saman um að leita til lögfræðings sem kunnur er að „baráttuvilja“ og „vönduðum vinnubrögðum“, að nafni Jón Steinar Gunnlaugsson. Þetta hefur ekkert með það að gera að Styrmir er ritstjóri Morgunblaðsins, Kjartan framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, sem löngum hefur fylgt þáverandi forsætisráðherra landsins eins og skuggi, og Jón Steinar er nátengdur forsætisráðherranum og gamall spilafélagi hans. Allir fjórir eru síðan vel kunnugir ríkislögreglustjóranum, sem er sonur fyrrum ritstjóra Morgunblaðsins.

Þrír þeir fyrstnefndu halda fund á ritstjórnarskrifstofum Morgunblaðsins, „þar sem þessi mál bar á góma þótt þau hefðu raunar ekki verið eina fundarefnið“.

Kjartan segir að fundurinn hafi snúist „alfarið um hæfi og hæfni lögmanns til þess að taka að sér mál sem varðaði grundvallarhagsmuni manns sem harkalega var sótt að og ég hef hvorki þá né síðar hitt eða átt nein samskipti við“.

Getur það verið að á fundi þriggja lögfræðinga, sem eru að fjalla um „hæfi og hæfni“ ákveðins lögmanns hafi ekki hvarflað að þeim að vegna tengsla sinna við Sjálfstæðisflokkinn og formann hans væri vafasamt að vera sjálfir að vasast í málinu og því rétt að vísa unga manninum á annan „baráttuglaðan“ lögfræðing? Getur það verið að það hafi ekki hvarflað að neinum þeirra að þeir gætu verið að gera vini sínum, þáverandi forsætisráðherra, vafasaman greiða með þessari milligöngu - ef uppvís yrði? Nema auðvitað að forsætisráðherrann hafi verið settur inn í málið og engar athugasemdir gert við þennan málatilbúnað - sem hann hefur þrætt fyrir.

Hvað sem því líður virðist ungi maðurinn hafa verið óráðþæginn, „taldi að svo margvíslegir hagsmunir tengdu fólk hér saman, að það væri erfitt fyrir hann að finna lögmann, sem hann gæti treyst og ekki væri bundinn Baugi hagsmunaböndum með með einum eða öðrum hætti“. Því verður að hafa uppi ákveðnar fortölur við unga manninn: „Þetta er eins innmúrað og innvígt eins og nokkur hlutur getur verið“ - „Það er alveg sama hvaða menn Jón Steinar þekkir. Tryggð hans við ónefndan mann er innmúruð og ófrávíkjanleg.“ Jónína er þó ekki viss um að þessar fullvissanir dugi til að eyða tortryggni unga mannsins gagnvart íslensku réttarfari og spyr: „Styrmir, heldur þú að Davíð væri til að hringja í hann?“

Jón Steinar sagði nýlega í yfirlýsingu, að hann kunni, en muni það þó ekki, að hafa kynnt Jón Gerald Sullenberger fyrir ríkislögreglustjóra. Hér skal ekki hrapað að neinum niðurstöðum af þeim staðreyndum, sem hér hafa verið raktar. En er það ekki tortryggilegt og óþolandi fyrir réttarfarið í landinu - og óþolandi fyrir fyrrverandi forsætisráðherra - að svo skuli líta út að þrír mestu áhrifamenn í forystuflokki þjóðarinnar - kannski fjórir - hafi haft milligöngu við góðan kunningja sinn - ríkislögreglustjóra - um málatilbúnað sem leiddi til kæru gegn mönnum og fyrirtæki, sem á allra vitorði var að forsætisráðherra var í nöp við? Á hvaða götur er þá ákæruvaldið komið? Er ekki öllum fyrir bestu að þetta andrúmsloft sé hreinsað með opinberri rannsókn, svo að þessi grunur fylgi honum ekki til nýrra starfa í Seðlabankanum? Eða er það nóg að um það sé gerð flokkssamþykkt að þetta mál snúist einfaldlega um það að góðviljaður maður hafi séð aumur á hart leiknum ungum manni og bent honum á lögfræðing?! Punktur. Basta.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL

nám o.fl.
LESTUR
er lykilatriði BLS. 2

börn o.fl.
GERPLA
Fjör í nýju húsnæði BLS. 3

ferðir o.fl.
BLÖÐKUR OG BÍLL
BLS. 4

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.48	13.16	18.43
Akureyri	7.35	13.01	18.25

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag

Í dag er miðvikudagurinn 5. október, 278. dagur ársins 2005

KRÍLIN

SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

visir

Sigurbjörgu finnst skemmtilegast að læra að vefa.

Mjög skemmtilegt og afar krefjandi nám

Í stóru húsi við Sólvallagötu er Húsmæðraskóli Reykjavíkur. Sigurbjörg Magnúsdóttir er einn af nemendum skólans.

„Námið er ein önn. Við byrjum í september og klárum fyrir jól," segir Sigurbjörg. Hún segir að dagurinn sé langur í skólanum og námið mjög erfitt og krefjandi. „Við mætum klukkan átta og borðum morgunmat í skólanum en honum lýkur ekki fyrr en klukkan fimm. Okkur er skipt í tvo hópa, eldhúshóp og ræstihóp. Eldhúshópurinn er allan morguninn að búa til hádegismatinn og baka kaffibrauð en ræstihópurinn er á meðan að læra að þrífa og þvo og sér um að halda húsinu hreinu. Eftir hádegi erum við meira í hannyrðum. Við vefum, prjónum, saumum út og saumum föt. Það er mjög fjölbreytt og skemmtilegt."

Sigurbjörg segir að núna séu um tuttugu nemendur í skólanum. „Það duttu nokkrir út í haust því þetta er meira nám en margir gera sér grein fyrir. Það er einn strákur í skólanum en hann býr með kærustunni sinni á heimavistinni sem er hérna í húsinu."

Sigurbjörg segir að nemendur skólans séu á aldrinum sextán til þrjátíu ára. „Stærsti hópurinn er stelpur sem eru nýkomnar með stúdentspróf og fólk sem er að byrja að búa. Mér fannst sjálfri ómögulegt að ætla að reyna að reka heimili og kunna ekki grunnreglur og undirstöður. Það er nefnilega meira en að segja það að reka heimili."

emilia@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[BÖRN NÁM FERÐIR]

Tölvufræðsluskólinn heimanam.is býður upp á tölvukennslu allt árið um kring. Þar er meðal annars hægt að taka námskeið í tölvuviðgerðum og stendur námið í sex mánuði. Hægt er að byrja hvenær sem er og fer kennslan fram í fjarnámi. Nyjasta námskeiðið er hins vegar sérstakt námskeið í tölvuleikni sem nefnist „Tölvan og ég". Kennd eru grunnatriði í notkun forrita eins og Excel, Windows og Outlook. Námskeiðið samsvarar 60 kennslustundum og stendur skráning til 7. október og bókað er á netfanginu simenntun@heimanam.is.

Um næstu helgi er tilvalið að skreppa til Skálholts. Fyrir utan fallegt og rólegt umhverfi þar í kring mun Sigurbjörn Einarsson biskup annast leiðsögn dagana 7.-9. október þar sem áherslan er lögð á fræðslu um bænina og iðkun hennar. Dagskráin er partur af Kyrrðardögum sem Skálholtsskóli stendur fyrir um hverja helgi.

Núna ættu allir krakkar landsins að kætast því Íslenska sjónvarpsfélagið hefur hafið sýningar á Disney-rásunum. Um er að ræða tvær stöðar, annars vegar sýnir önnur stöðin teiknimyndir úr smiðju Walt Disney alla daga frá 6 á morgnana til 10 á kvöldin en hin stöðin sérhæfir sig hins vegar í nýju efni frá Disney-samsteypunni. Hægt er að fá stöðvarnar í gegnum breiðbandið eða með ADSL og er skráning hjá Símanum.

HEIMANÁM gengur oft betur ef tekið er til á skrifborðinu áður en farið er að lesa.

Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir vill úrbætur fyrir seinlæs börn.

Lestur er lykilatriði

Taka þarf betur á móti krökkum með sérþarfir í framhaldsskólum.

Minnka mætti brottfall úr framhaldsskólum með því að taka betur á móti krökkum með sérþarfir þegar þeir hefja nám. Sú er skoðun Sveinbjargar Sveinbjörnsdóttur, íslenskukennara í Fjölbrautaskólanum við Ármúla, sem hefur ákveðnar skoðanir á því hvernig betur megi standa að undirbúningnum. Hún fjallar um efnið á málþingi rannsóknarstofu KHÍ sem hefst á föstudag: Nám í nútíð og framtíð, pælt í Pisa.

„Samkvæmt niðurstöðum Pisa-könnunarinnar hrakar íslenskum börnum í lestri. Það þýðir að sá hópur sem þarf aðstoð stækkar," segir Sveinbjörg. Hún segir kerfið núna slæmt. „Krakkar sem ná ekki grunnskólaprófi þurfa kannski að bíða allt sumarið þar til þeir fá loks að vita hvar þeir fá skólavist. Það er niðurdrepandi."

Auk þess bendir Sveinbjörg á að kennarar nái þá ekki að undirbúa komu krakka sem þurfi sérúrræði heldur komist smám saman að því er líði á haustið hvernig nemendurnir standi. „15-18 prósent nemenda í grunnskólum sækja um sérúrræði en hins vegar er ekki hægt að sækja um sérrúrræði í framhaldsskólum."

Lausnin felst að mati Sveinbjargar í því að samræmdu prófin verði tekin fyrr og nemendur í 10. bekk noti veturinn til að sækja um skóla. Framhaldsskólar hafi þannig betri tíma til að undirbúa komu væntanlegra nemenda.

Auk þess segir Sveinbjörg ótækt að hver skóli sé með sitt stuðningskerfi, betra væri að samræma þau. „Ég mun kynna stuðningskerfi okkar í Ármúla á ráðstefnunni," segir Sveinbjörg og bætir við að það liggi beint við að gera úrbætur í þessum málum áður en framhaldsskólinn verði styttur eins og standi til að gera. Nánari upplýsingar um er að finna á síðunni malthing.khi.is

„... Námskeiðið var frábært, margt nýtt kom fram sem ég vissi ekki áður. Ég hef margfaldað lestrarhraða minn og les allt öðruvísi en ég gerði áður, mun einbeittari og virkari. ...". **Monika Freysteinsdóttir, 22 ára Háskólanemi.**

...næsta námskeið hefst 11. október
Skráning er hafin á www.h.is og í síma 586-9400.

HRAÐLESTRARSKÓLINN

Mannréttindi Arabíukvenna

Jóhanna Kristjónsdóttir miðlar af þekkingu sinni á stöðu kvenna, stjórnarfari og sögu í arabaheiminum á námskeiði hjá Mími - símenntun sem hefst á morgun.

Jóhanna er nýkomin úr einni af sínum mörgu ferðum á slóðir araba og eins og flestir vita er hún hafsjór af fróðleik um lífið þar. Hún segir fyrsta kvöldið af fimm munu snúast um uppruna íslam og aðstæður á því svæði sem rætur þess liggja. „Ég ætla líka að minnast á áhrif nútímatúlkunar bókstafstrúarmanna á Kóraninum með nokkrum samanburði við Biblíuna," segir hún. Annar tíminn verður helgaður stöðu kvenna í arabalöndunum, merkingu búninga þeirra, mannréttindum og almennu menningarlífi. Saga svæðisins frá lokum fyrri heimsstyrjaldar verður umræðuefni þriðja kvöldsins á námskeiðinu og þá verður líka skyggnst inn í fortíðina, svo sem á faraóatímabilið í Egyptalandi, skeið Grikkja og Rómverja og merkilegar fornminjar vítt og breitt um svæðið. „Í fjórða tímanum verð ég nær nútímanum," segir Jóhanna og nefnir stríðið síðastliðið vor og stjórnmálin en kveðst líka ætla að kynna arabíska tónlist og arabískan mat. „Ég mun meðal annars útdeila nokkrum góðum arabískum uppskriftum," lofar hún. Í lokatímanum segir hún um samantekt að ræða, ásamt því sem farið verði yfir það hvernig arabaheimurinn snúi að almennum ferðamönnum.

Tímarnir hjá Jóhönnu standa frá átta til tíu á fimmtudagskvöldum og staðurinn er Öldugata 23 í Reykjavík

Jóhanna ætlar meðal annars að kynna arabíska tónlist og arabískan mat á námskeiðinu.

Sjálfstraustið byggt upp

Aftur í nám er námskeið fyrir lesblinda hjá Mími - símenntun.

Lesblindir fengu lengi vel litla sem enga hjálp í skólum landsins enda stutt síðan tekið var markvisst að greina lesblindu hjá nemendum. Margir með dyslexíu töldu jafnvel að þeir væru einfaldlega með lægri greind en hinir og gengi þess vegna verr í námi. Lesblindir einstaklingar sem duttu út úr skóla geta nú tekið upp þráðinn með hjálp símenntunar Mímis.

„Námskeiðið Aftur í nám - fyrir lesblinda byrjaði sem þróunarverkefni en núna erum við með fjórða hópinn sem tekur námskeiðið eftir að þróunarverkefninu lauk," segir Hulda Ólafsdóttir hjá Mími - símenntun. Hún segir að kjarninn í námskeiðinu sé aðferðafræði Rons Davis en þau byggi utan um hana. „Við byrjum námskeiðið á því að taka allan hópinn í sjálfsstyrkingu og erum í því fyrsta hálfa mánuðinn. Þarna er oft fólk sem hefur lítið sjálfstraust þegar kemur að námi. Þegar sjálfsstyrkingunni lýkur fer fólk í 30-40 einkatíma. Það er hinn eiginlegi leiðréttingarfasi. Að honum loknum er boðið upp á íslenskukennslu. Þar er byrjað þar sem hver og einn er staddur sem er oft á grunnskólastigi. Síðan er tölvukennsla. Að lokum fá allir námsráðgjöf í einn tíma."

Hulda segir að hvert námskeið taki um 8-9 vikur og hægt sé að taka 12-15 manns á hvert námskeið. „Við erum í fullum gangi og

Lesblindir þurfa aðstoð til að ná tökum á lestri.

reiknum með að fara af stað með annað námskeið um miðjan nóvember ef þátttaka og fjármögnun fæst."

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Mímis www.mimir.is

EINS ÁRS BÖRN geta haft mjög gaman af skuggaleikritum.

Þetta heitir að fljúga.

Gaman í fimleikum hjá Gerplu

Fimleikafélagið Gerpla í Kópavogi flutti nýlega í glæsileg salarkynni við Salaveg. Þar iðar allt af lífi.

Það er margt um manninn í hinu nýja íþróttahúsi við Salaveginn og virðist rosalega gaman hjá krökkunum sem þar eru að æfa. Gerpla er með allra öflugustu fimleikafélögum landsins og nú hefur heldur betur hlaupið á snærið þar sem risin er höll undir starfsemina. „Við fluttum hingað með æfingarnar 25. september og erum enn að koma okkur fyrir," segir Hallveig Andrésdóttir framkvæmdastjóri brosandi. Hún segir 750 börn í félaginu, meirihluta þeirra yngri en tíu ára og þau yngstu fjögurra ára á árinu. Hún er líka stolt af sínu fólki sem var að gera góða hluti með landsliðinu um síðustu helgi á Norður-Evrópumóti í Belfast. „Allir strákarnir í landsliðinu eru úr Gerplu og þrjár af fimm stelpum og þau náðu öll mjög góðum árangri," segir hún.

Hallveig er alsæl með aðstöðuna í íþróttahúsinu við Salaveg sem Kópavogsbær hefur byggt bæði fyrir Gerplu og skólana. „Það á eftir að fara afskaplega vel um okkur hér. Við komum úr húsi á Skemmuvegi sem starfsemin er búin að vera í þrjátíu ár. Það var barn síns tíma. Nú fáum við miklu stærra pláss og glænný tæki," segir hún og bætir við að lokum. „Þetta verður mikil lyftistöng fyrir félagið."

Það þarf engan smá kraft til að komast yfir þennan klár.

Einn, tveir og hoppa.

Priscilla Bjarnason kennir börnum ensku hjá Mími - símenntun.

Tungumálanámskeið fyrir börn

Mímir er með enskunámskeið fyrir börn frá fimm ára aldri.

Mímir - símenntun stendur fyrir námskeiðum í ensku fyrir 5-9 ára og dönsku fyrir 6-10 ára. Námskeiðin byrjuðu í september en ný námskeið hefjast í byrjun janúar.

„Þessi námskeið eru hugsuð fyrir byrjendur," segir Sigríður Einarsdóttir hjá Mími - símenntun. „Námið er sniðið að þörfum krakka. Það eru notaðir leikir og spil í kennslunni. Við erum bara að kenna undirstöðuorðaforða og talmál. Það er farið í stafrófið, tölur, liti, orðaforða líkamans, kennt að heilsa og kveðja og kennd helstu orð sem varða daglegt líf og heimili."

Sigríður segir að námskeiðin séu mjög góð undirstaða fyrir tungumálakennslu í skólum. „Börnin sem hafa verið á þessum námskeiðum eru flest með mjög góðan framburð þegar þau byrja að læra tungumálin í skólunum," segir Sigríður.

NÝJAR VÖRUR - NÝ SENDING
Jólafötin streyma inn
IANA
Laugaveg 53 s. 552 3737 Opið mán. - föst. 10 -18. Laugard. 10 - 16

ATHUGIÐ
allan öryggisbúnað bifreiðarinnar áður en lagt er í ferðalag innanlands.
Það er allra veðra von á þessum árstíma.

Láttu okkur koma þér á óvart

Hin sívinsæla óvissuferð Útivistar helgina 14.-16. okt. Gengið um spennandi slóðir í fallegu landslagi. Skoðið vísbendingar á heimasíðu Útivistar www.utivist.is

ÚTIVIST
Leggðu land undir fót með okkur
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is

Upplifðu Ísland
með Iceland Excursions

Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl.
Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!

Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is

ie Icelandexcursions Allrahanda
GRAY LINE

Ef þú hefur gaman af íþróttum eða æskulýðsstarfi með ævintýralegu ívafi er Camp USA rétta sumarstarfið.
Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2006
Allar nánari upplýsingar eru á www.exit.is

MasterCard
Færð þú MasterCard Ferðaávísun?

STÚDENTAFERÐIR
exit.is

KRAFTAVERK

Bankastræti 10 + Sími 562 23 62 + info@exit.is + www.exit.is

Blöðkur og bíll

Héðinn Ólafsson rekur köfunarskólann kafarinn.is og stendur fyrir námskeiðum og köfunarferðum bæði fyrir erlenda gesti og íslenska áhugamenn. Síðasta sumar fór hann í hringferð um landið með nokkra útlendinga þar sem Ísland var skoðað frá sjónarhorni sem er fæstum aðgengilegt.

Fyrirtækið óx hratt eftir að það var skráð á markað árið 1990 og fjárfesti meðal annars í erlendum matvælafyrirtækjum og suður-amerískum fótboltaliðum. Jafnframt því veitti Tanzi háum fjárhæðum til góðgerðamála og stjórnmálaflokka og naut mikils velvilja almennings og stjórnvalda.

Sögusagnir um slæma fjárhagsstöðu fyrirtækisins tóku að berast árið 2003 þegar stóð á greiðslum til bænda fyrir framleiðslu sína og rannsókn var sett af stað. Kom þá í ljós að þeir fjórir milljarðar Bandaríkjadala sem fyrirtækið hafði skráða á bankabók á Cayman-eyjum voru ekki annað en tölur á tölvuskjá, veldið hrundi eins og spilaborg og úr varð stærsta fjármálasvindl Evrópusögunnar.

ÞEKKT VÖRUMERKI Á ÍTALÍU Parmalat framleiðir allar gerðir af mjólkurafurðum auk annarra matvæla.

Tanzi og félagar fengu ekki hlýjar móttökur við komuna í réttarsalinn enda hafði fall Parmalat víðtæk áhrif og margir fjárfestar misstu aleigu sína. Tanzi stendur frammi fyrir allt að tíu ára fangelsisdómi verði hann sakfelldur. - hhs

Mega lögsækja tóbaksfyrirtækin

Hæstiréttur Kanada hefur úrskurðað að héraðið Breska Kólumbía megi halda áfram lögsókn á hendur þremur stærstu tóbaksfyrirtækjum Kanada, Imperial Tobacco Ltd., JTI-Macdonald Corp. og Rothmans Benson & Hedges Inc., auk nokkurra erlendra framleiðenda. Undirbúningur lögsóknarinnar hófst árið 1998 þegar ný lög tóku gildi sem áttu að auðvelda lögsóknir á hendur tóbaksfyrirtækjum.

Málaferlunum var skotið á frest á meðan tóbaksfyrirtækin leituðu réttar síns frammi fyrir Hæstarétti Kanada. Dómararnir hafa nú hafnað rökum tóbaksfyrirtækjanna um óréttmæti löggjafarinnar og getur því Breska Kólumbía haldið áfram lögsókninni.

Breska Kólumbía mun krefjast allt að tíu milljarða dollara af tóbaksfyrirtækjunum vegna kostnaðar heilbrigðiskerfisins af völdum reykinga. Málaferlin munu hafa mikið fordæmisgildi í Kanada og er talið líklegt að önnur kanadísk sveitarfélög komi í kjölfarið. - hhs

HÆTTULEGAR HEILSUNNI Breska Kólumbía hefur nú fengið heimild til að krefja kanadísk tóbaksfyrirtæki um bætur fyrir heilsuspjöll.

SÖGUHORNIÐ

Monty Python birtist

Hinn 5. október árið 1969 var fyrsti þáttur Monty Python's Flying Circus sýndur á bresku sjónvarpsstöðinni BBC. Alls komu út 45 þættir í þáttaröðinni, sem naut gríðarlegra vinsælda. Monty Python-leikhópurinn starfaði ekki eingöngu í sjónvarpi heldur gerði hópurinn kvikmyndir og stóð fyrir leiksýningum og uppistandi jafnframt því sem bækur hafa verið skrifaðar og tölvuleikir hannaðir tengdir leikhópnum.

Monty Python-leikhópurinn er talinn vera einn mesti áhrifavaldur breskrar kímnigáfu og oft hefur því verið fleygt fram að hópurinn hafi gert það sama fyrir húmor og Bítlarnir gerðu fyrir tónlist. Þrír af meðlimum Monty Python-leikhópsins komust á lista yfir fimmtíu fyndnustu grínista sögunnar. Þar lenti John Cleese í öðru sæti en hann er sennilega þekktasti meðlimur leikhópsins.

Allir í Monty Python-leikhópnum voru háskólamenntaðir og höfðu brandarar þeirra oft skírskotanir í þekkta heimspekinga og fræðimenn. Þeir gerðu mikið grín að skapgerðareinkennum Breta og það var ekki óalgengt að pólitískar meiningar þeirra slæddust með. Félögunum var mjög umhugað um að skapa sinn eigin stíl og tókst þeim svo vel upp að að talað er um „pythonskan" stíl þegar fjallað er um efni af svipuðum toga og þeirra. Það hugtak fyrirfinnst meira að segja í orðabókum og merkir „fáránlegur og súrrealískur húmor".



LEIKHÓPURINN MONTY PYTHON Gerði það sama fyrir húmorinn og Bítlarnir gerðu fyrir tónlistina.

Eftirlifandi fimm meðlimir Monty Python reka nú saman fyrirtækið Python Pictures en sjötti meðlimurinn, Graham Chapman, lést árið 1989. Hópurinn hefur ekki unnið saman sem heild að ráði síðan bíómyndin The Meaning of Life kom út árið 1983 en kom þó saman á sviði árið 1998 í fyrsta sinn í átján ár. Þá höfðu félagarnir með sér krukku sem þeir fullyrtu að innihéldi ösku Chapmans. Fyrir slysni helltist úr krukkunni og var askan svo ryksuguð upp af sviðinu. Reglulega hafa komið upp sögusagnir um að hópurinn sé í þann mund að taka saman aftur og tekur Eric Idle, einn meðlima hópsins, undir það og segir það muni gerast „jafnskjótt og Graham Chapman rísi upp frá dauðum".

VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is

FRÁ FUNDI GOOGLE OG NASA Leitarvélin og Geimferðastofnun Bandaríkjanna hafa ákveðið að vinna náið saman að rannsóknum tengdum upplýsingatækni.

Teygir út anga sína

Google byggir rannsóknastöð í höfuðstöðvum NASA.

Google teygir sífellt út anga sína. Það nýjasta er að leitarvélin hefur gert samning við geimferðastofnunina NASA um að byggja rannsóknastöð í höfuðstöðvum hennar. Þar hyggjast fyrirtækin vinna í sameiningu að ýmsum rannsóknum tengdum upplýsingatækni, gagnastjórnun og öreindatækni.

Að sögn fyrirtækjanna hafa þau það sameiginlega markmið að miðla upplýsingum til fólks víðs vegar um heim. Þar sem NASA býr yfir ógrynni af upplýsingum og starfsmenn Google eru sérfróðir í að flokka upplýsingar hafa fyrirtækin ákveðið að hefja samstarf. Hugmyndin er meðal annars sú að gera fólki víðs vegar um heim kleift að nálgast upplýsingar sem nú þegar eru til hjá NASA á mun auðveldari hátt en áður.

Forsvarsmenn Google ímynda sér að í framtíðinni muni þeir bjóða upp á Google Moon og Google Mars á sama hátt og nú með Google Earth sem gerir fólki kleift að skoða gervihnattamyndir og kort af ótrúlegri nákvæmni. Hugmyndin er ekki óraunhæf þar sem NASA hefur nú ráðgert að næsta tunglferð verði árið 2020. - hhs

Hundrað dollara fartölvur

Fátæk börn fá upptrekkjanlegar fartölvur að gjöf.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir
skrifar

Sérfræðingar MIT-stofnunarinnar í Bandaríkjunum eru að leggja lokahönd á hönnun fartölvu sem mun ekki kosta nema 100 dollara. Góðgerðarsamtök ætla sér að færa fátækum börnun á víð og dreif um heiminn tölvurnar að gjöf.

Tölvan mun búa yfir öllum þeim eiginleikum sem venjuleg fartölva gerir auk nokkurra aukaatriða til að lagast að þeim aðstæðum sem börnin búa kunna að búa við. Hún mun hafa 500 Mhz örgjörva sem þótti gott árið 1998 en þykir hægt í dag. Auk þess verður ekki harður diskur í tölvunni heldur minniskort og hún mun notast við Linux-stýrikerfið í stað Windows til að spara kostnað.

Meðal aukaeiginleika fartölvunnar er að hleðslusnúran verður umbreytanleg í handfang til að bera tölvuna og hægt verður að nota handsveif til að hlaða hana þegar rafmagn er ekki til staðar. Hægt verður að brjóta hana saman á fleiri vegu en venjulegar fartölvur svo þær verði varla stærri en nestisbox og auðvelt fyrir börn að bera hana og með henni mun fylgja þétt gúmmítaska henni til varnar svo erfitt verði að eyðileggja hana.

Ef áætlanir fyrirtækisins ganga eftir verða í fyrstu framleiddar fimm til fimmtán milljónir fartölva og dreifing þeirra mun hefjast innan árs til barna í Brasilíu, Kína, Egyptalandi, Taílandi og Suður-Afríku. Enn er ekki búið að sýna frumgerð tölvunnar en stefnt er að því að það verði gert í nóvember á þessu ári.

FÁTÆKIR DRENGIR Í BRASILÍU Kannski verða þessir strákar meðal þeirra sem fá fartölvu að gjöf.

Office 12 styður pdf

Í nýjasta Windows Office-pakkanum frá Microsoft verður vistun á pdf-formi fastur valmöguleiki og ekki nauðsynlegt að hala niður Acrobat Reader til að vista skjöl á þennan hátt. Þetta setur Office-pakkann fyrir Windows þannig jafnfætis útgáfunni fyrir Makka sem notar OS X's í sama tilgangi. Microsoft bregður til þessa ráðs í kjölfar þess að hafa fengið fjölmargar fyrirspurnir frá notendum stýrikerfisins þessa efnis. Office 12-pakkinn er væntanlegur á markaðinn á seinni helmingi ársins 2006.

Skilningsrík glasamotta

Tveir þýskir háskólanemar frá Saarland-háskóla í Saarbrücken í Þýskalandi hafa fundið upp glasamottu sem nemur hvenær er tímabært að fylla á glösin hjá þyrstum bjórunnendum. Nýjungin mun koma sér vel á yfirfullum börum þegar erfitt er að fylgjast með að allir hafi nóg í glösum. Í glasamottunni hefur tölvuflögu verið komið fyrir sem nemur þyngd og þegar glasið fer að tæmast sendir hún aðvörun í tölvukerfi við barinn. Barþjónarnir geta þá hlaupið til og fyllt á áður en viðskiptavinurinn þarf að ómaka sig við að biðja um nýjan bjór. - hhs

Yahoo! opnar netbókasafn

Verk 18.000 bandarískra rithöfunda sett á netið.

Leitarvélarisinn Yahoo! ætlar, í samstarfi við nokkra háskóla og tvö evrópsk gagnasöfn, að gera aðgang að bókum, tónlist og myndefni greiðari á netinu. Stefnt er að því að gera bækur 18.000 bandarískra rithöfunda aðgengilegar á nokkurs konar netbókasafni. Google hefur nú þegar opnað slíkt safn en stendur nú í málaferlum vegna brota á höfundarréttarlögum. Yahoo! og samstarfsaðilarnir, sem sameiginlega hafa tekið sér nafnið OCA, ætla því að byrja á opna einungis aðgang að efni í almannaeigu og sem höfundar hafa þegar veitt leyfi fyrir að verði birt. Þeir hyggjast einnig skera sig frá Goggle með því að bjóða upp á dýpra efni í stað mikils fjölda leitarniðurstaðna.

LEITARVÉLARISINN YAHOO! Gerir aðgang að bókum, tónlist og myndefni greiðari á netinu.

OCA mun opna sitt fyrsta bókasafn á heimasíðunni www.opencontentalliance.org fyrir lok ársins 2005 og Yahoo! stefnir á að bækurnar verði einnig hægt að nálgast á leitarsíðum þess innan skamms. - hhs

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
8,2%*
Verðbréf 3 - Peningamarkaður
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.
*Nafnávöxtun frá 1. ágúst 2005 - 31. ágúst 2005 á ársgrundvelli

Blendnar tölur frá Pepsi

PepsiCo, bandaríski drykkjarframleiðandinn, tilkynnti um að tekjur félagsins á þriðja ársfjórðungi hefðu ekki aukist meira í þrjú og hálft ár vegna mikillar sölu á vatni og orkudrykkjum eins og Gatorade. Sala á gosdrykkjum eykst á erlendum mörkuðum en dregst saman heima fyrir.

Þrátt fyrir að tekjur fyrirtækisins hafi aukist um þrettán prósent milli ára féll hagnaður þess um 37 prósent og var um 53 milljarðar króna. Það gera 32 krónur á hvern hlut. Uppgjör félagsins var undir væntingum.

Norður-Ameríka er mikilvægasti markaður PepsiCo en þaðan koma tveir þriðju hlutar tekna fyrirtækisins.

Erkióvinurinn, Coca-Cola, skilar uppgjöri fljótlega og er búist við að hagnaður félagsins aukist um 34 prósent milli ára og verði 33 krónur á hvern hlut. - eþa

Fjögurra vikna verkfalli lokið

Fjögurra vikna verkfalli starfsfólks bandaríska flugvélaframleiðandans Boeing er nú lokið þar sem tuttugu þúsund verkamenn í Washington, Kansas og Oregon lögðu niður vinnu sína í upphafi mánaðarins. Eftir samningaviðræður við verkalýðsfélög var komist að samkomulagi um að hækka eftirlaunagreiðslur og hætta við áætlanir um að skera niður sjúkratryggingar auk annarra breytinga. Tafirnar á framleiðslunni hafa nú þegar kostað Boeing allt að 2 milljarða Bandaríkjadala. - hhs

Mobile Office
FRÁ OG VODAFONE

Alltaf í netsambandi
með Mobile Connect

Vodafone Mobile Connect kortið gerir hvaða stað sem er að vinnusvæðinu þínu. Með Mobile Connect kortið í fartölvunni þinni ertu alltaf í þráðlausu netsambandi hvar sem þú ert og hefur ávallt aðgang að þeim gögnum og hugbúnaði sem þú þarft á að halda.

» Þú getur alltaf skoðað tölvupóstinn þinn
» Þú getur alltaf sent SMS
» Þú kemst alltaf í hugbúnað og skrár um vinnuhlið þó að þú sért fjarri vinnustaðnum
» Þú getur alltaf vafrað á netinu
» **Mobile Connect** notar GPRS eða EDGE tækni, en EDGE eykur verulega flutningshraða í GSM kerfinu á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess hefur Og Vodafone sett upp gagnahraðal sem flýtir niðurhali og lækkar kostnað viðskiptavina.

Mobile Connect er hluti af **Mobile *Office***, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.

EINNIG VÆNTANLEGT
OKTÓBER BlackBerry frá Vodafone
NÓVEMBER Global Hotspots
DESEMBER Vodafone World

og vodafone
Heyrumst!

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone,** Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 29407 09/2005



Fréttablaðið/Valli

SIGURJÓN SIGHVATSSON Í REYKJAVÍK
Sigurjón var á dögunum í lokaviðræðum um kaup á dönsku fasteignafélagi samkvæmt heimildum Markaðarins. Ekkert hefur hins vegar spurst til fjárfestingarinnar síðan þá.

Sigurjón Sighvatsson vill kaupa fasteignafélag í Kaupmannahöfn

Sigurjón Sighvatsson bættist á dögunum í hóp áhugasamra fjárfesta sem herjað hafa á danskan markað þegar hann var nefndur sem væntanlegur kaupandi að dönsku fasteignafélagi. Baugur Group hefur þegar haslað sér völl á dönskum fasteignamarkaði í gegnum félagið Keops.

Hjálmar Blöndal
skrifar

Sigurjón Sighvatsson er í viðræðum um kaup á meirihluta í dönsku fasteignafélagi samkvæmt heimildum Markaðarins. Ekki liggur fyrir hversu stór hluturinn er sem Sigurjón er í viðræðum um að kaupa en þó segja heimildir Markaðarins að Sigurjón hafi áhuga á að eignast meirihluta í félaginu.
Fasteignaverð í Kaupmannahöfn hefur að mörgum verið talið langt undir verði sambærilegra borga í Evrópu og telja margir að þar muni draga til tíðinda á næstu árum.

SIGURJÓN OG ÍSLENSK ÚTRÁS Í KAUPMANNAHÖFN

Viðskiptaferill Sigurjóns nær langt aftur en hann hefur komið víða við í íslensku viðskiptalífi en hefur verið einna helst þekktur fyrir aðkomu sína að framleiðslu kvikmynda í Hollywood auk þess sem hann var á árum áður einn af aðaleigendum Stöðvar 2 og síðar Norðurljósa. Hann hefur síðan þá verið viðriðinn íslenskt viðskiptalíf og er nú meðal annars eigandi 66° Norður. Nafn Sigurjóns er einnig oft áberandi þegar talið berst að listaverkum og menningarverðmætum, enda er Sigurjón mikill áhugamaður um listir, en ekki síður er áhugi Sigurjóns á jörðum kunnur. Þannig keypti Sigurjón í liðsinni við aðra jörðina á Eiðum og nú nýlega var hann nefndur sem kaupandi að listaverki í Viðey auk þess sem hann keypti heilan fjörð á Austurlandi.

Þá hyggst Sigurjón stofna í samvinnu við aðra sjónvarpsstöðina BigTV sem er ætlað að ná til allra Norðurlandanna og sýna tónlistarmyndbönd og annað efni fyrir ungt fólk.

Nafn Sigurjóns bætist nú í hóp íslenskra fjárfesta í Danmörku sem hafa að undanförnu gert stórkaup í hinni fornu höfuðborg Íslands. Vöruhúsin Magasin du Nord og Illums hafa bæði verið seld til íslenskra fjárfesta og sama má segja með raftækjakeðjuna Merlin. Þá hefur Baugur Group eignast um þrjátíu prósenta hlut í fasteignafélaginu Keops en það félag er skráð í kauphöllina í Kaupmannahöfn og hefur gengi félagsins farið mjög upp á við á undanförnum mánuðum. Það virðist sem hóflegt hlutfall milli eigin fjár og skulda sé rétta uppskriftin að fjárfestingum Íslendinga í Danmörku sem fer misvel í danskt viðskiptalíf. Innrás Íslendinga á danskan markað hefur verið líkt við hefnd vegna einokunarverslunarinnar og úr hópi Íslendinga hafa heyrst gagnrýnisraddir um að fjárfestingarnar séu gerðar á skuldsettum grunni og geti hrunið eins og spilaborg við óhagstæð skilyrði. Aðrir líta hins vegar jákvæðum augum á fjárfestingarnar og fagna innkomu íslensks fjármagns og segja að íslensk uppkaup í stórum stíl geri dönsku viðskiptalífi gott þar sem Dani hafi skort frumkvæði sem Íslendingar hafi nóg af.

Samkvæmt heimildum Markaðarins vinna nú Íslandsbanki í Lúxemborg og Íslandsbanki á Íslandi að því að fjármagna kaup Sigurjóns á dönsku fasteignafélagi. Íslandsbanki hyggst í haust opna banka í Kaupmannahöfn sem er sérstaklega ætlaður til þess að styðja við fjárfestingar Íslendinga auk þess að veita almenningi hefðbundna bankaþjónustu. Það má því segja að Íslandsbanki fari hratt af stað ef af fjárfestingunni verður og hyggst eflaust koma að fleiri fjárfestingum á næstunni. Sigurjón var í Kaupmannahöfn á dögunum í lokaviðræðum um kaup á félaginu og var búist við því að línur færu að skýrast. Ekkert hefur hins vegar enn spurst til fjárfestingarinnar og velta margir því fyrir sér hvort Sigurjón hafi dregið í land en heimildarmaður Markaðarins sagði á dögunum að aðeins ætti eftir að fara yfir formsatriði áður en af samkomulaginu gæti orðið.

FASTEIGNAMARKAÐURINN OG KEOPS

Morgunblaðið greindi frá því í síðustu viku að fasteignafélagið, sem Sigurjón var í viðræðum um að kaupa, væri danska félagið Atlas Ejendommer. Stofnandi og eigandi félagsins er Mikael Goldschmidt en hann fagnaði á síðasta ári 25 ára afmæli félagsins. Í viðtali við danska blaðið Berlingske Tidende í tilefni afmælisins, lýsir Goldschmidt því hvernig hann byrjaði með tvær hendur tómar árið 1979 en í viðtalinu segir hann enn fremur frá því að hann hafi jafnvel áhuga á því að selja fyrirtækið.
Goldschmidt kannast hins vegar ekkert við að hafa selt fyrirtæki sitt. „Ég hef séð fréttir um þetta í dönskum blöðum og fengið fyrispurnir en ég hef aldrei talað við Sigurjón en er hins vegar að reyna ná í hann ef hann hefur áhuga á að kaupa," segir Goldschmidt.
Atlas Ejendommer er í miðborg Kaupmannahafnar og á 74 eignir sem í eru íbúðir en auk þess á félagið skrifstofu- og verslunarhúsnæði í miðborg Kaupmannahafnar. Meðal leigjenda eru ráðuneyti og stórfyrirtæki en íbúðir félagsins eru flestar gæðaeignir á eftirsóttustu stöðum borgarinnar.

Heildareignir félagsins nema nú um 28,5 milljörðum íslenskra króna og eigið fé félagsins var rétt um 9 milljarðar.

Danska blaðið Børsen greindi í fyrradag frá góðum árangri danska fasteignafélagsins Keops en félagið hefur fimmfaldast að virði frá því um áramótin. Baugur Group á um þrjátíu prósenta hlut í félaginu. Ekkert er þó vitað hvað vakir fyrir Sigurjóni Sighvatssyni í Kaupmannahöfn nema að hann var þar á dögunum og ætlaði sér stórt fasteignafélag.

Heildareignir félagsins nema nú um 28,5 milljörðum íslenskra króna og eigið fé félagsins var rétt um 9 milljarðar. Fjárfestingarstefna félagsins er að kaupa og leigja út eignir í miðborg Kaupmannahafnar og í Frederiksberg.

Galdurinn er að láta okkur vinna fyrir þig

JÓNAR TRANSPORT bjóða alhliða flutningsþjónustu í samstarfi við bestu flutningsaðila sem völ er á, bæði hérlendis og erlendis. Þéttriðið þjónustunet um allan heim tryggir flýti, öryggi, hagstæð gjöld og góða vörumeðhöndlun frá verksmiðjuvegg og heim í hlað.

JÓNAR TRANSPORT
-um víða veröld
Kjalarvogi • Sími 535 8000
jonar@jonar.is • www.jonar.is

... hvernig ferðin
verður gleðilegri

ef þú byrjar á puttanum

Með einum fingri tengir þú heimili þitt við stjórnstöð Securitas – öflugustu öryggisstjórnstöð landsins – áður en þú ferð í fríið.

Heimavörn Securitas felur í sér að við lánum þér fullkomið öryggiskerfi sem vaktar heimili þitt gagnvart hættum, s.s. innbrotum og bruna.
Við komum, ráðleggjum og setjum kerfið upp hratt og örugglega. Eftir það nýtur þú þess öryggis að heimilið er tengt stjórnstöð Securitas sem er staðsett á Neyðarlínunni 112.

Tryggðu þér Securitas öryggi með Heimavörn.

Eitt símtal núna – síminn er 580 7000

HÉR & NÚ / SÍA

SECURITAS

Innbrotakerfi • Aðgangsstýrikerfi • Öryggismyndavélar • Mönnuð gæsla • Öryggishnappur • Vöruverndarhlið • Slökkvitæki
Brunaviðvörunarkerfi • Sjálfvirk slökkvikerfi • Verðmætaflutningar • Farandgæsla • Hússtjórnarkerfi • Rýrnunareftirlit

Trúverðugleiki *Seðlabankans* að veði

Stýrivextir Seðlabanka Íslands hækkuðu í gær. Það getur tekið allt að tvö ár þar til áhrifin eru að fullu komin fram. Þetta er prófraun peningastefnunnar að mati Birgis Ísleifs Gunnarssonar. Verði verðbólgan áfram langt frá markmiðum Seðlabankans bíði trúverðugleiki bankans skaða sem erfitt verði að endurheimta. Björgvin Guðmundsson útskýrir hvernig vaxtaákvarðanir hafa áhrif út í hagkerfið.

Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 0,75 prósentustig í gær, 4. október. Stýrivextir bankans rru þá komnir í 10,25 prósent og hafa hækkað um tæp fimm prósentustig frá því í maí á síðasta ári. Var þetta meiri hækkun en spáð hafði verið af starfsfólki fjármálafyrirtækja.

„Með því að taka svo stórt skref að þessu sinni tekst vonandi að sannfæra einstaklinga, fyrirtæki og fjármálamarkaðinn um að Seðlabankanum sé full alvara með að halda verðbólgu sem næst verðbólgumarkmiði bankans á næstu tveimur árum og til lengri tíma þótt það kunni um tíma að koma hart niður á ýmsum atvinnugreinum," sagði Birgir Ísleifur Gunnarsson, fráfarandi seðlabankastjóri, þegar hann kynnti hækkunina. Markmið Seðlabankans er að halda verðbólgu sem næst 2,5 prósentum, en hún mældist 4,8 prósent í september.

Sá ferill sem fer af stað þegar stýrivextir hækka þangað til ákvörðunin hefur áhrif á verðbólgu kallast miðlunarferli peningamálastefnunnar. Peningamálastefna er sú stefna sem seðlabankinn fylgir til að ná markmiðum sínum. Rannsóknir sýna að það tekur allt að tvö ár að vaxtahækkun komi að fullu fram í minnkandi innlendri verðbólgu. En áhrif á suma þætti koma fram strax til dæmis á væntingar.

FYRST ÁHRIF Á FJÁRMÁLAKERFIÐ SVO FÓLKIÐ

Þórarinn G. Pétursson, hagfræðingur Seðlabankans, segir að fyrsti hluti miðlunarferlisins sé í gegnum fjármálakerfið. Almennt séð valdi ófyrirséð hækkun stýrivaxta því að langtímavextir hækka, verð á eignum lækkar, peningamagn í umferð dregst saman og gengi innlends gjaldmiðils styrkist. Þessi áhrif komi yfirleitt mjög fljótt fram, innan nokkurra mánaða, en áhrifin séu hins vegar breytileg og ráðist af þáttum eins og stöðu hagkerfisins, væntingum almennings og trúverðugleika Seðlabankans.

„Með því að hafa áhrif á vexti, eignaverð, gengi innlends gjaldmiðils og peningamagn í umferð hefur peningastefnan áhrif á hegðun einstaklinga eftir mismunandi leiðum," segir Þórarinn í grein um miðlunarferli Seðlabankans sem birtist í Peningamálum í desember 2004.

Með öðrum orðum þá leiðir hækkun vaxta til þess að hagstæðara verður að spara og óhagstæðara að skulda – til dæmis yfirdráttarlán, sem teljast til skammtímaskulda. Neysla í dag er orðin hlutfallslega dýrari miðað við neyslu í framtíðinni. Þar gætir áhrifa vaxtahækkana fljótt í fjármálakerfinu. Óljósara er með langtímaskuldir þar sem mikið af þeim er með föstum vöxtun en þau lán sem eru með breytilegum vöxtum hækka væntanlega fljótlega eftir vaxtahækkun. Birgir Ísleifur sagði í samtali við Markaðinn að Seðlabanki Íslands ætti í sambærilegum vanda og Seðlabanki Bandaríkjanna; vextir af langtímalánum færu ekki upp þrátt fyrir hækkun stýrivaxta.

Vaxtahækkun hefur þannig áhrif á ákvarðanir einstaklinga varðandi útgjöld. Þar sem ráðstöfunartekjur minnka dregur að öllu jöfnu úr útgjöldum fólks. Svipaða sögu er að segja um áhrifin á fyrirtækin. Eins er almenna reglan sú samkvæmt hagfræðinni að eignir, eins og hlutabréf og húsnæði, lækki við vaxtahækkun. Dýrara er að fjármagna íbúðarkaup og eftirspurn minnkar í kjölfarið. Þar sem þessar eignir eru stór hluti af eignum flestra ætti neysla að dragast saman þar sem auður hefur minnkað.

HAGNAÐUR FYRIRTÆKJA MINNKAR

Ef gengi hækkar eins og raunin varð við óvænta hækkun stýrivaxta Seðlabankans nú þá leiðir það til þess að innfluttar vörur og þjónusta verða hlutfallslega ódýrari en áður miðað við innlendar vörur. Það beinir eftirspurninni út úr hagkerfinu með breyttri samsetningu neysluútgjalda. Ef einstaklingar hins vegar skulda í erlendri mynt en hafa tekjur í krónum þá verður vaxtabyrðin léttari þegar gengi krónunnar styrkist. Þessi áhrif geta svo aftur dregið úr áhrifamætti peningastefnunnar.

Þórarinn G. Pétursson segir að yfirleitt valdi vaxtahækkun seðlabanka því að fjárfestingar og umsvif fyrirtækja dragast saman. Hjá þeim fyrirtækjum sem fjármagni sig með bankalánum, eða eftir öðrum leiðum sem tengdar eru þróun innlendra skammtímavaxta, hækki lántökukostnaður og hagnaður minnki. Þó beri að hafa í huga að sum fyrirtæki, til dæmis þau sem hafa lítið af skammtímaeignum eða -skuldum, verði líklega fyrir litlum beinum áhrifum af vaxtabreytingum.

Þórarinn segir því að peningastefnan hafi áhrif á útgjaldaákvarðanir fyrirtækja eftir margvíslegum leiðum. Erfitt sé að segja fyrir um hversu mikil þessi áhrif séu og stundum gætu þau verið öfug. Líklegt sé að þau ráðist meðal annars af því hvernig væntingar fyrirtækja verði fyrir áhrifum peningastefnunnar.

ÁHRIF Á EFTIRSPURN OG VERÐBÓLGU

Þegar allar ákvarðanir einstaklinga og fyrirtækja í landinu eru lagðar saman eru áhrifin þau að eftirspurn dregst saman í kjölfar hækkunar stýrivaxta. Teknar eru ákvarðanir, almennt séð, um það að draga úr útgjöldum og neyslu. Þetta getur svo aftur haft áhrif á aðra einstaklinga sem jafnvel urðu ekki fyrir neinum beinum áhrifum af peningamálastefnunni. Heildareftirspurnin dregst saman eða vex ekki jafn hratt og áður.

„Aðeins á því framleiðslustigi þar sem innlend eftirspurn samsvarar framleiðslugetu hagkerfisins getur verðbólga orðið stöðug,"

Helsta stjórntæki Seðlabankans er svokölluð endurhverf verðbréfaviðskipti við lánastofnanir. Í endurhverfum kaupum lánar Seðlabankinn fé gegn veði í verðbréfum og gengur lánið til baka að 7 dögum liðnum. Hvati viðskiptanna er að lánastofnanir þurfa stundum laust fé í takmarkaðan tíma og geta fengið það frá Seðlabankanum. Seðlabankinn hefur þá áhrif á vaxtastigið í landinu með því að ákveða vextina í þessum viðskiptum. Lánastofnanirnar þurfa svo að lána féð áfram á jafnháum eða hærri vöxtum til viðskiptavina til að tapa ekki á viðskiptum við Seðlabankann.

GEIR HALLGRÍMSSON OG DAVÍÐ ODDSSON Pólitísk afskipti af Seðlabankanum voru mikil þegar Geir settist í stól seðlabankastjóra árið 1986. Þá var afkoma sjávarútvegsins lykilatriði í íslensku efnahagslífi og tók peningamálastefnan mið af því. Nú þegar Davíð tekur við seinnihluta október hafa pólitísk ítök í Seðlabankanum minnkað mikið. Þó skipar forsætisráðherra seðlabankastjóra og bankaráð er skipað af Alþingi, enda er þetta ríkisbanki.

Markmið og verkfæri Seðlabankans

Verðbólgumarkmið Seðlabankans var tekið upp í lok mars árið 2001. Seinni helming síðustu aldar var rekin svokölluð fastgengisstefna af ýmsu tagi sem miðaði við gengisskráningu íslensku krónunnar. Seðlabankinn hafði nær ekkert sjálfstæði og var stjórnað með íhlutun ríkisstjórna og ráðherra. Hins vegar voru engar forsendur til að stíga það skref sem stigið var árið 2001 þar sem umgjörð peningamála var mjög frábrugðin því sem nú er. Sem dæmi voru ekki fjármálamarkaðir eins og nú þekkist og skipulegur millibankamarkaður fyrir gjaldeyri tók fyrst til starfa árið 1993. Árið 1995 voru svo fjármagnsflutningar gefnir frjálsir. Fljótlega eftir áramótin 2001 reyndist Seðlabankanum erfitt að framfylgja fastgengisstefnu sinni og var lögum um bankann breytt í kjölfarið. Gengi krónunnar látið ráðast á gjaldeyrismarkaði og verðbólgumarkmið tekið upp.

1904-1945
Hagstjórnarmarkmið: stöðugt verðlag.
Millimarkmið: Fastgengi miðað við gullfót eða pund.
Stýritæki: Forvextir víxla hjá Landsbankanum, síðar alls kyns höft.

1945-1960
Hagstjórnarmarkmið: stöðugt verðlag, stöðug atvinna.
Millimarkmið: Sveigjanlegt fastgengi m.v. Bretton Woods.
Stýritæki: Höft á flestu mögulegu.

1960-1972
Hagstjórnarmarkmið: stöðug atvinna, stöðugt verðlag.
Millimarkmið: Sveigjanlegt fastgengi m.v. Bretton Woods.
Stýritæki: Gengisskráning krónunnar og höft á fjármagnsmarkaði.

1972-1989
Hagstjórnarmarkmið: stöðug atvinna.
Millimarkmið: jafnvægi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.
Stýritæki: Gengisskráning krónunnar og höft á fjármagnsmarkaði.

1989-2001
Hagstjórnarmarkmið: stöðug verðbólga, stöðug atvinna.
Millimarkmið: fastgengi krónunnar við myntkörfu.
Stýritæki: Gengisskráning krónunnar og vextir á millibankamarkaði 1989-1998. Vextir í endurhverfanlegum viðskiptum eftir 1998. Lausafjárkvaðir 1999-2000.

2001-
Hagstjórnarmarkmið: stöðug verðbólga – verðbólgumarkmið.
Millimarkmið: Tveggja ára verðbólguspá Seðlabankans.
Stýritæki: Vextir í endurhverfanlegum viðskiptum.

Hagstjórnarmarkmið er lokamarkmið sem peningamálastefnunni er ætlað að ná.

Millimarkmið eru atriði sem skipta miklu mál i fyrir framgang hagstjórnarmarkmiðs eins og til dæmis verðbólguspá Seðlabankans.

Styritæki eru atriði sem eru undir beinni stjórn Seðlabankans og hann notar til að ná markmiðum sínum.

Fréttablaðið/Valgarður

BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON, FRÁFARANDI SEÐLABANKASTJÓRI, HEFUR VERIÐ ÚTVÖRÐUR PENINGASTEFNUNNAR „Seðlabankinn telur brýnt að peningastefnan standist þessa prófraun og að verðbólga víki ekki nema skamma hríð umtalsvert frá verðbólgumarkmiði hans. Að öðrum kosti er hætt við að trúverðugleiki bankans og peningastefnunnar bíði skaða sem erfitt getur reynst að endurheimta," sagði Birgir.

segir Þórarinn í grein sinni Miðlun peningastefnunnar. „Hins vegar er mikilvægt að átta sig á því að það verðbólgustig getur bæði verið hátt eða lágt, allt eftir því hverjar verðbólguvæntingar almennings eru."

Hann segir að þjóðfélagslegur kostnaður mikillar verðbólgu sé meiri en lítillar. Mikil verðbólga hafi í för með sér töluverðan kostnað í formi skattlagningar sem sé þjóðhagslega óhagkvæm. „Það er því hlutverk peningastefnunnar að tryggja jafnvægi í hagkerfinu og litla og stöðuga verðbólgu. Það markmið næst eingöngu ef almenningur telur stefnuna trúverðuga þannig að verðbólguvæntingar endurspegli verðbólgumarkmið Seðlabankans." Og með því að hækka stýrivexti Seðlabankans sagðist Birgir Ísleifur einmitt vera að ná niður verðbólguvæntingum svo þær féllu betur að markmiðum bankans.

Allt hefur þetta hefur áhrif á miðlunarferli peningamálastefnunnar, það er hvernig ákvörðun Seðlabankans um að hækka vexti dregur úr eftirspurn og lækkar verðbólgu. Hversu vel þetta gengur er er ekki ljóst og ræðst af þáttum eins og stöðu hagkerfisins, væntingum almennings og trúverðugleika Seðlabankans.

Þórarinn segir rannsóknir í iðnríkjum benda til þess að áhrif breytingar stýrivaxta seðlabanka fari að meðaltali að koma fram í innlendri eftirspurn eftir um það bil hálft ár. Áhrifin séu komin fram með fullum þunga eftir um það bil eitt til eitt og hálft ár. Síðan fari áhrifanna að gæta í innlendri verðbólgu eitthvað síðar. Full áhrif náist eftir eitt og hálft til tvö ár.

VILL ENDURHEIMTA TRÚVERÐUGLEIKA

Birgir Ísleifur Gunnarsson gerði einmitt stöðu hagkerfisins, væntingar almennings og trúverðugleika Seðlabankans að umtalsefni þegar hann kynnti hækkun stýrivaxta í síðustu viku. Sagði hann verðbólguhorfur til næstu tveggja ára óviðunandi og verðbólguvæntingar umfram markmið Seðlabankans virtust hafa grafið um sig.

„Greiningardeildir og aðrir sem móta viðhorf virðast gera ráð fyrir því að Seðlabankinn muni leyfa verðbólgu að aukast langt upp fyrir verðbólgumarkmið bankans og haldast þar án þess að aðhafast nokkuð," sagði Birgir Ísleifur. Því gæti bankinn þurft að hækka vexti meira en áður til að ná þessum væntingum niður í átt að markmiðunum. „Væntingar markaðsaðila um að stutt sé í að stýrivextir nái hámarki og muni fljótlega lækka á ný eru óraunsæjar og tefja fyrir miðlun peingastefnunnar um vaxtarófið."

Birgir er með þessu að segja að vaxtahækkanir Seðlabankans hafi ekki dugað til að sannfæra fólk um að bankanum sé full alvara að ná verðbólgumarkmiðum sínu. Því þurfi bankinn að láta slag standa og hækka vexti enn meir. Þetta hafi jafnvel tafið fyrir framgangi peningamálastefnunnar, sem lýst er hér að framan, og vaxtahækkanirnar því ekki haft eins mikil áhrif en ella.

PENINGASTEFNAN Í SUMARFRÍ

Til þess að fólk trúi því að Seðlabankanum sé alvara verður hann að búa yfir trúverðugleika. Þess vegna er lögð áhersla á trúverðugleika og sjálfstæði Seðlabankans til að hann nái að framfylgja lögbundnu hlutverki sínu og markmiði. Í vegvísi Greiningardeildar Landsbankans daginn eftir að stýrivaxtahækkunin var kynnt var lýst eftir trúverðugleika Seðlabankans.

„Seðlabankinn spilar djarft og leggur mjög ríka áherslu á að endurheimta trúverðugleikann. Til þess þurfa athafnir að fylgja orðum," sagði Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildarinnar, í samtali við Fréttablaðið. Í Vegvísi kemur fram sú gagnrýni á Seðlabankann að hann hafi ekki framfylgt stefnu, sem hafi mátt lesa í Peningamálum í júní síðastliðinn, að hækka vexti. Of langur tími hafi liðið í sumar án vaxtahækkana. „Það hefði því mátt festa trúverðugleikann í sessi og slá á verðbólguvæntingar með vaxtahækkun seinni part sumars. Það var ekki gert og því fóru að læðast efasemdir að sérfræðingunum um einurð Seðlabankans," segir í ritinu. „Peningastefnan má ekki fara í sumarfrí."

SEÐLABANKINN STANDIST PRÓFRAUN

Trúverðugleikinn er mikilvægur fyrir miðlun peningastefnunnar. Með honum er hægt að hafa áhrif á væntingar og hegðun einstaklinganna. Þetta er eitt af öflugustu tækjum Seðlabankans sem auðvelt er að veikja. Birgir Ísleifur hefur gengið í gegnum miklar breytingar á starfsemi og umhverfi Seðlabankans. Hann áttar sig á þessu og vill fullvissa aðra um það.

„Á næstu árum verða aðstæður í þjóðarbúskapnum óvenju erfiðar frá sjónarhóli peningastefnunnar. Hvernig tekst að beita henni til þess að koma í veg fyrir að verðbólga umfram markmið festi rætur verður nokkur prófsteinn á hve vel núverandi umgjörð hennar hentar litlu, opnu hagkerfi. Seðlabankinn telur brýnt að peningastefnan standist þessa prófraun og að verðbólga víki ekki nema skamma hríð umtalsvert frá verðbólgumarkmiði hans. Að öðrum kosti er hætt við að trúverðugleiki bankans og peningastefnunnar bíði skaða sem erfitt getur reynst að endurheimta," sagði Birgir Ísleifur Gunnarsson, fráfarandi seðlabankastjóri.

VERÐBÓLGA BRENGLAR VERÐSKYN FÓLKS Mikil verðbólga gerir fólki erfiðara að greina á milli almennra verðhækkana og hækkana milli vara. Verðbólga dregur því úr upplýsingagildi verðkerfisins.

Sammála um skaðsemi verðbólgu

Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi samkvæmt lögum. Birgir Ísleifur Gunnarsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, sagði í síðustu viku að mikil hækkun stýrivaxta 4. október væri til að sannfæra fólk um að bankanum væri full alvara með að halda verðbólgu sem næst verðbólgumarkmiði á næstu tveimur árum. Markmiðið miðast við 2,5 prósenta verðbólgu.

En af hverju þessi áhersla á verðstöðugleika? Þórarinn G. Pétursson, hagfræðingur í Seðlabankanum, segir að almennt virðist sátt ríkja meðal almennings, stjórnmálamanna, seðlabankamanna og fræðimanna um skaðsemi verðbólgu. Rannsóknir sýni að ekki sé hægt að ná fram auknum hagvexti með meiri verðbólgu til langs tíma. Það eigi við þótt til skamms tíma sé hægt að auka hagvöxt með eftirlátssamri peningastefnu.

Í grein sem Þórarinn ritaði í Peningamál árið 2000 segir hann að mikil og breytileg verðbólga geri til dæmis almenningi erfiðara fyrir að greina á milli almennra og hlutfallslegra verðhækkana og dregur því úr upplýsingagildi verðkerfisins. Þannig geri verðbólgan einstaklingum, fyrirtækjum og hinu opinbera erfiðara fyrir að taka skynsamar langtímaákvarðanir. Þetta geri það að verkum að skilvirkni hagkerfisins minnki og þannig geti verðbólga skaðað hagvaxtarmöguleika þess til langs tíma.

„Því má ljóst vera að stöðugt verðlag er æskilegt hagstjórnarmarkmið í sjálfu sér," segir Þórarinn. „Flestir hagfræðingar eru í dag sammála því að til langs tíma sé verðbólga fyrst og fremst peningalegt fyrirbæri. Stjórn peningamála hefur því aðeins áhrif á verðlag til langs tíma en ekki á hagvöxt eða atvinnu. Þar sem seðlabankar hafa aðeins eitt stjórntæki og geta því aðeins náð einu þjóðhagslegu markmiði til langs tíma er eðlilegt að endanlegt markmið peningamála sé stöðugt verðlag."

SVONA VIRKAR PENINGASTEFNAN

Peningastefna Seðlabanka Íslands miðast við að beita vöxtum bankans í viðskiptum við aðrar fjármálastofnanir á peningamarkaði til að hafa áhrif á hegðun einstaklinga og fyrirtækja. Ferlið hér að neðan lýsir því hvernig vaxtaákvarðanir hafa áhrif á eftirspurn í hagkerfinu, verðbólguvæntingar og verðbólgu. Er það kallað miðlunarferli peningastefnunnar.



FÓLK Á FERLI

GUÐMUNDUR NIKULÁSSON verður framkvæmdastjóri innanlandssviðs Eimskips.

Guðmundur hóf störf hjá Eimskipi í september 1997 sem forstöðumaður rekstrardeildar vöruhafna, þá gámahafnar, og hefur gegnt því starfi síðan. Guðmundur lauk Civ.Ing.M.Sc.-prófi í byggingaverkfræði frá DTH í Kaupmannahöfn árið 1987.

RAGNAR ÞÓR JÓNSSON verður framkvæmdastjóri millilandasviðs Eimskips.

Ragnar Þór hóf störf hjá Eimskip við sumarafleysingar í flutningastýringu árið 1998. Hann var ráðinn aftur til starfa í flutningastýringu í janúar 1999. Í nóvember 2000 tók Ragnar Þór við starfi forstöðumanns flutningastýringar og varð forstöðumaður innflutningsdeildar Eimskips í ágúst 2004. Ragnar Þór lauk M.Sc.-prófi frá Boston University árið 1998. Hann útskrifaðist sem vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands í febrúar 1995.

BRAGI ÞÓR MARINÓSSON verður framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Eimskips.

Bragi Þór hóf störf hjá Eimskip árið 1993 sem fulltrúi í utanlandsdeild en hafði verið við sumarafleysingar í gæðastjórnunardeild sumrin 1991 og 1992. Hann varð gæðastjóri á þróunarsviði árið 1995 og tók við starfi deildarstjóra utanlandsdeildar árið 1997. Í júní 1999 flutti Bragi Þór til Hollands þar sem hann gegndi starfi forstöðumanns Eimskips í Hollandi og Belgíu, þar til hann tók við starfi framkvæmdastjóra utanlandssviðs í febrúar 2004. Bragi Þór útskrifaðist úr vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1991 og með M.Sc. í rekstrarverkfræði frá Danmarks Tekniske Universitet árið 1993.

HANNA KATRÍN FRIÐRIKSSON hefur verið ráðin í starf framkvæmdastjóra stjórnunarsviðs Eimskips

en hún var ráðin sem ráðgjafi forstjóra hjá Eimskip 9. ágúst síðastliðinn. Hanna Katrín starfaði hjá Háskólanum í Reykjavík sem framkvæmdastjóri Stjórnendaskóla HR árin 2001-2003 og sem framkvæmdastjóri HR 2003-2004. Hanna Katrín vann að þróunarmálum auk kennslu og ráðgjafar hjá Stjórnendaskólanum fyrri hluta árs 2005. Árin 1989-2001 starfaði Hanna Katrín sem blaðamaður á Morgunblaðinu. Hanna Katrín lauk MBA-gráðu frá Graduate School of Management, University of California árið 2001. Hún er með BA-gráðu í heimspeki og hagfræði frá Háskóla Íslands

Herra Örlygur í megastuði

Reykjavíkurborg verður í október lögð undir tónlistarhátíðina Airwaves í sjöunda sinn. Forsvarsmaður Herra Örlygs, Þorsteinn Stephensen, gaf sér tíma fyrir *Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur* í miðjum undirbúningnum.

Fyrirtækið Herra Örlygur var stofnað formlega í upphafi árs 1999 í þeim tilgangi að halda svokallaða „showcase"-tónleika fyrir hljómsveitina Gus Gus sem var að gefa út sína aðra plötu. Þá kom upp sú hugmynd að bjóða erlendu bransafólki og blaðamönnum hingað til lands í stað þess að flytja hljómsveitina og allt sem henni fylgdi út. Tónleikarnir voru haldnir í flugskýli á Reykjavíkurflugvelli í kolbrjáluðu veðri í febrúarmánuði og úr varð mjög eftirminnilegur viðburður. Upp úr þessu fæddist hugmyndin um að búa til árlegan viðburð til að kynna íslenska tónlist og í október sama ár var fyrsta opinbera Airwaves-hátíðin haldin. Það ár komu fjórar hljómsveitir fram á hátíðinni og síðan hefur hún vaxið og dafnað hratt. Nú, á þeirri sjöundu í röðinni, er búist við að hingað komi um 1.500 manns erlendis frá og ef það verður uppselt eins og allt stefnir í sækja tæplega 5.000 manns hátíðina heim, að meðtöldum þeim listamönnunum sem koma fram.

TRAUST SAMSTARF

Nafn hátíðarinnar er bein tilvísun í Icelandair sem hjálpaði til við að flytja inn blaðamenn á Gus Gus-tónleikana og hefur síðan verið þeirra stoð og stytta. Þorsteinn lætur mjög vel að samstarfinu við Icelandair og segir ómetanlegt hversu mikið fyrirtækið hefur gert fyrir íslenska tónlist. Icelandair styður við Airwaves á ýmsa vegu, t.a.m. með frímiðum fyrir listamenn og aðra. Einnig styðja þeir þá fjárhagslega og ekki síst með því að veita Airwaves aðgang að víðtæku tengslaneti Icelandair erlendis. Þeirra aðkoma að þessari landkynningu er því margþætt.

Árið 2001 bættist Reykjavíkurborg í hóp velunnara Airwaves-hátíðarinnar og hefur síðan staðið henni þétt að baki fjárhagslega. Höfuðborgarstofa, undir stjórn Svanhildar Konráðsdóttur, hefur hjálpað þeim á ýmsan máta. Útflutningsráð hefur einnig lagt sitt af mörkum en það stendur að hluta til undir kostnaði við starfsmann fyrirtækisins í London.

GÖTUMARKAÐSSETNING

Almannatengsl eru að sögn Þorsteins langsterkasta vopnið í allri markaðssetningu fyrirtækisins. Þar á bæ er einn maður í fullu starfi við að „plögga" í fjölmiðla. Í ár eru um 30 erlendir listamenn á hátíðinni og veitir hver þeirra íslenskum fjölmiðlum allt að fimm viðtöl. Airwaves-hátíðin leggur mikið upp úr að halda úti góðri heimasíðu með upplýsingum um hljómsveitirnar og tóndæmum og fær hún um tuttugu þúsund heimsóknir á viku.

„Götugengið" á einnig stóran þátt í markaðssetningu á Airwaves en það samanstendur af fimm harðsvíruðum tónlistaráhugamönnum sem dreifa plaggötum, dreifimiðum og öðru í skólana, á barina og aðra mannfagnaði þar sem líklegt er að þeir haldi sig sem tilheyra markhópi hátíðarinnar. Eini hluti markaðssetningarinnar sem talist getur hefðbundinn er útvarpið, enda er það helsti vettvangur tónlistarinnar og liggur beint við að auglýsa tónleika með því að leyfa fólki að heyra tóndæmi.

Í alþjóðlegum samanburði er Airwaves-hátíðin lítil og viðráðanleg og Þorsteinn telur það vera af hinu góða. Með of mikilli útþenslu myndi hátíðin missa mikið af þeim anda sem hún hefur og því leggur hann frekar áherslu á að auka gæði hátíðarinnar en umfang hennar.

Herra Örlygur
Austurstræti 12
Stofnað 1999
Eigandi: Þorsteinn Stephensen
Starfsmenn: 4 og hálfur

EKKI BARA AIRWAVES

Airwaves-hátíðin er einungis einn hluti af starfsemi Herra Örlygs þótt hún taki vissulega mikið til sín af orku og tíma fyrirtækisins en tekjur af henni eru ekki nema um 20-25 prósent af heildarveltu fyrirtæksins. Tekjur fyrirtækisins koma fyrst og fremst af miðasölu en síðustu fjögur ár hefur það velt í kringum 100 milljónum á ári, allt eftir því hve margir góðir tónleikar nást á ári.

Stærsti hluti af starfsemi Örlygs felst í því flytja inn til landsins erlenda listamenn og standa fyrir ýmiss konar listtengdum viðburðum. Þeir hafa líka tekið að sér skipulagningu á stórum viðburðum fyrir fyrirtæki. Sem dæmi má nefna Stuðmannatónleika í London á síðasta ári sem Baugur, Icelandair og Coca Cola stóðu fyrir.

Eftir því sem fyrirtækið stækkar og safnar í reynslubankann opnast fyrirtækinu fleiri möguleikar. Nú er Herra Örlygur að hefja samstarf við stórt breskt tónlistarfyrirtæki sem heitir Channel Fly og er umboðsskrifstofa fyrir margar frægar hljómsveitir, t.d. Franz Ferdinand sem hélt einmitt tónleika hér nýlega á vegum Herra Örlygs. Channel Fly er að koma á fót árvissri tónlistarhátíð í Brighton á Englandi sem kallast Exposure og er Airwaves fyrirmyndin að henni. Hlutverk Herra Örlygs í samstarfinu felst meðal annars í því að skipuleggja hluta hátíðarinnar og vinna að kynningarmálum.

BREYTTIR TÍMAR OG BJART FRAM UNDAN

Þorsteinn segir ekki á vísan að róa á þessum markaði eins og er því nú eru mun fleiri í þessum bransa og markaðsumhverfið gjörbreytt. „Þegar framboðið var minna gat maður verið vongóður um betri miðasölu en í dag en nú skiptir öllu máli að hitta á réttu stærðina á húsi og vera með samninga við hljómsveitir sem setja menn ekki í of mikla spennitreyju."

Framtíð Herra Örlygs er björt. Fimm ára samningur við Icelandair er í höfn svo að Airwaves ætti að lifa góðu lífi næstu fimm árin og Þorsteinn og félagar ætla að halda sínu striki við að flytja inn skemmtilega tónlist. Hann er ákveðinn í því að nýta þau tækifæri sem þeim hafa boðist í samstarfi við ýmsa aðila erlendis. „Við ætlum að sækja okkur fleiri verkefni og meiri tekjur með því að fara í samstarf við þá aðila sem hafa lýst áhuga á því. Og það verður bara að koma ljós hvað kemur út úr því. En við erum í megastuði." - hhs

Fréttablaðið/Stefán

ÞORSTEINN STEPHENSEN ER HERRA ÖRLYGUR Stærsti hluti af starfsemi Örlygs felst í því flytja inn til landsins erlenda listamenn og standa fyrir ýmiss konar listatengdum viðburðum.

BESTA RÁÐIÐ

Óvinurinn er við sjálf

Svafa Grönfeldt er framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Actavis Group og lektor í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Þegar hún er spurð að því hvert er besta ráðið sem henni hefur verið gefið minnist hún sérstaklega þess sem góður vinur og vinnufélagi hennar sagði eitt sinn þegar hún efaðist um að passa inn í nýtt hlutverk sem hún var um það bil að taka að sér: „Gleymdu aldrei hvaðan þú kemur og hvað það var sem kom þér þangað."

Boðskapurinn er sá að sama hvaða hlutverk eða ábyrgðarstörf við tökum að okkur þá byggjum við á fyrri reynslu og búum ávallt að þeim grunni hversu ógnvekjandi sem verkefnin sýnast. Einnig að nýju fötin keisarans eru haldlítil ef maður gleymir þeim grunngildum og eiginleikum sem reynst hafa manni best sama hvort leiðin liggur upp á við eða niður á við.

Orðatiltækið „We have met the enemy, and he is us" sem haft er eftir Walt Kelly er einnig í sérstöku uppáhaldi hjá Svöfu. Hún túlkar það svo að við sjálf höfum mest um það að segja hvort við höfum hugrekki og dómgreind til að takast á við þau tækifæri og ógnanir sem mæta okkur í leik og starfi. - hhs

KJARNAKONAN SVAFA GRÖNFELDT „Það erum við sjálf sem stjórnum því hvort við höfum hugrekki og dómgreind til að takast á við þau tækifæri og ógnanir sem mæta okkur í leik og starfi."

Skoða eign í Íslandsbanka

Fjármálaeftirlitið er með eignarhlut Straums - Burðaráss í Íslandsbanka til skoðunar.

Straumur - Burðarás á samtals ríflega 26 prósenta hlut í Íslandsbanka eftir sameiningu félaganna.

Fyrir átti Straumur ríflega nítján prósenta hlut í Íslandsbanka. Við það að fara yfir fimmtungshlut í bankanum þarf að sækja um það til Fjármálaeftirlitsins að fara með slíkan hlut í bankanum samkvæmt reglum um virka eignarhluti í fjármálafyrirtækjum.

Fjármálaeftirlitið er með umsókn Straums - Burðaráss til skoðunar, en sömu aðilar, Björgólfsfeðgar, eru stærstu eigendur Straums - Burðaráss og Landsbankans. Það kann að hafa áhrif á hvort og hvernig Fjármálaeftirlitið heimilar meðferð svo stórs eignarhlutar. - **hh**

EIGNARHLUTUR SKOÐAÐUR Meðal þess sem Fjármálaeftirlitið mun skoða er eignarhald í Straumi - Burðarási við mat á ríflega fjórðungshlut félagsins í Íslandsbanka.

Eimskip eignast CTG að fullu

Eimskip hefur eignast norska flutningafyrirtækið CTG að fullu en félagið var áður í 51 prósents eigu Eimskips. Eimskip keypti meirihluta í félaginu í janúar 2004 en það sérhæfir sig í flutningum og geymslu á frystum og kældum sjávarafurðum.

CTG veltir um 1,5 milljarði króna á þessu ári sem er mikil aukning frá fyrra ári og gerir Eimskip ráð fyrir því að velta félagsins vaxi hratt. Virði félagsins er rúmlega einn milljarður íslenskra króna. - **hb**

DETTIFOSS KEMUR TIL LANDSINS Eimskip hefur eignast norska flutningafyrirtækið CTG að fullu.

INNFLUTNINGUR MEÐ DHL

EITT FYRIRTÆKI
EINN GJALDMIÐILL
EINN REIKNINGUR
EINU ÁHYGGJUEFNINU FÆRRA

Innflutningshraðsendingar DHL auðvelda innflutning

Innflutningur hefur venjulega í för með sér fjölmörg símtöl, marga reikninga, fleiri en einn gjaldmiðil og mörg höfuðverkjarköst. En ekki með innflutningshraðsendingum DHL. Allt sem þarf er eitt símtal. Við sjáum um restina, allt frá því að sækja vöruna, þangað til við afhendum hana viðtakanda. Auk þess færðu fullt verð uppgefið fyrirfram. Og aðeins einn reikning í íslenskum krónum. Engu skiptir hvort þú ert að flytja inn þungan farm frá Sjanghæ eða sýnishorn frá San Francisco, þú getur alltaf treyst á DHL.

Kannaðu málið á dhl.is eða í síma 535 1100.

DHL EXPRESS

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Sterk króna er afleiðing efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar:

Seðlabankinn átti ekki annað ráð

Hafliði Helgason

Seðlabankinn sendi skýr skilaboð með ákvörðun um hækkun stýrivaxta sem tók gildi í gær. Þar svaraði bankinn efasemdum á markaði um aðhald peningastefnunnar.

Fyrir vaxtahækkunina höfðu verðbólguvæntingar á markaði verið mun hærri en verðbólgumarkmið Seðlabankans. Bankinn varð því að taka myndarlega á til að verja trúverðugleika sinn. Sú gagnrýni hefur komið fram að með því að láta svo langan tíma líða milli vaxtahækkana hafi bankinn dregið úr trúverðugleika peningastefnunnar og því þurft að vinna til baka tapað traust. Búast má við því að bankinn taki þessa gagnrýni til sín og standi vaktina um trúverðugleikann næstu mánuði. Vextir munu verða hækkaðir og það líklega töluvert í viðbót frá því sem nú er.

Fjárlögin sem kynnt voru á mánudag eru ekki nægjanlega aðhaldssöm til þess að gefa vonir um að vextir Seðlabankans séu að nálgast hámark. Skattalækkanir á næsta ári, eins jákvæð og slík aðgerð er í sjálfu sér, munu heldur ekki draga úr þörf bankans fyrir frekari vaxtahækkun.

Stjórnarþingmenn stíga nú fram og gagnrýna Seðlabankann fyrir hækkunina. Afleiðing hækkunarinnar er hærra gengi en útflutnings- og samkeppnisgreinar geta til lengri tíma búið við. Þeir stjórnmálamenn sem bera ábyrgð á stjórn efnahagsmála geta ekki leyft sér að bera slíkt á borð. Seðlabankanum ber lögum samkvæmt að verja verðbólgumarkmiðið. Til þess að fylgja eftir markmiðum um lága verðbólgu hefur bankinn í stórum dráttum eitt tæki sem eru stýrivextir. Vaxtamunurinn sem háir vextir skapa milli landsins og helstu viðskiptalanda gerir það að verkum að krónan styrkist. Ástæða hárra stýrivaxta er hins vegar ekki Seðlabankinn. Gerðir bankans eru afleiðing þess efnahagsástands sem er í landinu, en ekki orsök hennar.

Vaxtamunurinn sem háir vextir skapa milli landsins og helstu viðskiptalanda gerir það að verkum að krónan styrkist. Ástæða hárra stýrivaxta er hins vegar ekki Seðlabankinn. Gerðir bankans eru afleiðing þess efnahagsástands sem er í landinu, en ekki orsök hennar.

Þetta eiga stjórnmálamenn að vita. Ákvarðanir þeirra sem fara með meirihlutavaldið á þingi er það sem kyndir nú undir þenslunni.

Sterk króna og háir skammtímavextir eru íþyngjandi fyrir atvinnulífið og heimilin. Yfirdráttarlán heimila hafa hækkað verulega að undanförnu og háir stýrivextir munu fyrr eða síðar bitna á einkaneyslunni. Það væri óskandi að skattalækkun ríkisstjórnarinnar verði nýtt til að lækka yfirdráttinn. Slíkt er þó líklegast óskhyggja. Hitt væri miklu alvarlegra fyrir heimilin í landinu, hverra skuldir eru að stærstum hluta verðtryggðar, ef verðbólga færi hér af stað af fullum þunga. Það gæti leitt gjaldþrot yfir fjölda fólks með tilheyrandi sóun í hagkerfinu.

Markmiðin eins og þau eru skilgreind fyrir Seðlabankann eru rétt og hækkun vaxta bein afleiðing af efnahagsástandinu. Þeir sem bera ábyrgð á efnahagsástandinu eiga heldur ekki margra kosta völ í leit sinni að sökudólgi. Þar er líklegast að menn komist næst sannleikanum með því að líta í eigin barm. Hátt gengi krónunnar og þau vandræði sem það skapar er afleiðing efnahagsstjórnarinnar, ekki stýrivaxtahækkunar.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markaðurinn.is

Vaxtahækkun, hefur hún áhrif?

ORÐ Í BELG

Jafet S. Ólafsson
framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar hf.

Nýleg vaxtahækkun Seðlabankans ber nú hæst í umræðunni, þróun íslensku krónunnar og gífurleg útgáfa erlendra fjármálafyrirtækja á íslenskum skuldabréfum (55 milljarðar). Þessi útgáfa vinnur til skemmri tíma litið á móti peningamálastefnu bankans.

Hækkun stýrivaxtanna á að hafa þau áhrif að draga úr eftirspurn, sporna á móti þenslu, fá einstaklinga og fyrirtæki til að draga úr lántökum. En færa má rök að því að áhrifin séu sáralítil, hið eina sem breytist er að krónan styrkist og útflutningsatvinnuvegunum vegnar enn verr.

Ef við hugsum okkur einstakling sem hefur tekið einnar milljón króna skammtímalán, eru vextir allt í einu komnir í 15%. Sumir sjá ekki ástæðu til að draga úr eyðslu eða fjárfestingum hvort sem vextir eru 14 eða 15%. En þessi einstaklingur gæti hins vegar farið til síns fjármálafyrirtækis sem hann hefur kannski ekki heimsótt í eitt ár, hann á nóg veðrými á fasteign sinni vegna hækkunar á fasteignaverði um allt að 30% á síðustu 12 mánuðum. Hann fær verðtryggt lán hjá bankanum og sjálfsagt tekur hann aðeins hærra lán, kjörin eru svo hagstæð. Vextir eru 4,15%, verðbólgan 3%, hann telur sig vera að borga 7,15% í vexti í stað 15%, þetta virðast góð viðskipti. Gengi dollars hafði lækkað um 3% vegna vaxtahækkunar Seðlabankans, bíllinn sem einstaklingurinn hafði verið að hugsa um að flytja inn hafði því lækkað um nær sömu prósentutölu, hann skellti sér því á bílinn, þetta voru góð viðskipti.

Vaxtahækkun Seðlabankans hafði þveröfug áhrif hjá þessum einstaklingi heldur en lagt var af stað með í upphafi með vaxtahækkuninni.

Sérfræðinga greinir mjög um á við Seðlabankann hvort verðbólgumarkmið náist með vaxtahækkunum. Markmið Seðlabankans er að halda verðbólgunni innan við 2,5%. Auðvitað vona allir að markmiðið náist, ef verðbólga hreyfist mikið umfram þessa tölu, þá verður greiðslubyrði margra heimila óviðráðanleg.

Á sama tíma og vaxtahækkun er tilkynnt og allar fjármálastofnanir hækka strax sína vexti, þá er útlánageta Landsbankans að aukast gífurlega, bankinn hefur möguleika vegna samruna á eignum Burðaráss við bankann, að auka útlán um allt að 1.000 milljarða, þetta er engin smá tala. Fjármálafyrirtæki bera ákveðna ábyrgð varðandi útlánaþensluna. Seðlabankinn var að kalla eftir því að allir legðust á eitt við að draga úr eftirspurn.

Seðlabankinn hefur erfiðu hlutverki að gegna og hann hefur hefur fá tæki á höndunum. Gífurlegt ósamræmi er milli óverðtryggðra og verðtryggðra vaxta.

Hækkun stýrivaxta hefur mjög lítil áhrif til að slá á þensluna.

Hækkun stýrivaxtanna á að hafa þau áhrif að draga úr eftirspurn, sporna á móti þenslu, fá einstaklinga og fyrirtæki til að draga úr lántökum. En færa má rök að því að áhrifin séu sáralítil, hið eina sem breytist er að krónan styrkist og útflutningsatvinnuvegunum vegnar enn verr.

UM VÍÐA VERÖLD

Halda að sér höndum

The Daily Telegraph | Roger Bottle gerir samdrátt á breska smásölumarkaðnum að umfjöllunarefni sínu í sunnudagsútgáfu The Daily Telegraph. Hann nefnir til nokkrar skýringar á þessum samdrætti en þær gefa allar til kynna að lífskjör almennings séu lakari en fyrir ári. Í fyrsta lagi hefur verðbólga nærri tvöfaldast í Bretlandi milli ára sem rekja má til olíuverðshækkana og hækkana á rafmagni og gasi. Þarafleiðandi hefur kaupmáttur neytenda staðið í stað að raunvirði. Í öðru lagi greiða heimilin hærri skatta til yfirvalda, það er til hverfastjórna, en þau gerðu í fyrra. Í þriðja lagi stendur fasteignaverð í stað eða fer lækkandi í fyrsta skipti í langan tíma en breskir fasteignaeigendur hafa verið að fjármagna einkaneyslu með því að taka lán út á fasteignir sínar. Bootle bendir á að vextir séu í sögulegu lágmarki en þrátt fyrir það hefur greiðslubyrði af fasteignalánum aldrei verið hærri.

Hann sér fram á jafnvel erfiðari tíma í breskri smásöluverslun á næstu misserum þar sem sparnaður heimilanna er í sögulegu lágmarki sem muni að öllum líkindum bitna á eyðsluklónni fyrr en síðar.

Í skugga Eisners

The Times | The Sunday Times segir frá Bob Iger, arftaka Michaels Eisner í forstjórastóli Disney. Allt hefur logað þar stafna í milli á undanförnum árum vegna óánægju margra hluthafa með stjórnunarstíl Eisners. Hann lenti einnig upp á kant við forsvarsmenn Pixar, sem hafa unnið marga stórmyndina í samvinnu við Disney. Með ráðningu Igers er ekki búist við að miklum breytingum á stefnu fyrirtækisins þó að persónuleiki hans og Eisner séu gjörólíkir; Iger hógvær og lítt áberandi en Eisner aðsópsmikill og jafnvel hrokafullur. Disney tuttugufaldaðist að stærð á tuttugu árum undir stjórn Eisners og er það sem það er í dag vegna hans. Fyrir vikið er búist við að Iger eigi erfitt starf fyrir höndum og verk hans verði alltaf borin saman við það besta sem Eisner hratt í framkvæmd en ekki það sem miður fór.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hjálmar Blöndal, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Póshúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Aðhaldið er ekki nægjanlegt

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Aðhald ríkisfjármála mun áfram verða lítið og hagstjórn að mestu leyti á herðum Seðlabankans að mati Greiningar Íslandsbanka: „Þetta má ráða af frumvarpi til fjárlaga 2006 sem nýbakaður fjármálaráðherra kynnti í gær. Þar er gert ráð fyrir að tekjujöfnuður ríkissjóðs verði jákvæður um rúma 14 ma. króna á næsta ári. Hreinn lánsfjárjöfnuður verður svo nokkru lægri, eða 9,6 ma., en hann endurspeglar þá fjármuni sem ríkið getur varið til niðurgreiðslu skulda. Til samanburðar er útlit fyrir að tekjujöfnuður þessa árs verði tæpir 30 ma. króna ef sala Símans er undanskilin, en 85 ma. þegar hún er tekin með í reikninginn."

„Hér verður að hafa í huga að tekjur ríkissjóðs hafa aukist hratt undanfarið, ekki síst vegna mikillar neyslu landans sem skilar miklum virðisaukaskatti og vörugjöldum í ríkiskassann. Í slíku árferði kemur ekki á óvart þótt afgangur verði af rekstri ríkissjóðs. Því er vafasamt að benda á stöðu ríkiskassans og horfur í næstu framtíð sem vísbendingu um aukið aðhald. Ýmsir sjálfvirkir þættir eru að verki sem tengja afkomu ríkissjóðs við hagsveifluna. Auk tekna af veltusköttum lækka bótagreiðslur í góðæri og tekjuskattar hækka með launahækkunum almennings. Þegar verr árar í hagkerfinu á hið gagnstæða sér stað, og þá getur staða ríkissjóðs versnað býsna hratt."

Greiningardeildin bendir á að skattalækkanir nú án samsvarandi niðurskurðar ríkisútgjalda sé óheppileg: „Væri ríkisstjórninni verulega í mun að beita ríkisfjármálum til þess að mýkja hagsveifluna myndi fara betur á því að bæði yrði beitt tekju- og útgjaldahlið ríkisfjármálanna í því skyni, en ekki aðeins haldið í við útgjaldahliðina. Aðhald það sem birtist í útgjaldahlið frumvarps til fjárlaga mun að líkum ekki duga til þess að draga úr ójafnvægi í hagkerfinu svo neinu nemi, og fyrir bragðið er útlit fyrir að Seðlabankinn finni sig knúinn til að auka aðhald peningamála enn frekar á næstunni."

Hér verður að hafa í huga að tekjur ríkissjóðs hafa aukist hratt undanfarið, ekki síst vegna mikillar neyslu landans sem skilar miklum virðisaukaskatti og vörugjöldum í ríkiskassann. Í slíku árferði kemur ekki á óvart þótt afgangur verði af rekstri ríkissjóðs.

SPÁKAUPMAÐURINN

Geri mikið gagn

Ég er að leita að einhverjum til þess að kaupa Nýherja með mér. Nýherji er algjörlega rakið takeover dæmi. Maður byrjar á að selja fasteignina í sérstakt félag og léttir þannig á efnahagsreikningnum. Svo þarf að taka til í rekstrinum og keyra svolítið aggressívari stefnu á batteríið. Þetta er ósköp einfalt í sjálfu sér fyrir þá sem kunna til verka. Vandinn er bara sá að núverandi eigendur eru ekki tilbúnir að selja.

Spurning hvort þeir stefna ekki að því að sameinast TM Software. Það gæti verið skynsamlegt. Þeir verða hins vegar fyrst að ná utan um núverandi rekstur. Afkomuviðvörun nú er áfall fyrir þá, þótt þeir séu komnir í smá útrás. Ef svona fyrirtæki er ekki að moka inn peningum þegar veislan er í fullum gangi, þá náttúrlega spyr maður sig hvenær þeir geri það.

Annars hef ég í nógu að snúast þótt enginn vildi selja mér Nýherja. Krónan gerir ekkert annað en að styrkjast og maður myndi græða á erlendu lánunum þótt maður setti peningana undir koddann. Maður gerir nú betur en það ef maður kann eitthvað fyrir sér. Fjárlögin lofa góðu fyrir okkur sem erum vel skuldsettir í erlendum gjaldmiðlum. Seðlabankinn mun bara hækka vextina meira og krónan styrkist. Erlendir fjárfestar flykkjast inn til að nýta sér vaxtamuninn og vanmeta genginsáhættuna. Þegar þetta er að ná hámarki, þá tekur maður stöðu gegn krónunni og hirðir gróðann þegar hún dettur til baka. Ég hvet alla kollega mína til að taka þátt í þessu. Það yrði þvílík snilld að íslenskir fjárfestar tækju austurríska ríkið í bólinu og græddu stórfé á hliðarverkunum þenslunnar þegar hún gengur til baka. Það myndi hafa góð áhrif á hagkerfið ef ég og mínir líkar gætum komið af krafti í fjárfestingar innanlands eftir stóran gróða af kaupum á erlendum gjaldeyri meðan útlendingar væru að kaupa krónur. Það myndi tryggja betur mjúka lendingu hagkerfisins en Sundabraut, hátæknisjúkrahús og göng útum allt land. Við spákaupmenn gerum nefnilega miklu meira gagn en margir halda.

Spákaupmaðurinn á horninu



- Hlutabréf
- Skuldabréf
- Gjaldmiðlar
- Vísitölur
- Vextir
- Viðskipti
- Tilboð
- Uppgjör
- Reiknivélar
- Þróun
- Tæknigreining
- Fréttir

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

Markaðsvaktin - Lifandi upplýsingar af fjármálamarkaði

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is

Markaðsvaktin er fjármálaupplýsingakerfi sem er sérhannað fyrir íslenskar aðstæður. Markaðsvaktin er beintengd við viðskiptakerfi Kauphallar Íslands og miðlar upplýsingum um allt sem viðkemur markaðsviðskiptum í rauntíma. Kerfið er afar einfalt í uppsetningu og notkun, allt viðmót er á íslensku og notendur geta aðlagað vinnuumhverfið að sínum eigin þörfum.

Markaðsvaktin er í notkun hjá hundruðum fagaðila á Íslandi, í London og í Luxemborg.

Nánari upplýsingar og ókeypis reynslutími á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ

90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

AURASÁLIN

Hrunið mikla er yfirvofandi

Aurasálin þakkar fyrir að vera ekki að flækjast með peninga á íslenska hlutabréfamarkaðnum um þessar mundir. Nú er loksins komið að því hruni sem lengi hefur verið spáð enda öllum ljóst að hlutabréfahækkun á Íslandi er komin algjörlega út úr korti við allan veruleika. Íslensku bankarnir eru metnir á meira en sem nemur landsframleiðslunni hér á landi.

Nú spáir greiningardeild Íslandsbanka að hlutabréfaverð verði nokkuð stöðugt út árið og hljóta margir að bölva þeim í sand og ösku fyrir að spilla gleðinni. Þeir eru nefnilega ekki margir sem átta sig á því að þátttakendur á markaði hafa allir hagsmuni af því að hlutabréfaverð haldi áfram að hækka svo gott sem endalaust. Eigendur hlutabréfa hafa augljósa hagsmuni – reyndar eru þeir margir í góðum málum eftir að hafa skuldsett sig í topp til að kaupa hlutabréf sem svo hafa hækkað í kjölfarið. Þeir eru í svipaðri stöðu og aðrir Íslendingar sem hafa grætt milljónir á hækkandi fasteignaverði. Eigið fé manna rýkur upp úr öllu valdi þegar skuldsettir hækka hraðar heldur en skuldirnar.

En það er eins með hlutabréfamógúlana og okkur hin að þeim er vandi á höndum með að leysa út hagnaðinn. Venjulegt fólk þarf að kaupa sér nýtt húsnæði á uppsprengdu verði en mógúlarnir þurfa að setja peningana sína eitthvað annað. Pappírshagnaðurinn er orðinn geigvænlegur en hætt er við að verulegt hikst kæmi í markaðinn ef stórlaxarnir tækju upp á því að innleysa þennan hagnað í stórum stíl.

Hvað mun til dæmis gerast ef Björgólfur Thor ákveður að losa sig út úr fjárfestingu sinni í Actavis? Þá er hætt við að það þurfi að vera innmúrað og innvígt að einhver taki á sig þá áhættu þannig að markaðurinn sjálfur verði ekki látinn bregðast við þeim tíðindum. Samtrygging stóru fiskanna á markaðinum felst í því að allir geti treyst hver öðrum til þess að hlaupast ekki undan merkjum í því verkefni að halda hlutabréfaverðinu uppi. Í þessu eins og svo mörgu öðru ríður á að allir standi saman en enginn svíki með að selja.

Þetta er allt ein stór spilaborg á íslenska markaðnum og nú er hún að hruni komin. Eins og fyrr segir er Aurasálin ekki með eina einustu krónu í þessari svikamyllu sem menn kalla Kauphöll Íslands. Aurasálin sér við auðvaldinu og lætur ekki blekkjast.

Nú upphefst sá tími á ný á Íslandi þar sem raunveruleg verðmæti fara að skipta máli. Undirstöðuatvinnuvegirnir, sjávarútvegur, landbúnaður og álbræðsla, munu rísa á ný og stórfengleg mannvirki á vegum ríkis og sveitarfélaga munu rísa og enginn mun væla lengur um ofþenslu því tími ríkisinngripa verður runninn upp á ný.

Andleg einkaþjálfun gegn streitu

Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir aðstoðar fyrirtæki við að verja mannauðinn sinn. Fyrirtæki hans Forvarnir ehf. gerði nýverið samning við Landsnet sem felur í sér fræðslu og þjónustu við starfsmenn til að vinna gegn streitu og auka vellíðun þeirra á vinnustað. Hafliði Helgason tók sér hádegishlé frá amstri dagsins til að ræða við hann um streitu og mannauð.

Það er mikilvægt fyrir fyrirtæki að sinna vel viðhaldi þeirra tækja sem notuð eru við starfsemina. Ýmist eru viðhaldsdeildir í fyrirtækjum eða þjónustan er keypt annars staðar. Markmiðið er að tækin séu í lagi og að þau endist sæmilega.

Nútímafyrirtæki byggja á þekkingu starfsmanna og hugtakið mannauður er sífellt að verða meira áberandi í umræðu um þau fyrirtæki sem fremst standa. Fyrirtæki sem búa yfir velmenntuðu starfsfólki og byggja allt sitt á þekkingu og reynslu þess. Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir rekur fyrirtækið Forvarnir sem nýlega gerði samning við raforkuflutningafyrirtækið Landsnet þar sem markvisst er unnið að eðlilegu viðhaldi mannauðsins með forvörnum gegn streitu. Þetta er tímamótasamningur þar sem bæði er um að ræða fræðslu og einkaviðtöl. „Streituskólinn er nafnið á þessum fræðslupakka sem við höfum verið með. Við göngum skrefi lengra núna í þessum samningi með eflingu viðtalsþáttarins. Við höfum verið í vandræðum með hvað við eigum að kalla þetta. Á ensku heitir þetta „coaching“ sem stundum er kallað handleiðsla. Landsnetsmenn kalla þetta trúnaðarmenn og við höfum stundum kallað þetta í hálfkæringi andlega einkaþjálfun sem ég held að fólk skilji mjög vel þar sem það hefur samlíkinguna við einkaþjálfara í líkamsrækt.“

Fréttablaðið/E.Ól.

VELLÍÐAN STARFSMANNA Ólafur Þór Ævarsson, geðlæknir, aðstoðar fyrirtæki við að bæta andlega líðan starfsmanna og vinna gegn streitu. Streita getur haft alvarlegar afleiðingar á heilsu starfsmanna, veldur fjarvistum og lélegri nýtingu mannauðs fyrirtækja.

LÖNGUN TIL EN LEIÐIRNAR VANTAÐ

Markmiðið er að efla varnir gegn álagi og að koma í veg fyrir vanlíðan. „Í þessu er líka umfjöllun um persónurnar. Hvernig þær bregðast við með mismunandi hætti og um samskipti.“ Ólafur Þór segir að í velreknum fyrirtækjum sé mikið hugsað um þessi mál. „Það hefur kannski vantað leiðir til þess að gera þetta öflugra. Löngun stjórnenda til að viðhalda góðri heilsu starfsmanna hefur kannski komið fram í blóðþrýstingsmælingum eða blóðfitumælingum eða í því að huga að vinnustellingum og lýsingu.“ Ólafur Þór segir að það séu einkum vel rekin fyrirtæki með öfluga starfsmannastefnu sem leiti til Forvarna. „Það er á vissan hátt áhyggjuefni og maður spyr sig hvað hinir séu að gera. Í dæmi Landsnets, þá er fyrirtækið með framsækna hugmynd um meira en fræðslu. Hjá þeim er þetta ekki bara forvörn heldur líka eflingarátak. Markmiðið er að það myndist trúnaðarsamband milli einkaþjálfarans og starfsmanns.“

Meðal þess sem Ólafur Þór og samstarfsfólk hans beitir er svonefnt streitukort. „Við búum til streitukort fyrir hvern einstakling og förum í gegnum hvaða streituvaldar eru til staðar og hvernig viðkomandi bregst við þeim. Hvaða eiginleika hann hefur og hvernig hann getur varið sig.“ Ólafur segir mikilvægt að átta sig á því að við erum mismunandi og það sem veldur einum streitu hefur engin áhrif á annan. „Svo höfum við í stærri fyrirtækjum búið til streitukort fyrir fyrirtækið, þar sem farið er í gegnum stemningu og starfsanda.“

FYRR TEKIÐ EFTIR LÍKAMA EN ANDA

Ólafur stundaði doktorsnám í geðlækningum í Gautaborg. „Ég vann þar með fólk sem átti í vandræðum með streitu, var með streitutengda sjúkdóma. Aðallega geðsjúkdóma eins og kvíða og þunglyndi. Samhliða því var ég í vísindarannsóknum þar sem ég var að skoða lífsferil fólks frá fæðingu með tilliti til heilsuþátta. Einhvern veginn hefur þetta kveikt þann áhuga hjá mér að fara út í þetta forvarnarstarf, ekki bara viðgerðir.“

Ólafur Þór Ævarsson
Starf: Geðlæknir og framkvæmdastjóri Forvarna ehf.
Fæðingardagur: 13. nóvember 1958
Maki: Marta Lárusdóttir, heimilislæknir
Börn: Ragnhildur f. 1986, Ævar f. 1989, Rafnar f. 1993, Sigrún Júlía f. 2001

Ólafur segir að í vinnu geðlæknisins verði á vegi hans fólk sem hefur farið illa á streitu. „Fólk virðist ekki taka eins fljótt eftir andlegri vanlíðan og þeirri líkamlegu. Maður sér síður hættuljósin. Þetta endar svo oft með mikilli vanlíðan, kvíða og depurð, enda þótt maður geti séð að ferlið sem var í gangi var tiltölulega auðþekkjanlegt og einfalt að grípa inn í það. Sumir myndu segja að það væru fordómar að gera ekki eitthvað í málinu. Við eigum að vera svo dugleg. Á seinni árum hafa komið fram mjög góðar rannsóknir, margar þeirra umdeildar þó, sem að sýna hvað streita getur verið slæm fyrir líkamann.“

Ólafur segir rannsóknirnar umdeildar einkum vegna þess að niðurstöður sumra þeirra hafi verið svo alvarlegar að menn séu ekki tilbúnir til að trúa þeim. „Til dæmis það að heilinn geti skemmst af streitu. Í umfjöllun um hjartasjúkdóma er lítið talað um streitu þótt það sé alveg ljóst í læknavísindunum að streita er einn af megináhættuþáttum kransæðasjúkdóma.“

ÁLAG EKKI ENDILEGA NEIKVÆTT

Það er því ábyrgðarhluti að leggja á starfsmenn meira en þeir ráða við. „Það er miklu auðveldara að gagnrýna starfsmann fyrir að hann standi sig ekki í stykkinu og reyna að losa sig við hann, heldur að bæta vinnuferli í fyrirtækinu til þess að enginn lendi í þessu.“ Ábyrgðin er líka hjá okkur sjálfum. Við erum ólík og Ólafur segir mikilvægt að menn velji sér starfsvettvang út frá því sem hentar persónuleikanum. „Það er líka list stjórnandans að greina starfsmenn sína og átta sig á hvað hentar hverjum og einum. Góðir stjórnendur hafa mikla næmni fyrir því í hverju fólk blómstrar. Álag þarf ekki endilega að vera neikvætt. Það er álag að halda jólin.“

Fyrirtækin eru að vakna til vitundar og Forvarnir rétt að byrja vegferð sína í mikilvægu verkefni. „Þetta fallega hugtak mannauður er að skýrast í hugum okkar. Starfsemi okkar er viðleitni til að skýra þessa hluti og færa fyrirtækjunum verkfæri sem er auðvelt að nota. Margir starfsmannastjórar vilja gera vel, en vita ekki nákvæmlega hvernig er best að gera það. Við reynum því að vera í sambandi við fyrirtækin og sníða þjónustuna að þeirra þörfum, því fyrirtækin eru mismunandi eins og einstaklingarnir.“

Sjálfur vinnur Ólafur mikið eins og margir Íslendingar. Hann segir hvern og einn verða að finna hvað hentar til að losa sig við vinnustreituna. „Það hentar mér ekki að undirbúa mig með galla og skó í ræktina á ákveðnum tímum. Ég fer frekar út að ganga eða spila á píanó. Svo er ég að læra spænsku.“ Hann segir fjölskylduna hafa gaman af ferðalögum og fara á skíði. „Í raun og veru reynum við að vera saman í einhverju einföldu. Ég bý við mikið skipulag í vinnunni og mér finnst gott að hafa samveruna með fjölskyldunni án mikils skipulags.“

Í umfjöllun um hjartasjúkdóma er lítið talað um streitu þótt það sé alveg ljóst í læknavísindunum að streita er einn af megináhættuþáttum kransæðasjúkdóma.“

HÁDEGISVERÐURINN

Með Ólafi Þór Ævarssyni
geðlækni og stofnanda Forvarna ehf.

Hádegisverður fyrir tvo á TGI Friday's

Pasta með tómötum og basil
Hamborgari Jack Daniel's

Drykkir
Sódavatn
Kók
Alls 2.600 krónur

Íslenskt Reyka vodka komið í sölu

Skoski framleiðandinn Willam Grant, sem þekktur er fyrir framleiðslu sterkra drykkja á borð við Glenfiddich og Grantís, stendur fyrir framleiðslu Reyka vodka í Borgarnesi. Markaðssetning Í Bandaríkjunum er komin í gang og meðal annars hefur verið auglýst eftir íslensku fólki til kynningarstarfa fyrir Reyka í nokkrum borgum Bandaríkjanna.

Í fréttatilkynningu segir að Reyka vodkinn hafi vakið mikinn áhuga erlendra fjölmiðla þar sem jarðhiti og íslenskt hraun leika mikilvægt hlutverk í framleiðslu hans. Tugir erlendra blaðamanna hafi þegar komið til landsins til að kynnast framleiðslunni og fréttir af vörunni birst í fjölda blaða og tímarita vestan hafs og austan að undanförnu. **- hhs**

Samstarf í fraktflutningum:

Eimskip og DHL semja

Eimskip hefur gert samning um aðgang að flutningsneti DHL hraðflutningsþjónustunnar í flug- og sjófrakt. Eimskip getur því boðið viðskiptavinum sínum hraðflutningsþjónustu DHL í viðbót við eigin þjónustu.

Eimskip og DHL nýta þegar daglegt fraktflug í sameiningu til og frá Evrópu. Með samstarfssamningnum eykst samstarf milli félaganna tveggja. DHL á Íslandi er í eigu Deutsche World Net í Þýskalandi sem rekur DHL flutningsfyrirtækið í yfir 220 löndum. Hjá félaginu starfa um 300.000 manns og er fyrirtækið leiðandi fyrirtæki á sviði hraðflutninga og flutningsþjónustu um allan heim. **- hb**

Fyrirtæki ársins í Færeyjum

Fiskþurrkunarfyrirtækið Faroe Marine Products (FMP) í Leirvík á Austurey í Færeyjum, sem Laugafiskur, dótturfyrirtæki Brims, á 45% eignarhlut í, var á dögunum valið fyrirtæki ársins í Færeyjum.

FMP þurrkar þorskhausa og hryggi fyrir Nigeríumarkað. Vöxtur Faroe Marine Products hefur verið mjög mikill og hraður, en fyrirtækið hóf starfsemi árið 2001 og var árið 2002 fyrsta heila rekstrarár þess.

Í rökstuðningi dómnefndar um val á FMP sem fyrirtæki ársins er bent á að FMP nýti orku frá sorpbrennslustöð og einnig er bent á þá staðreynd að fyrirtækið hafi stóraukið virði færeysks sjávarfangs, en áður en verksmiðja FMP var sett á stofn voru allir fiskhausar sem til féllu í Færeyjum nýttir í mjöl eða fluttir til Danmerkur þar sem þeir voru unnir í loðdýrafóður.

Þetta kemur fram á heimasíðu Brims.

FL Group selur ferðaskrifstofur

Svissneska ferðaheildsalan IS-Travel hefur keypt allar söluskrifstofur Íslandsferða á meginlandi Evrópu. Íslandsferðir eru dótturfélag FL Group en ferðaskrifstofurnar eru reknar undir nafninu Island Tours og eru meðal annars í Frakklandi, Hollandi, á Ítalíu, Spáni, í Sviss og Þýskalandi. Með sölunni munu Íslandsferðir hverfa af almennum neytendamarkaði og einbeita sér að sölu pakkaferða til ferðaskrifstofa um allan heim. Um fimmtíu manns starfa hjá Íslandsferðum eftir breytinguna. **- hb**

Katrín veldur atvinnuleysi

Eftir fellibylinn Katrínu sem reið yfir suðurríki Bandaríkjanna í lok ágúst eru 279.000 manns atvinnulausir. Talið er að töluvert fleiri störf muni tapast á næstunni í kjölfarið á fellibylnum Ritu. Þetta aukna atvinnuleysi og hækkandi olíuverð á stóran þátt í því að spáð er minnkandi hagvexti í Bandaríkjunum á seinni helmingi þessa árs. Hagvöxtur stóð í 3,3 prósentum á ársgrundvelli á tímabilinu apríl-júní en ljóst er að sú tala verður lægri fyrir tímabilið júlí-september.

- hhs

Rafrænt gjafakort í Smáralind

Veldu
jólagjafirnar tímanlega í ár!

Gefðu starfsmönnum jólagjöf að eigin vali! Rafræna gjafakortið í Smáralind er vinsæl jólagjöf sem þú getur verið viss um að hittir í mark hjá starfsmönnum jafnt sem viðskiptavinum. Láttu sérmerkja kortið fyrirtæki þínu til að gera gjöfina enn eftirminnilegri. Kortið fæst hjá þjónustuborði Smáralindar á 1. hæð fyrir hvaða upphæð sem er frá 1.000 krónum.

Veldu gjafakort sem þér þykir fallegast og við sérmekjum kortið þínu fyrirtæki.

Fáðu fallegar gjafaumbúðir utan um gjafakortið.

ENNEMM / SÍA / NM18137

Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000

Fólksbílar

Toyota Yaris
VW Polo
Ford Focus sjálfskiptur
Renault Megane Station
Toyota Corolla
Kia Magentis

Aðrir bílar í fólksbílaflokki:
Kia Cerato sjálfskiptur, Subaru Legacy sjálfskiptur.

Jeppar

Toyota Rav4
Suzuki Grand Vitara
Hyundai Santa Fe
Mitsubishi Pajero Sport
Kia Sorento EX

Fólksbílar kr. 2.450
50 km á dag
Innifalið í verði er 50 km akstur á dag og kaskótrygging með 80.000.- kr. sjálfsábyrgð. ATH.: flugvallar- og skilagjald ekki innifalið þar sem við á.

Fólksbílar kr. 4.900
Ótakmarkaður akstur
Innifalið í verði er ótakmarkaður akstur og kaskótrygging með 80.000.- kr. sjálfsábyrgð. ATH.: flugvallar- og skilagjald ekki innifalið þar sem við á.

Jeppar kr. 3.950
50 km á dag
Innifalið í verði er 50 km á dag og kaskótrygging með 150.000.- kr. sjálfsábyrgð. ATH.: flugvallar- og skilagjald ekki innifalið þar sem við á.

Jeppar kr. 7.900
Ótakmarkaður akstur
Innifalið í verði er ótakmarkaður akstur og kaskótrygging með 150.000.- kr. sjálfsábyrgð. ATH.: flugvallar- og skilagjald ekki innifalið þar sem við á.

Budget bílaleiga:
Einfalt val.

Budget Car Rental

Budget bílaleiga, sími 562 6060, Vatnsmýrarvegi v/BSÍ, 101 Reykjavík, www.budget.is
Budget bílaleiga er á eftirfarandi stöðum á landinu: Reykjavík, Keflavík, Akureyri, Egilsstöðum, Þórshöfn og Bakkaflugvelli.

B2B

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR VIÐSKIPTALÍFSINS

NJÓTTU HAUSTSINS
Á HÓTEL KLAUSTRI

IH ICELANDAIRHOTELS KLAUSTUR
S: 487 4900 klaustur@icehotels.is icehotels.is

FRÉTTIR Á MAR.IS

Uppsagnir blasa við í sjávarútveginum

Vikuaflinn í Grímsey 2 kg!

Tíu kvótahæstu útgerðirnar með helming kvótans

Bæjarstjórinn á Akranesi verður hafnarstjóri og starfsmannastjórinn bæjarstjóri

Starfsgreinasambandið vill standa vörð um mannréttindi og alþjóðavæðingu

Fréttir
Markaðstorg
Þjónustuflokkar
Sjómannafélög

mar.is Sérvefur um sjávarútveg

Gjafabox fyrir flest milli himins og jarðar!

Eingöngu sala til fyrirtækja.
Opið frá kl. 08.00-16.00.
GRÆNN MARKAÐUR
Réttarhálsi 2 - 110 Rvk - Sími: 535-8500 - Netfang: info@flora.is

ER ÞITT FYRIRTÆKI
SÝNILEGT?

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR
- með þínu merki

Bros sérhæfir sig í sölu og merkingum á fatnaði, auglýsingavörum og fánum

SÍÐUMÚLA 33 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 581 4141 • WWW.BROS.IS

Einkanámskeið

Árangur í starfi
Námskeiðið beinist að því að þátttakandinn nái meiri árangri í starfi, hafi betri stjórn á tíma sínum, virkji starfsfólk sitt betur og laði fram öflugri og samstilltari liðsheild.

Persónuleg stjórnun
Námskeiðið hentar stjórnendum sem vilja verða marksæknari í vinnu og einkalífi og bæta árangur sinn á öllum sviðum lífs síns.

Það sem gerir námskeiðin einstök:
- Vandað lesmál
- Margskonar stjórnunarverkfæri
- Matslistar á eigin frammistöðu
- Mjög hagnýt verkefni
- Þú færð kennarann út af fyrir þig
- Námskeiðið hefst þegar þér hentar

Hringdu og við kynnum þér námskeiðin.

AFL TIL FRAMTÍÐAR
Síðumúli 1 • 108 REYKJAVÍK
Sími: 553 6147 • Netfang: atf@atf.is

Vm 98.9 BYLGJAN
Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30

allt tíska
Alla fimmtudaga

KB BANKI HLÝTUR VERÐLAUN FYRIR BESTU ÁRSSKÝRSLUNA ÁRIÐ 2004
Jónas Sigurgeirsson og Ingólfur Helgason taka við verðlaunagripnum úr höndum Geirs H. Haarde.

KB með bestu árs-skýrsluna

KB banki hlaut á dögunum verðlaun Stjórnvísis, félags um faglega stjórnun, og Kauphallar Íslands fyrir ársskýrslu ársins 2004. Verðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn á ráðstefnu félaganna tveggja. Íslandsbanki og Actavis lentu saman í öðru til þriðja sæti og gerði dómnefnd ekki upp á milli þeirra.

Dómnefndin var skipuð þeim Guðfinnu S. Bjarnadóttur, rektor Háskólans í Reykjavík; Heimi Haraldssyni, löggiltum endurskoðanda, og Stefáni Halldórssyni, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Dómnefndin var sammála um að ársskýrsla KB banka væri ítarleg og vönduð og gæfi hluthöfum og fjárfestum góða mynd af starfsemi og stöðu bankans, helstu viðfangsefnum, þróun og vexti.

FÓLK Á FERLI

ANNA HULD ÓSKARSDÓTTIR hefur verið ráðin í starf forstöðumanns þjónustudeildar Eimskips en hún hóf störf hjá Eimskip 22. september síðastliðinn. Anna Huld hefur starfað sem framkvæmdastjóri þjónustusviðs hjá Og Vodafone frá árinu 2004. Hún tók við starfi forstöðumanns þjónustuvers árið 2003 (eftir sameiningu TALs og Íslandssíma) en gegndi áður starfi framkvæmdastjóra þjónustusviðs hjá TALi frá október 1999. Áður hafði Anna Huld sinnt starfi þjónustufulltrúa og vaktstjóra á þjónustusviði TALs frá árinu 1998. Anna Huld lauk MBA-gráðu með áherslu á rafræn viðskipti GEM (Global eManagement) frá Háskólanum í Reykjavík árið 2002. Hún útskrifaðist með BA-próf í sálarfræði frá Háskóla Íslands árið 1993.

SIGRÍÐUR MARGRÉT ODDSDÓTTIR hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Já, dótturfélags Símans. Sigríður útskrifaðist með B.Sc.-gráðu af markaðssviði rekstrarfræða við Háskólann á Akureyri 1999. Hún starfaði sem ráðgjafi og lykilviðskiptastjóri hjá IMG Gallup 1999-2005 og var forstöðumaður IMG Gallup á Akureyri 2002-2005.

VIÐ KAUP Á EGLA BRÉFABINDUM ERTU AÐ TRYGGJA MÖRGUM EINSTAKLINGUM BETRI FRAMTÍÐ
FÁST Í ÖLLUM BETRI BÓKAVERSLUNUM

BIC Atlantis penni
Verð 119 kr/stk

Þunnu möppurnar með mjúku og hörðu baki. Þær sem allir eru að spyrja um
Ljósritunarpappír 394 kr/pakkningin

Teygjumöppur af öllum gerðum
Geisladiskar þar sem gæðin skara framúr fást í 10, 25, 50 og 100 stk einingum

Mjúkar möppur sem passa vel í bakpokann.

PILOT FEED GP4
Skriflitur 4 lita
VERÐ 296 KR

PILOT SUPER GRIP
VERÐ 98 KR

STABILO BOSS
Margir litir.
Verð 89 kr/stk

MÚLALUNDUR
Vinnustofa SÍBS • Hátúni 10c • Sími: 562 8500 • 562 8501 • Fax: 552 8819 • Heimasíða www.mulalundur.is

STOLTIR STARFSMENN Magnús Ólafsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs; Rósmundur Magnússon, prentsmiðju- og verkefnastjóri; Berglind Hafþórsdóttir framkvæmdastjóri og Hilmar Sigurðsson, stjórnarformaður Íslandsprents, fögnuðu nýjum vélakosti í nýju húsnæði.

KAMPAKÁTIR Þeir Lúðvík Geirsson og Hilmar Sigurðsson voru kátir á Gleðihátíðinni.

Gleðihátíð Íslandsprents

Íslandsprent blés til gleðihátíðar á föstudaginn var í tilefni flutnings í nýtt og glæsilegt 2.600 fermetra húsnæði að Steinahellu 10 í Hafnarfirði. Fyrirtækið hefur verið í töluverðri uppbyggingu undanfarið og hefur meðal annars fjárfest í nýjum hágæðavélum. Ýmsir viðskiptavinir og velunnarar Íslandsprents voru mættir til að samfagna á þessum tímamótum og var þeim skemmt með söng Ragga Bjarna og Papanna. Hátíðin endaði svo með mikilli flugeldasýningu sem Björgunarsveit Landsbjargar í Hafnarfirði stóð fyrir. - **hhs**

HJÓNIN SKEMMTU SÉR VEL Guðrún Erna Narfadóttir og Jón Sturla Ásmundsson.

Actavis á Europe's 500

Actavis hefur hlotið tilnefningu í nýjustu útgáfu Europe's 500 sem eitt af þeim 500 fyrirtækjum í Evrópu sem eru í hvað örustum vexti á árinu.

Í tilnefningu Europe's 500 segir að vöxtur Actavis undanfarin þrjú ár hafi verið framúrskarandi og því sé því skipað á meðal 500 efstu fyrirtækjanna sem voru valin í 25 Evrópulöndum. Jafnframt að frammistaða Actavis skipi því á meðal þeirra fimmtíu bestu.

Europe's 500-listinn er tekinn saman af samtökum sem hafa aðsetur í Brussel í Belgíu og nefnast Europe's Entrepreneurs for Growth. Markmið samtakanna er m.a. að vekja athygli á þeim fyrirtækjum í Evrópu sem eru í örustum vexti. Listinn var fyrst birtur árið 1995 en Delta, sem síðar varð Actavis, var tilnefnt á sama lista fyrir árin 2001 og 2002.

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
533 4300
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur, ingvaldur@husid.is
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

Söluskrá á www.husid.is

NÝTT Á SKRÁ, JÓN INDÍAFARI,
lagerinn og viðskiptasamböndin eru föl ásamt þessu þekkta nafni. Tilvalið fyrir þá sem eru að hefja rekstur eða vilja útfæra þann rekstur sem þeir eru nú þegar með.

NÝTT Á SKRÁ, KVENNFATAVERSLUN
á Laugavegi, 7 ára gömul verlsun með hið þekkta merki Earth Collection og fleiri góð merki.

NÝTT Á SKRÁ, VEITINGARSTAÐUR
á Laugavegi, búinn að vera í rekstri í mörg ár, lítill kósí staður.

Ef þú átt veitingarstað á góðum stað sem ekki er í rekstri þá erum við með kaupanda af slíkum stað.

Suðurlandsbraut 50 (bláu húsin við Faxafen)
Sími: 513-4300
Fax: 513-4301

ÞÝÐINGAÞJÓNUSTA Bogga Arnars
Enska - danska - sænska - norska - þýska
Sérhæfing í fjármálum, lögfræði, læknisfræði, lyfjafræði, verkfræði
Simi 587 3690 • Fax 587 3691• baf@centrum.is

Aðalflutningar
Öryggi alla leið



Innanlandsflutningar eru okkar fag.
Flytjum hvað sem er, hvert sem er, hvenær sem er. Tökum ekkert aukagjald.
Vatnagarðar 6 • Reykjavík • Sími: 5813030

Stjórn á útgjöldum

Eru Íslendingar að einhverju leyti eftirbátar nágrannalanda sinna þegar kemur að viðhorfi til fjármála?

Þeir sem hafa búið erlendis kynnast því oft að eigin raun. Við erum að sumu leyti ennþá föst í „þetta reddast“ hugsuninni sem þekkist minna meðal annarra þjóða. Við höfum þó litlar beinar samanburðarupplýsingar í höndunum í sambandi við þetta. Annars má segja að viðhorfið hefur breyst mikið undanfarin ár og fjármálin eru farin að skipa mikilvægari sess hjá almenningi hér á landi. Við hjá Íslandsbanka létum nýverið gera könnun um þekkingu landsmanna á fjármálum. Þar kom í ljós að meirihlutinn eða tæp 60% hefur áhuga á fjármálum sem þýðir að fólk er að velta fjármálum fyrir sér og hefur áhuga á aukinni þekkingu í þeim efnum. Fólk er líka farið að uppgötva í ríkari mæli hversu auðvelt og mikilvægt það er að byggja upp sjóð og undirbúa þannig framtíðina.

TÖLVUPÓSTURINN
Til Almars Guðmundssonar
framkvæmdastjóra eignastýringar Íslandsbanka

Hvað er færni í fjármálum?

Færni í fjármálum snýst um að fólk hafi tök og getu til að skipuleggja og stýra sínum útgjöldum og tekjum á sem bestan hátt. Það þýðir í raun að fólk skipuleggi fjármál sín í núinu með skýrum hætti og ekki síður að það leitist við að setja sér markmið um ráðstöfunartekjur til lífstíðar og að byggja upp eignir og sjóði sem ná þeim markmiðum.

Hvernig er hægt að þjálfa færni í fjármálum?

Grunnur að því að þjálfa fjármálaleikni er að kveikja áhuga á fjármálum og að viðhorfið sé jákvætt. Mikilvægt er að áhugi og grunnþekking á fjármálum byggist upp í gegnum skólastarfið og ekki síður inni á heimilum. Íslandsbanki hefur í gegnum árin lagt mikla áherslu á að fræða viðskiptavini um hvernig best er að haga málum og hvað ber að hafa í huga um fjármálin hverju sinni. Þann þátt erum við ennfremur sífellt að efla. Á þessu ári höfum við þegar haldið marga áhugaverða fundi og námskeið, t.d. um skipulag lífeyris- og eftirlaunasparnaðar og mikilvægi lífeyrismála almennt, um húsnæðislán og hvað þarf að hafa í huga þegar þau eru tekin og um fjárfestingar í hlutabréfum og almenna eignauppbyggingu. Það er mikilvægt að bankarnir hafi velgengi viðskiptamanna í huga og aðstoði þá við úrlausn þessara mála. Íslandsbanki veitir sínum viðskiptavinum ráðgjöf og þjónustu tengda eignauppbyggingu þannig að þeir sem hafa ekki áhuga eða tíma til að setja sig inn í einstaka þætti fjármála, t.d. um ávöxtun eigna, eiga þess kost að fá aðstoð sérfræðinga bankans við að skipuleggja þessi mál. Við finnum fyrir miklum áhuga á slíkri þjónustu.

Hversu mikilvægt er fyrir stjórnendur fyrirtækja að vera glöggir á tölur í starfi sínu?

Það hlýtur að skipta miklu máli. Það er nú einu sinni svo að einn lykilþáttur í stjórnun fyrirtækja snýst um afkomutölur, áætlanagerð og markmið þeim tengd. Þess vegna er nauðsynlegt að stjórnendur séu vel ìlæsirî á tölurnar og ekki síður að þeir skilja samhengi hlutanna. Þeirra viðfangsefni er í grunninn ekkert ólíkt því sem einstaklingarnir eru að fást við – það þarf að skipuleggja fjármálin og fylgja þeim eftir til skemmri tíma og ekki síður að setja og fylgja eftir lengri tíma markmiðum.

Hvernig geta Íslendingar breytt viðhorfi sínu til fjármála?

Um þessar mundir leggur fólk mikla áherslu á að lækka greiðslubyrði til að skapa svigrúm til lífsgæða og athafna í núinu. Þetta leiðir af sér að eignauppbygging í gegnum fasteignakaup er oft á tíðum hæg sem þýðir að fólk þarf að vera enn meðvitaðra en áður um að byggja upp fjármálalegar eignir í gegnum lífeyrissparnað og annan sparnað. Við teljum þess vegna að fólk þurfi að breyta viðhorfi sínu þegar kemur að eignauppbyggingu til lengri tíma. Við þurfum að hafa skýr markmið um okkar ráðstöfunartekjur þegar eftirlaunaaldri er náð og setja fram sparnaðaráætlun í samræmi við það. Í sparnaði vinnur tíminn með okkur og því mikilvægt að byrja strax. Íslandsbanki er að fara af stað með átak til að vekja fólk til umhugsunar um fjármálin og kveikja meiri áhuga og vitund á fjármálum. Það geta allir orðið betri.

Fréttablaðið/E.Ól.

GESTIR Á RÁÐSTEFNU ÍSLANDSBANKA OG HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK Fjöldi fólks lagði leið sína á ráðstefnuna en þar töluðu nokkrir af helstu sérfræðingum í Bandaríkjunum í fjármálalæsi auk þess sem kynntar voru niðurstöður könnunar Íslandsbanka á viðhorfi almennings til fjármála.

Fjármálalæsi fyrir komandi kynslóðir

Íslandsbanki og Háskólinn í Reykjavík héldu á dögunum ráðstefnu um fjármálalæsi. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni voru sérfræðingar frá Bandaríkjunum, sem teljast í fremstu röð þegar kemur að fjármálalæsi. Hjálmar Blöndal hlustaði á fyrirlestra og kynnti sér samstarf aðilanna tveggja.

Hugtakið fjármálalæsi er nýlegt hér á landi. Það hefur þó lengri sögu erlendis, ekki síst í Bandaríkjunum þar sem kennsla og rannsóknir hafa verið stundaðar um árabil á því sem kallað hefur verið á ensku *Financial Literacy*.

Íslandsbanki hyggst nú í samstarfi við Háskólann í Reykjavík halda námskeið fyrir almenning um færni í fjármálum og var ráðstefna bankans sem haldin var í samvinnu við Háskólann í Reykjavík um fjármálalæsi upphafið að frekari kynningu aðilanna tveggja á vitundarvakningu meðal almennings um fjármál. Íslandsbanki ætlar á næstunni að dreifa á öll heimili fræðsluriti um eignauppbyggingu og færni í fjármálum.

MÁLIÐ ER
Fjármálalæsi

Íslandsbanki kynnti á ráðstefnunni niðurstöður könnunar sem bankinn gerði um viðhorf almennings til fjármála. Þar kom meðal annars í ljós að tæplega sextíu prósent aðspurðra sögðust hafa mikinn áhuga á fjármálum en þegar sömu aðilar voru spurðir hvort þeir höfðu þekkingu á fjármálum sögðust aðeins rúmlega þrjátíu prósent hafa mikla þekkingu á fjármálum.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri eignastýringar hjá Íslandsbanka, sagði það ljóst að mikill áhugi væri á fjármálum hjá almenningi en byggja þyrfti upp færni. Hann sagði að nútímamaðurinn legði fyrst og fremst áherslu á lága greiðslubyrði og svigrúm til lífsgæða á þeim tíma sem hann lifði í þegar kæmi að húsnæðismálum en hugsaði því minna um að byggja upp eignir enda væri eiginfjármyndun hæg.

Þessar staðreyndir sagði Almar kalla á að auka áherslu á uppbyggingu á fjármálalegum eignum ef fólk ætlaði sér að hafa svigrúm til lífsgæða í framtíðinni. Í könnun Íslandsbanka kom fram að karlar spöruðu hærri upphæð á ári en konur, um 240.000 krónur á móti 140.000 krónum hjá konum. Það skipti hins vegar máli hvernig almenningur hygðist ávaxta peningana og að bankarnir gegndu þar mikilvægu hlutverki því þeir hefðu náð mikilvægum árangri og hefðu mikla sérfræðiþekkingu. Þeir ættu því að deila þekkingu sinni með almenningi.

Meðal erlendra fyrirlesara á ráðstefnunni var dr. William L. Anthes, formaður samtakanna National Endowment for Financial Education. Hann sagði að Íslendingar gætu lært af þeim mistökum sem Bandaríkjamenn hefðu gert. Anthes sagði að margir gerðu sér ekki grein fyrir því að það kæmi að skuldadögum. Þeir sem tækju lán vissu margir hverjir ekki að það þyrfti að greiða þau til baka. Mikilvægt væri að átta sig á því að það væri hægt að byggja upp eignir á sama hátt og það væri hægt að byggja upp skuldir og fólk gæti valið þar um. Hann sagði að það væri leikur einn að fá greiðslukort í Bandaríkjunum og að dæmi væru um að ungt fólk í Bandaríkjunum hefði framið sjálfsmorð út af of háum greiðslukortareikningum. Mikilvægt væri að fræða ungt fólk um fjármál og að um sex hundruð þúsund nemendur í Bandaríkjunum fengju námsefni samtakanna um fjármálalæsi á hverju ári. Það væri ekki síður mikilvægt í samfélagi eins og Íslandi sem hefði alla burði til að kenna komandi kynslóðum að spara frekar en að skuldsetja sig.

Þar kom meðal annars í ljós að tæplega sextíu prósent aðspurðra sögðust hafa mikinn áhuga á fjármálum en þegar sömu aðilar voru spurðir hvort þeir höfðu þekkingu á fjármálum sögðust aðeins rúmlega þrjátíu prósent hafa mikla þekkingu á fjármálum.

Glæsileg ný lína af flötum Philips sjónvarpstækjum

Philips Flat sjónvarp með Ambilight
Það verður ekki aftur snúið. Þú munt aldrei vilja slökkva á Ambilight tækninni, þeirri fyrstu og einu í heiminum. Myndir og litir fá aukna vídd – ólíkt öllu sem þú hefur séð. Flöt sjónvörp með Ambilight frá Philips – næsta skref í framþróun sjónvarpstækninnar.

PIXEL PLUS 2 HD

PHILIPS
sense and simplicity

ambi light 2

Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

SÍMANÚMER MARKAÐARINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

BANKAHÓLFIÐ

Þjóðin loks á Jótlandsheiðum

Fjárfestingar Íslendinga í Danmörku taka sífellt á sig nýja mynd. Í danska blaðinu I dag – Industriens Dagblad segir Karl Otto Nicolajsen hjá atvinnumálaráði Álaborgar að þeir hafi átt í viðræðum við íslenska fjárfesta um að fjárfesta á Jótlandi.

Ekki hefur allt gengið sem skyldi á Jótlandi og grípa menn því fegins hendi ef Íslendingar vilja fjárfesta á svæðinu. Ef vel gengur gætu Íslendingar orðið herraþjóð á Jótlandi. Það er svolítið fyndið í því sögulega ljósi að sú var tíð þegar harðindi ríktu á Íslandi, að konungur Dana taldi koma til greina af hagkvæmnisástæðum að leggja niður byggð á Íslandi og flytja þjóðina í heild sinni á Jótlandsheiðar.

Erfitt að spá

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn heldur áfram að koma skemmtilega á óvart. Greining Íslandsbanka sendi frá sér nýja afkomuspá í gær. Þeir Íslandsbankamenn eru ófeimnir við að viðurkenna hverfulleika spánna og geta þess í inngangi að þeir hafi fjórum sinnum þurft að endurskoða spá sína, þar sem markaðurinn hafi uppfyllt þeirra villtustu drauma skömmu eftir að þeir birtu spá sína. Reyndar hafa þeir glímt við sama vandamál undanfarin þrjú ár, en hlutabréfamarkaðurinn hefur venjulega uppfyllt margra mánaða spár á örfáum vikum. Nú spáir Íslandsbanki lítilli hækkun það sem af er ári, en spurning hvað það taki markaðinn marga daga að ná þeirri spá.

Hræringar á dagblaðamarkaði

Frá og með öðrum laugardegi mun Blaðið koma út á laugardögum og verður dreift með Morgunblaðinu eldsnemma að morgni. Bætist Blaðið því í hóp þriggja annarra dagblaða sem koma út sex sinnum í viku eða oftar. Á markaðnum velta menn fyrir sér hver áhrifin munu verða af þessu samstarfi Morgunblaðsins og Blaðsins en umræðan að undanförnu hefur hleypt samkeppninni í nýjan farveg þar sem harðar er tekist á en áður. Margir spá því að jafnvel verði tilkynnt fyrr en síðar um frekara samstarf millil Blaðsins og Morgunblaðsins og að Blaðinu verði dreift ókeypis með Morgunblaðinu á morgn-

50% Aukning tekna ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti í fyrra.

1.700 fermetra verslun tískukeðjunnar Next sem verður opnuð í nýbyggingu við Kringluna næsta vor.

820 milljarðar króna sem rússneski auðjöfurinn Roman Abramovich hagnaðist á af sölu á hlut sínum í olíufélaginu Sibneft.

SONY

3 spólur, taska og klippihugbúnaður fylgir!

DCR-PC53
Stafræn tökuvél
· Flott stafræn miniDV myndbandstökuvél.
· Carl Zeiss linsa
· 10x aðdráttur um linsu
· Tengistöð fylgir
7.354 krónur á mánuði*
eða 74.950 krónur staðgreitt.

DCR-PC55
Stafræn tökuvél
· Flott stafræn miniDV myndbandstökuvél.
· Carl Zeiss linsa
· 10x aðdráttur um linsu
· Tengistöð fylgir
7.895 krónur á mánuði*
eða 79.950 krónur staðgreitt.

DCR-HC22
Stafræn tökuvél
· Flott stafræn miniDV myndbandstökuvél.
· Carl Zeiss linsa
· 20x aðdráttur um linsu
· Tengistöð fylgir
5.910 krónur á mánuði*
eða 57.950 krónur staðgreitt.

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

NEC

Þú gengur að gæðunum vísum

VT-47
• Skjávarpi • Birta: 1500 ANSI LUMEN
• Upplausn: SVGA 800 x 600
• Skerpa: 400:1 • Þyngd: 2.9 kg

verð kr.89.900,-

VT-470
• Skjávarpi • Birta: 2000 ANSI LUMEN
• Upplausn: SVGA 800X600
• Skerpa: 400:1 • Þyngd: 2.9 kg

verð kr. 119.900,-

verð kr. 139.900,-

LT-180
• Skjávarpi • Birta: 2000 ANSI LUMEN
• Upplausn: XGA 1024X768
• Skerpa: 1000:1 • Þyngd: 2.9 kg

Sterkir og **skýrir NEC** skjávarpar

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

BÍLAHORNIÐ
BÍLASALA
Funahöfða 5 - S: 567-2400
www.bilahornid.is

BÍLAHORNIÐ
BÍLASALA
Funahöfða 5 - Sími 567 2400

FRÍTT INNIGJALD FYRIR NÝLEGA FÓLKSBÍLA OG JEPPA Í STÓRUM OG BJÖRTUM INNISAL.

LEIKAÐSTAÐA FYRIR BÖRNIN OG ALLTAF HEITT Á KÖNNUNNI.

PERSÓNULEG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA.

HJÁ OKKUR FÆR ÞINN BÍLL ATHYGLI.

BÍLAHORNIÐ
BÍLASALA
Funahöfða 5 - Sími 567 2400

Bílahornið
Funahöfða 5, 110 Reykjavík
Sími: 567 2400
www.bilahornid.is

JHM SPORT
www.jhmsport.com

Honda CRF250X '04, hlaðið aukabúnaði, ASV höld, Scar fótstig, ísádrepari, Fatbar stýri o.fl. verð aðeins kr. 590 þús. Upplýsingar í JHM Sport ehf 567 6116.

JHM Sport
Stórhöfða 35, 110 Reykjavík
Sími: 567 6116
www.jhmsport.com

J.R. BÍLASALAN

Toyota Yaris 1,3 árgerð 2002, ek. 42 þús., CD, ABS, líknarbelgir, pluss áklæði, fallegur bíll. Er á staðnum, ásett 890 þús. beinskiptur s. 567 0333.

Nissan Almera árg. 1999, ek. 53 þús. 5 dyra, sumar/vetrardekk, samlæsingar, sjálfskiptur, er á staðnum, ásett 730 þús. S. 567 0333.

1946 Keflavíkursamningur er gerður. Þá samþykkir Alþingi samning um afnot Bandaríkjamanna af Keflavíkurflugvelli.

1949 Dregið er í fyrsta sinn í happdrætti SÍBS.

1963 Hljómar leika í fyrsta sinn opinberlega.

1974 Bandaríkjamaðurinn David Kunst verður fyrsti maðurinn til að ganga hringinn í kringum hnöttinn.

1991 Blönduvirkjun er formlega tekin í notkun.

2000 Víkingaskipið Íslendingur kemur til hafnar í New York.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Óla Bergholts Lútherssonar
húsvörðs, Ásbraut 21, Kópavogi.

Guð blessi ykkur öll.

Svana Svanþórsdóttir
Ragna Óladóttir
Kristín Th. Óladóttir
Ásdís Óladóttir
afabörn og langafabarn.
Eiríkur G. Guðmundsson
Óli Sævar Laxdal
Lúther Ólason

†

Ástkær eiginmaður minn,

Erlendur Lárusson
fyrrverandi forstöðumaður Vátryggingaeftirlitsins,
Krosshömrum 11, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu mánudaginn 3. október.
Jarðarförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

Anna Sigurðardóttir.

†

Systir mín og mágkona,

Jóhanna Margrét Þorsteinsdóttir
ljósmóðir, áður til heimilis að Baldursgötu 12, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 4. október á heimili sínu, Dalbraut 27.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Arnfríður Þorsteinsdóttir, Jónas Jónsson.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Kristinn Sigurjónsson
Norðurbrún 1, Reykjavík,

lést 29. september á Landspítalanum við Hringbraut.
Verður jarðsunginn föstudaginn 7. október kl. 13.00 í Fossvogskirkju.

Sigurjón B. Kristinsson
Kristján V. Kristinsson
Guðrún Rósh. Kristinsdóttir
Ásdís Börg Kristinsdóttir
barnabörn.
Olga Ásrún Stefánsdóttir
Ingibjörg Elín Ingimundardóttir
Páll Þórir Viktorsson
Hálfdán Gunnarsson

VIGDÍS GUNNARSDÓTTIR LEIKKONA ER FERTUG

Systurnar láta dekra við sig

„Ég á tvíburasystur og í tilefni dagsins ætlum við að gera vel við okkur. Fara í sána, heitan pott og nudd,“ segir Vigdís Gunnarsdóttir leikkona, sem er fertug í dag. Kampavínið og jarðarberin verða ekki langt undan auk þess sem þær systur ætla að bregða sér út að borða í kvöld. „Veislan verður líklega haldin eitthvað seinna,“ segir Vigdís, sem á sér eina afmælisósk og það er að takast að finna tíma til að halda partí. „Ég er að leita að þeim degi þar sem allir eiga frí,“ segir hún en það gæti reynst erfitt enda margir vina hennar leihúsfólk sem vinnur um helgar.

„Við ætlum að reyna að fá stelpunar í hljómsveitinni minni til að spila fyrir okkur,“ segir Vigdís en hún er í leikkonubandinu Heimilistónum ásamt þeim Elvu Ósk Ólafsdóttir, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur og Röggu Gísla.

Bandið spilar sixties-tónlist og klæðir sig upp í kjóla frá því tímabili. Aðdáendur hljómsveitarinnar geta gripið gleði sína því plata er í bígerð auk þess sem verið er að gera heimildarmynd um ferðalag þeirra vinkvenna til Pittsburgh í vor.

Vigdís og Þóra Rósa systir hennar eru nánar. Þrátt fyrir það man Vigdís að það gat verið hálf pirrandi að eiga sama afmælisdag. „Það gat farið í taugarnar á okkur þegar við fengum alveg eins afmælisgjafir en síðan þegar það gerðist ekki gat maður líka orðið rosalega fúll,“ hlær Vigdís, sem segir þær systur oft hafa sett gestina í klípu.

Um þessar mundir er Vigdís að leika í sýningunni Kabarett. Auk þess vinnur hún að verkefni fyrir Bændasamtökin sem eru að gera sjónvarpsþætti fyrir börn og unglinga sem sýndir verða eftir áramótin. Þá er hún með ýmislegt annað í farteskinu. „Við Ólafía Hrönn erum að vinna að handriti,“ segir Vigdís en vill þó ekki ljóstra meira upp um efni þess. Hún gefur þó sterkt til kynna að þar geti verið á ferðinni heilmikill gleðileikur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FERTUGUR TVÍBURI Vigdís er í leikkonubandinu Heimilistónum og ætlar að fá vinkonur sínar í hljómsveitinni til að spila í afmælisveislu hennar og Þóru Rósu systur sinnar sem haldin verður síðar á árinu.

ANDLÁT

Halldór Jónsson frá Mannskaðahóli andaðist á sjúkrahúsi Sauðárkróks laugardaginn 1. október.

Kristján Mikkaelsson, Flekkudal, Kjós, varð bráðkvaddur laugardaginn 1. október.

Gunndóra Jóhannsdóttir andaðist á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar mánudaginn 28. september.

Katrín Júlíusdóttir frá Siglufirði, Bólstaðarhlíð 50, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli föstudaginn 30. september.

Pétur Jóhannesson húsasmíðameistari, Kársnesbraut 105, Kópavogi, lést á Vífilsstöðum sunnudaginn 2. október.

Björg Ágústa Ágústsdóttir lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja föstudaginn 30. september.

Sigurður Björn Ingólfsson frá Suðurvöllum andaðist á líknardeild Landspítala við Hringbraut laugardaginn 1. október.

JARÐARFARIR

13.00 Hólmfríður Einarsdóttir, Bjarmalandi, Hörðudal, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 Hrefna Ingimarsdóttir íþróttakennari frá Hnífsdal, Skólagerði 3, Kópavogi, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.

15.00 Jens G. Jónsson, Flókagötu 56, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

15.00 Jóhann Bragi Hermannsson, Víkurbakka 2, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

Jón Jakobsson
Laugarnesvegi 89, 105 Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 27. september.
Útförin fer fram frá Laugarneskirkju í Reykjavík föstudaginn 7. október kl. 13.00.

Ástríður Elín Björnsdóttir

Andrína Guðrún Jónsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Jakobína Jónsdóttir
Birna Jónsdóttir
Jón Jónsson
Ragna Vigdís Jónsdóttir
Ástríður Elín Jónsdóttir
Hildur Jónsdóttir
Sigríður Jakobsdóttir
Sigurður Hávarðarson
Árni Þorkelsson
Gaukur Eyjólfsson
Guðný Traustadóttir
Rafn V. Guðmundsson
Agnar Jón Guðnason
Ragnar Gestsson

afabörn og langafabörn.

†

Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðmundínu Ingvarsdóttur
frá Höfða, Vallarbraut 2, Ytri-Njarðvík.

Ólafur I. Kristjánsson

Sjöfn Kristjánsdóttir
Sigurgeir Kristjánsson
Kristján Kristjánsson
Edda Kristjánsdóttir
Viðar Kristjánsson
Óskar Hermannsson
Pálína Gísladóttir
Þóra Harðardóttir
Sigríður Gunnarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

FRÁBÆR TILBOÐ Á RAFMAGNS-RÚMUM



BIFLEX með
heilsudýnu 80x200 cm.
Verð frá kr. **74.450** stgr.

ATH!

FRÍ HEIMSENDING OG UPPSETNING

Akureyri,
Reykjavík
og nágrenni

WALLHUGGER

Eitt með öllu!

Eitt mest selda stillanlega rúm í heimi

Biflex

- **GÆÐI**
- **GÓÐ VERÐ**
- **ÞJÓNUSTA**
- **ÚRVAL**
- **ÞEKKING**



Svefn & heilsa

Verið velkomin

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

Gunnlaugur eftirsóttur

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa ekki færri en fimm lið sóst eftir kröftum Gunnlaugs Jónssonar, varnarmannsins sterka sem leikið hefur með ÍA. Samningur hans við Skagamenn rennur út 15. október næstkomandi og ekki ólíklegt að hann gangi til liðs við lið á höfuðborgarsvæðinu.

sport

sport@frettabladid.is

GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON: MARK HANS GEGN DJURGÅRDEN GÆTI VERIÐ TUGMILLJÓNA VIRÐI

Gunnar Heiðar verður með gegn Svíum

„Sem betur fer eru ökklameiðslin ekki eins alvarleg og ég hélt. Það blæddi inn á hásin og ég verð rétt tæpa viku að jafan mig. Póllandsleikurinn á föstudaginn er úr sögunni en ég reikna fastlega með því að verða klár í slaginn gegn Svíum," sagði Gunnar Heiðar Þorvaldsson í samtali við Fréttablaðið eftir að hann kom úr læknisskoðun í gær. Hann meiddist í ökkla gegn Djurgården á mánudaginn og leist ekki á blikuna eftir leikinn.

Að sögn Ásgeirs Sigurvinssonar landsliðsþjálfara verður ákveðið í dag hvort kallað verður á annan framherja í leikinn gegn Pólverjum. Gunnar Heiðar fer með landsliðinu til Póllands og verður í umsjá lækna landsliðsins.

Markið sem Gunnar Heiðar skoraði gegn Djurgården hefur vakið gríðarlega athygli. Það var stórglæsilegt og þegar rætt um það sem mark ársins. Það er hugsanlega metið á tugi milljóna ef hann verður seldur frá Halmstad því verðmiðinn hækkar með hverjum leik.

Gunnar Heiðar á aðeins eitt ár eftir af samningi sínum við félagið og talið líklegt að hann verði seldur í janúar næstkomandi. Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Gunnars Heiðars, segist hafa orðið var við mikinn áhuga á honum en vill ekki verðmerkja hann né markið sem hann skoraði. Von er á fulltúum tveggja félaga úr ensku 1. deildinn á Svíaleikinn í næstu viku.

> Við hrósum ...

... meistaraflokki kvenna í Breiðabliki fyrir að láta eftir æfingatíma sinn í Fífunni í Kópavogi til Valsstúlkna sem búa sig nú af kostgæfni undir slaginn gegn Evrópumeisturum Potsdam í Evrópukeppni félagsliða. Valur spilar gegn Potsdam á sunnudag og veitir því ekki af aðstöðunni.

> Við hrósum ...

... Sigurði Vali Sveinssyni, þjálfara handboltaliðs Fylkis, sem skoraði heil níu mörk í tapi b-liðs Fylkis fyrir Val í gær. Hann var með markahæstu mönnum kvöldsins og greinilegt að þessi gamli refur hefur engu gleymt.

Þjálfaramál KR leyst:

Helena áfram

HELENA ÓLAFSDÓTTIR. Áfram í KR.

FÓTBOLTI Helena Ólafsdóttir hefur verið ráðin þjálfari KR í Landsbankadeild kvenna. Helena, sem er KR-ingur í húð og hár, tekur við liðinu af Írisi Björk Eysteinsdóttur en Helena hafði leyst hana af í sumar eftir að Íris Björk þurfti að fara í barneingnarfrí.

„Ein helsta forsenda þess að ég tók þetta starf að mér er sú að allir leikmenn sem eru fyrir verði áfram hjá félaginu og þá er það engin launung að það er vilji hjá okkur að styrkja liðið. Við lentum í fjórða sæti á síðustu leiktíð og við ætlum okkur að sjálfsögðu að gera betur," sagði Helena Ólafsdóttir sem áður hefur þjálfað lið Vals og kvennalandsliðið með ágætum árangri. **- hjö**

Metnaðarfyllra umhverfi

Jóhannes Karl Guðjónsson er tilbúinn að gefa kost á sér í landsliðið á nýjan leik. Hann segir að metnaðarfyllra starfsumhverfi þurfi til.

FÓTBOLTI Jóhannes Karl Guðjónsson, knattspyrnumaður hjá Leicester City, segist tilbúinn til þess að gefa kost á sér í landsliðið á nýjan leik. „Ég er tilbúinn til þess að gefa kost á mér á nýjan leik þegar metnaðarfyllra starfsumhverfi skapast. Annars hefur það haft góð áhrif á mína stöðu hjá Leicester City að vera ekki í landsliðinu. Ég er einn af fáum mönnum sem hafa verið að spila alla leikina og mér er treyst fyrir mínu hlutverki inni á vellinum."

Jóhannes segir bjarta tíma vera fram undan hjá landsliðinu ef rétt er á spilunum haldið. „Það eru margir góðir leikmenn í íslenska landsliðinu og mér hefur fundist vera stígandi í leik liðsins í undanförnum leikjum. En það hefur ekkert fallið með liðinu. Vonandi breytist það þegar meiri metnaður verður einkennandi í kringum landsliðið."

Það hefur ekki gengið vel hjá Leicester í haust en Jóhannes er þó sannfærður um að það búi meira í liðinu. „Við settum stefnuna fyrir tímabilið á að berjast fyrir því að komast í umspilið. Það hefur hins vegar lítið gengið hjá okkur það sem af er þó ég sé þokkalega sáttur við mína frammistöðu. En þetta er gríðarlega erfið deild og vonandi tekst okkur að ná okkur upp úr þessari lægð sem einkennt hefur spilamennsku okkar að undanförnu." **magnush@frettabladid.is**

JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON Jóhannes hefur ekki gefið kost á sér í landsliðið að undanförnu, sem hann segir hafa hjálpað sér hjá félagsliði sínu Leicester City.

Birgir Leifur Hafþórsson:

Milljón í tekjur í ár

GOLF Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG hefur unnið sér inn rétt um eina milljón íslenskra króna á Áskorendamótaröðinni á þessu ári og er í 83. sæti fyrir lokamótið sem fram fer um helgina á Tenerife. Aðeins 15 efstu kylfingarnir tryggja sér þátttökurétt á Evrópsku mótaröðinni og Birgir Leifur á enga möguleika á því. Úrtökumót fyrir Evrópsku mótaröðina fer fram í næsta mánuði og að venju er það skipt í þrjú stig. Fyrir ári síðan var Birgir Leifur aðeins einu höggi frá því að tryggja sér fullan þátttökurétt á Evrópsku mótaröðinni í ár. **- þg**

VALUR - POTSDAM

Sunnudaginn 9. október

kl.14.00 á Laugardalsvelli

ALLIR Á VÖLLINN

La SENZA

Kringlunni

ÖFLUGUR Íslefur Sigurðsson skoraði átta mörk í sigri ÍR á Víkingi/Fjölni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fimm leikur fóru fram í 32 liða úrslitum bikarsins:

Meistararnir áfram

HANDBOLTI Bikarmeistarar ÍR eru komnir í 16 liða úrslit bikarkeppninnnar í handbolta karla. Liðið sigraði Víking/Fjölni í ótrúlegum markaleik, 47-36 í eina leik kvöldsins þar sem lið í deildakeppninni mættust á heimavelli sínum í Austurbergi. B-liði ÍR gekk hins vegar ekki eins vel því HK sem fór alla leið í úrslit í fyrra vann það auðveldlega með 36 mörkum gegn 21 í Breiðholti. Elías Már Halldórsson var markahæstur HK-inga með sjö mörk og Vilhelm Gauti Bergsveinsson gerði sex mörk. Hjá ÍR-b gerði Eyþór Hilmarsson fimm og Njörður Árnason sem lék lengi með Fram og ÍR gerði fimm mörk.

Á Egilsstöðum mættu heimamenn í Hetti liði Þórs frá Akureyri sem lyktaði með öruggum sigri gestanna 32-20. Á Seltjarnarnesi tapaði Grótta fyrir Aftureldingu 22-35. Brynjar Árnason var markahæstur í liði Gróttu með fimm mörk en Haukur Sigurvinsson var markahæstur í liði gestanna með átta mörk.

Í Árbænum tapaði b-lið Fylkis fyrir Val 22-38. Í stjörnuprýddu Fylkisliði var Sigurður V. Sveinsson markahæstur með níu mörk og Sverrir Þór Sverrisson eða Sveppi gerði þrjú mörk fyrir Árbæinga. Hjá Val voru þeir Davíð Höskuldsson og Kristján Þór Karlsson markahæstir með sjö mörk.

Fjórðungsúrslit í Hópbílabikarkeppni kvenna:

Nýliðarnir unnu meistarana

KÖRFUBOLTI Nýliðar Breiðabliks unnu bikarmeistara Hauka 58-50 í gær í fyrri leik liðanna í 8 liða úrslitum Hópbílabikars kvenna. Blikar hafa þar átta stiga forskot upp á að hlaupa í seinni leiknum sem fer fram á Ásvöllum á morgun en leikirnir voru færðir fram útaf þátttöku Haukaliðsins í Evrópukeppninni. Jessalyn Deveny átti frábæran leik hjá Breiðablik og skoraði alls 34 stig og tók að auki 11 fráköst. Haukar léku án Helenu Sverrisdóttur sem meiddist illa á ökkla á æfingu og verður ekki með fyrstu vikur tímabilsins af þeim sökum. Blikar komust aldrei meira yfir en þessi átta stig sem skildu að í lokin. Deveny er greinilega frábær leikmaður sem hefur mjög góð áhrif á stelpurnar í Blikaliðinu sem hafa ekki yfir mikilli reynslu að ráða. **- óój**

Sænsk markaðssetning:

Gleymdu kvenna-fótboltanum

FÓTBOLTI Sænska knattspyrnusambandið kynnti myndband um helgina á markaðsráðstefnu þar sem fjallað var um ágæti sænskrar knattspyrnu og markaðsgildi hennar. Myndbandið þótti einstaklega vel heppnað og voru fulltrúar frá öllum helstu félögum Svíþjóðar á kynningunni. Það var markaðsfulltrúi Umeå, Susanne Granberg, sem vakti hins vegar athygli á því eftir sýningu myndbandsins að þar hefði ekki sést einn rammi frá sænskri kvennaknattspyrnu sem væri hreint og klárt hneykslí.

Fulltrúi Sænska knattspyrnusambandsins, sem sá um myndbandið, sagði sér til varnar að ekki hefði verið til nógu mikið myndefni af sænskri kvennaknattspyrnu til þess að nota í myndbandið auk þess sem styrktaraðilar væru ekki áhugasamir. Þetta væri því stormur í vatnsglasi hjá Granberg.

Fulltrúi Umeå benti hins vegar bindiskerfiskörlum Sænska knattspyrnusambandsins, eins og hún komst að orði, á það að koma í heimsókn til kvennaliðs Umeå og kynna sér markaðsstarf félagsins sem hefði skilað sér í um 50 milljónum íslenskra króna í samstarfssamningum við ýmis fyrirtæki sem væru hæstánægð með samstarfið.

- þg

Kvennalið Vals mætir Evrópumeisturum Potsdam í Evrópukeppni félagsliða í knattspyrnu á sunnudag:

Guðbjörg liggur fárveik í rúminu

FÓTBOLTI Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður Vals í knattspyrnu, hefur átt við erfið veikindi að stríða undanförnu og getur líklega ekki leikið með liðinu á Laugardalsvelli gegn Potsdam í 8 liða úrslitum Evrópukeppninnar í knattspyrnu á sunnudag. Valur ætlar líklega að nýta sér undanþágu reglu hjá UEFA sem kveður á að lið sem hefur engan markvörð geti fengið markvörð til liðs við sig.

„Guðbjörg hefur farið í fjölmargar rannsóknir hjá læknum sem ekkert hefur komið úr. Hún er búin að vera með fjörutíu stiga hita frá því hún lagðist í rúmið fyrir ellefu dögum síðan að undanskildum síðustu tveimur dögum þar sem hún hefur verið aðeins skárri. Þetta er að sjálfsögðu ekki draumastaðan þegar örfáir dagar eru í svona mikilvægan leik," sagði Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, áhyggjufull fyrir hönd Valsliðsins sem og Guðbjargar markvarðar.

GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR

Sandra til bjargar

„Við höfum fengið undanþágu frá UEFA þess efnis að við megum fá markvörð til okkar. Við höfum nú þegar haft samband við Stjörnuna um að fá Söndru Sigurðardóttur og við erum vongóð um að það gangi eftir. Ég hins vegar hef ekki fengið svar frá KSÍ í dag en félagaskiptin verða að fara í gegnum KSÍ," sagði Elísabet og sagði hina hávöxnu Söndru hafa verið sinn fyrsta kost í stöðunni. „Það er bara vonandi að félagaskiptin hjá Söndru gangi eftir því ég var farinn að sjá það fyrir mér að þurfa að láta Írisi Andrésdóttir fyrirliða í markið," sagði Elísabet en Sandra mætti á æfingu hjá Valsstúlkum í gær.

Dóra María ekki með?

Dóra María Lárusdóttir, sem leikið hefur mjög vel með Val og landsliðinu í sumar og haust ,verður líklega ekki með Val á sunnudag því hún er stödd í Bandaríkjunum í námi og ólíklegt að Valur fái hana heim fyrir leikinn. - hjö

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

2 3 4 **5** 6 7 8

Miðvikudagur

LEIKIR

- 19.15 **ÍBV 2** og **FH** mætast í 32 liða úrlslitum í SS-bikarkeppni karla.
- 20.00 **Haukar** og **HK** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 20.15 **KR** og **Fylkir** eigast við í 32 liða úrslitum í SS-bikarkeppni karla.
- 20.30 **Haukar 2** og **Selfoss** mætast í 32 liða úrslitum bikarsins.
- 21.00 **Valur 2** og **Stjarnan** mætast í 32 liða úrslitum í bikarkeppni karla.
- 21.15 **FH 2** og **Afturelding 2** mætast í 32 liða úrslitum bikarsins.

SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 09.00 og aftur kl. 18.10.
- 18.40 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Endursýndur leikur.
- 20.20 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Endursýndur leikur.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.20 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 22.30 **Hnefaleikar** á Sýn. JL. Castillo og Diego Corrales mætast.
- 22.35 **Formúlukvöld** á RÚV.

LEIKIR GÆRDAGSINS

SS-bikarkeppni karla:

ÍR 2–HK	21–36
GRÓTTA–AFTURELDING	22–35
HÖTTUR–ÞÓR AK.	20–32
ÍR–VÍKINGUR/FJÖLNIR	47–36
FYLKIR 2–VALUR	22–38

Hópbílabikar kvenna:

BREIÐABLIK–HAUKAR	58–50

Stig Breiðabliks: Jessalyn Deveny 34, Agnes Hauksd. 6, Freyja Sigurjónsd. 6, Kristín Ólad. 3, Sara D. Ólafsd. 2, Bryndís Bragad. 2, Efemía Sigurbjörnsd. 2, Hrefna Sigurðard. 2, Ragna Hjartard. 1.
Stig Hauka: Kesha Tardy 17, Sigrún S. Ámundad. 9, Ragnheiður Theodórsd. 8, Guðrún Ósk Ámundad. 4, Kristrún Sigurjónsd. 4, Bára F. Hálfdanard. 3, Hanna Hálfdanard. 2, Eva Dís Ólafsd. 2, Sara Pálmad. 1.

Þýska úrvalsdeildin:

GROSSWALLSTADT–NORDHORN	31–33

Einar Hólmgeirsson skoraði átta mörk fyrir Grosswallstadt í leiknum og Alexander Pettersson tvö mörk.

Þátttökuseðillinn liggur frammi
við Chevrolet bílana í Kringlunni.

Þú getur unnið afnot af nýjum Chevrolet Kalos í heilt ár!

hausverk / SÍA

AFMÆLISLEIKUR BÍLABÚÐAR BENNA

Taktu þátt í afmælisleik Bílabúðar Benna í Kringlunni.
Skoðaðu glæsilega Chevrolet bíla sem eru til sýnis í Kringlunni og fylltu út þátttökuseðilinn um leið.
Þú gætir unnið afnot af glænýjum Chevrolet Kalos í heilt ár.

Gamli og nýi tíminn mætast.
Sjáðu líka elsta Chevrolet bílinn
á Íslandi í Kringlunni.

Billinn er lánaður vinningshafa til eins árs. Bílnum fylgir ábyrgðar- og kaskótrygging frá TM. Vinningshafi greiðir bifreiðagjöld og bensín.

Bílabúð Benna 30 ára
Kringlan
TM
Bílabúð Benna
www.benni.is
CHEVROLET

STUÐ MILLI STRÍÐA — Gott flipp?

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR VILL SJÁ HVERT HÚN ER AÐ FARA

Núna þegar ég er stoltur eigandi rauða kortsins og stoltur strætófarþegi er samt alltaf eitt og eitt atriði sem ég get ekki alveg sætt mig við.

Þessa dagana eru það nýju strætóarnir þar sem sætaskipan er töluvert breytt frá fyrra horfi. Núna hefur einhver óskaplega sniðugur hönnuður verið að flippa þegar hann hannaði nýju strætóana og tekið upp á því að snúa sumum sætunum öfugt. Þetta hefur átt að vera svona nýtt „element“ í strætóhönnun. Ég er ekki ánægð með þetta flipp. Ég get ekki annað sagt en að þetta fer óneitanlega mjög mikið í taugarnar á mér þar sem ég hef alls ekkert gaman af því að sjá HVAÐAN ég er að koma í staðinn fyrir að sjá HVERT ég er að fara. Þegar ég neyðist til að setjast í öfugt sæti er ég sífellt að snúa mig úr hálslið til að sjá hvort tími sé kominn til að ýta á stopptakkann.

Auk þess líður mér alltaf eins og kjána þegar ég sný AÐ öllum hinum farþegunum og finnst eins og allir séu að horfa á mig. Ég þarf þá að einbeita mér að því að horfa út um gluggann en ekki fram fyrir mig því þá myndi ég bara horfa beint framan í einhvern annan farþega. Ég fer ekki í strætó til að mingla eða til að eignast vini! Ég vil fá að vera í friði á meðan ég ferðast á milli staða og langar alls ekkert að vera að lenda í óþægilegum augnsamböndum við ókunnugt fólk.

Ekki er þetta allt og sumt heldur snúa þessi öfugu sæti oft að tveimur öðrum sætum svo að fjórir vinir geti setið saman og haft gaman af. Hvenær sjáum við fjóra í hóp fara saman í strætó? Ég hef ekki gert það sjálf síðan ég var tíu ára. Oftast eru þessi sæti nýtt af fjórum ókunnugum aðilum sem allir eru að spila -Ég er ótrúlega upptekinn af því að horfa út um gluggann-leikinn...eða að þykjast vera með störu. Kannski er þetta allt saman djók. Kannski er þetta til að hafa ofan af fyrir strætóbílstjórum. Nú geta þeir allavega skemmt sér við að fylgjast með farþegum í pínlegum aðstæðum. Ég vona allavega að það sé góð ástæða fyrir þessu rugli.

myndasögur

pondus

Eftir Frode Overli

gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Pú og pa

Eftir SÖB

kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

7	1		2	9				5
		5		3		6		1
	6		4				8	
				1		8		9
6	7		9		3		2	4
9		2		7				
	5				8		1	
8		3		6		7		
1				2	5		6	8

Lausn á gátu gærdagsins

4	3	8	5	7	9	1	6	2
5	9	6	1	8	2	4	3	7
1	7	2	6	4	3	9	5	8
2	5	3	7	1	8	6	9	4
8	6	7	4	9	5	3	2	1
9	4	1	2	3	6	8	7	5
6	2	4	9	5	1	7	8	3
7	8	5	3	6	4	2	1	9
3	1	9	8	2	7	5	4	6

Sjöunda plata Korn á leiðinni

Rokksveitin Korn ætlar að gefa út sína fyrstu plötu undir merkjum útgáfufyrirtækisins EMI/Virgin Records hinn 6. desember næstkomandi.

Gripurinn, sem verður sá sjöundi frá sveitinni, mun heita See You on the Other Side og nefnist fyrsta smáskífulagið Twisted Transistor. Upptökustjórar plötunnar eru Jonathan Davies, söngvari Korn, The Matrix og Atticus Ross. Korn hefur selt 25 milljónir platna á ferli sínum, þar á meðal fjórtán milljónir í Bandaríkjunum, og er ein vinsælasta þungarokksveit heims.

KORN Hljómsveitin Korn spilaði í Laugardalshöll á síðasta ári við mjög góðar undirtektir.

Fjölbreyttur frumburður Shar

Sæmundur Haraldsson gaf nýverið út sína fyrstu plötu, Hugarþel/minding, undir listamannsnafninu Shar. Platan, sem er tvöföld, hefur að geyma tólf lög sem Sæmundur hefur verið að semja undanfarin ár. Tvö lög á plötunni eru þó ekki eftir Sæmund.

„Ég var í bandi á árunum 1965 til ´68 sem hét Zero. Við spiluðum aðallega upp í Glaumbæ og upp úr því var stofnuð sveitin Tatarar," segir Sæmundur um tónlistarferil sinn. „Ég var mikið í rokkinu en seinna meir fór ég að beinast meira í átt að djassinum."

Sæmundur var einnig í þjóðlagatríói á sínum tíma með söngvaranum Sverri Guðjónssyni. Hann segist hafa byrjað vinnu við plötuna þegar hann starfaði sem geðlæknir í Svíþjóð. Þar kynntist hann Torbirni Carlssyni. Fóru þeir að djamma saman og gekk samstarfið prýðilega. Í framhaldinu var ákveðið að gefa út plötu, bæði í Svíþjóð og á Íslandi.

Á meðal þeirra sem hafa haft áhrif á Sæmund í tónlistarsköpun sinni eru Bítlarnir, Rolling Stones, Miles Davis, Chuck Baker, John Coltrane og Frank Sinatra. Hann segir Hugarþel/minningu vera fjölbreytta plötu þar sem ýmsar tegund tónlistar komi við sögu, þar á meðal rokk, bossanova, djass, blús og ballöður. Útgáfutónleikar vegna plötunnar eru fyrirhugaðir hinn 15. október.

SÆMUNDUR HARALDSSON gefur út sína fyrstu plötu undir listamannsnafninu Shar.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan brjóstgóða Pamela Anderson fékk dæmt nálgunarbann á enskan karlmann sem hafði gert henni lífið leitt í talsverðan tíma. Bannið gildir til næstu þriggja ára og ef maðurinn brýtur af sér fer hann umsvifalaust á bak við lás og slá. Maðurinn hafði tjaldað skammt frá heimili Anderson og meðal annars angrað syni hennar tvo.

Leikstjórinn Kevin Smith er hættur afskiptum sínum af myndinni Fletch Won eftir að hafa mistekist að fá framleiðendur myndarinnar til að ráða vin sinn Jason Lee í aðalhlutverkið. Lee átti að leika blaðamanninn Fletch sem Chevy Chase lék svo eftirminnilega í tveimur myndum á níunda áratugnum.

Leikkonan Whoopi Goldberg segist aldrei framar ætla að vera kynnir á óskarsverðlaunahátíðinni en hún hefur fjórum sinnum sinnt hlutverkinu. Þess í stað hefur hún mælt með leikkonuninni Ellen DeGeneres í starfið. Ellen var kynnir á Emmy-verðlaununum fyrir skömmu og þótti standa sig vel. Leikarinn Chris Rock var kynnir á óskarnum í fyrra.

Bono, söngvari U2, er í viðræðum um að leika í nýrri Hollywood-söngvamynd sem ber heitið All You Need Is Love. Sumir segja að hinn 45 ára Bono sé þarna að halda sig við það sem hann kann best því hann á að leika aldna rokkstjörnu í myndinni. Framleiðendur myndarinnar vonast einnig til að rollingurinn Mick Jagger taki að sér hlutverk.

Söng- og leikkonan Jennifer Lopez hefur ekkert á móti lýtaaðgerðum, ólíkt sumum kollegum sínum. „Ég vil ekki dæma fólk sem vill láta laga útlitið hér og þar. Ég geri þetta ekki en ég veit ekki hvernig mér mun líða þegar ég verð fertug eða fimmtug og hvort ég myndi gera þetta þá. Ég veit að það að eldast getur verið erfitt," sagði Lopez.

Popparinn Justin Timberlake ætlar að kaupa Sum-hljóðverið frægа þar sem kóngurinn Elvis Presley tók upp þegar hann var að byrja feril sinn í Memphis. Justin, sem er einnig frá Memphis, ætlar einnig að kaupa hljómplötufyrirtækið með sama nafni. Gangi kaupin eftir hefur Justin eignast þrjú plötufyrirtæki á einu ári, þar af JayTee sem hann eignaðist fyrr á árinu.

Kl. 21.00
***Guðmundarvaka** á Kringlukránni með bandaríska píanistanum **Jon Weber** ásamt **Birni Thoroddsen** gítarleikara, **Gunnari Hrafnssyni** bassaleikara og **Guðmundi Steingrímssyni** trommara. Þeir leika verk eftir **Guðmund Ingólfsson**.*

menning

menning@frettabladid.is

Borgarljós með Sinfóníu

Núna á laugardaginn ætlar Sinfóníuhljómsveit Íslands að efna til kvikmyndatónleika í samstarfi við Kvikmyndasafn Íslands. Sýnd verður hið sígilda listaverk Chaplins, Borgarljós, sem að flestra mati er ein af vönduðustu myndum hans þar sem hvert atriðið er öðru fyndnara. Flækingurinn verður ástfanginn af blindri blómasölustúlku. Þegar hann fréttir að hægt sé að lækna sjón hennar með aðgerð leggur hann á sig ótrúlegustu þrautir til að útvega henni peninga.

Tónlistin sem flutt verður á tónleikunum er eftir Chaplin sjálfan.

Á miðvikudaginn í næstu viku verða síðan aðrir kvikmyndatónleikar í Háskólabíói, þar sem Sinfónían leikur undir meðan sýnd verður myndin Leigjandinn eftir Alfred Hitchcock, sem hann gerði árið 1927. Þessa mynd sagði hann sjálfur vera „fyrstu raunverulegu Hitchcock-myndina“.

Myndin er í þýskum expressjónískum anda og í henni bregður fyrir ýmsum þemum sem koma fyrir í þekktustu verkum Hitchcock, auk þess sem hann kemur í fyrsta sinn fram sem statisti í myndinni.

> Ekki missa af ...

... sýningu í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15, á tillögum að **tónlistarhúsi** við höfnina í Reykjavík. Síðasti sýningardgur er í dag.

... styrktartónleikum gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum, sem Blátt áfram heldur á Gauknum annað kvöld. Fram koma **Ragnheiður Gröndal, Buff, Ske, Hera, Lokbrá, Hot Damn, Smack, Solid iv, Mínus, Dr. Spock** og **Ensími**.

... tónleikum **Tríós Reykjavíkur** í Hafnarborg um helgina. Þar flytja þau **Guðný Guðmundsdóttir, Gunnar Kvaran** og **Peter Maté** verk eftir **Händel, Schumann, Hjálmar H. Ragnarsson** og **Karólínu Eiríksdóttur**.

Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert , 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 – Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN

SIGURÐUR BRAGASON ÓPERUSÖNGVARI Syngur íslensk lög í Lundúnum í kvöld og í Rómaborg á næstunni.

Kynnir íslensku sönglögin

Sigurður Bragason óperusöngvari hefur gert garðinn frægan erlendis með flutningi íslenskra sönglaga.

Í kvöld verða tónleikar í einu virtasta tónleikahúsi Lundúna, St. John's Smith Square, þar sem þeir Sigurður Bragason barítónsöngvari og Hjálmar Sighvatsson píanóleikari flytja efnisskrá með íslenskum sönglögum.

„Þetta er með glæsilegri húsum sem ég hef sungið í," segir Sigurður, „og hef ég þó sungið tvisvar í Carnegie Hall og tvisvara í Wigmore Hall. Okkur er svo boðið með sömu efnisskrá til Rómar þar sem við syngjum í stórglæsilegu húsi, Auditorium, og að auki í Gewandhaus í Leipzig þar sem þeir Jón Leifs, Sigurður Þórðarson og Páll Ingólfsson verða í aðalhlutverki, af því að þeir lærðu í Leipzig."

Meira en áratugur er síðan Sigurður byrjaði að flytja íslensk sönglög á tónleikum erlendis. Fyrst í stað fannst honum nauðsynlegt að flytja þekkt erlend verk á tónleikunum en blanda íslensku sönglögunum inn í en upp á síðkastið hefur hann haldið tónleika eingöngu með íslenskri efnisskrá.

„Þetta er stór efnisskrá því við flytjum á þriðja tug verka og rekjum þá sögu íslenska sönglagsins alveg frá elstu tónskáldunum til þeirra allra yngstu."

Meðal annars flytja þeir verk eftir Bjarna Þorsteinsson, Pál Ísólfsson, Jón Leifs, Atla Heimi Sveinsson, Hjálmar H. Ragnarsson og Mist Þorkelsdóttur og er þá fátt eitt talið af efnisskránni.

Fyrst fluttu þeir þessa efnisskrá á tónleikum í Corcoran-listamiðstöðinni í Washington á síðasta ári, en þeir tónleikar fengu gríðarlega góða dóma.

Sigurður lætur sér þó ekki nægja að syngja lög, heldur hefur hann samið fjöldann allan af lögum sem nú hafa verið gefin út á tveimur bókum. Önnur þeirra heitir „Á ferð um fagra veröld". Þar eru veraldleg lög og kirkjuleg lög í bland, en titill seinni bókarinnar er „Meistari Himna" og í henni eru eingöngu kirkjuleg lög.

Sönglikur eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN
Annie
í Austurbæ
17. sýn. sun. 16/10 kl. 14 Annie; Thelma Lind
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15 Annie; Solveig
midi.is
551 4700 & 551 0200

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ
KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Sun 9/10 kl. 14, Sun 16/10 kl. 14, Su 23/10 kl. 14
WOYZECK - FORSÝNING
Frumsýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt.
Miðaverð á forsýningar aðeins kr. 2.000,-
Fi 27/10 kl. 20.
HÍBÝLI VINDANNA
Aðeins þessar 4 sýningar eftir
Fö 7/10 kl. 20, Su 16/10 kl. 20, Su 23/10 kl. 20
SALKA VALKA
Fi 15/10 FRUMSÝNING UPPSELT,
Mi 19/10 kl. 20 Styrktarsýning MND félagið á Íslandi,
Fö 21/10 kl. 20, Lau 22/10 kl. 20

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
FORÐIST OKKUR
Aðein sýnt í október. Nemendaleikhúsið / CommonNonsense. Höf. Hugleikur Dagsson.
Fi 6/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, Lau 8/10 kl. 20
MANNTAFL
Fö 7/10 kl. 20, Fö 14/10 kl. 20, Lau 15/10 kl.20
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 8/10 kl. 16 Aukasýn, Lau 8/10 kl. 20 UPPS, Su 9/10 kl. 20 UPPSELT, Sun 16/10 kl. 20 UPPS., Sun 23/10 kl. 20 UPPS. Þri 25/10 kl. 20 AUKASÝN. Lau 29/10 kl. 20 AUKASÝN. Sun 30/10 kl. 20 AUKASÝN.
LÍFSINS TRÉ
Fö 21/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 22/10 kl. 20, Fi 27/10 kl. 20, Fö 28/10 kl. 20

TVENNU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á Hibýli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur

Sími miðasölu 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
EDITH PIAF
Fös. 7/10 uppselt, lau. 8/10 uppselt, sun. 16/10 nokkur sæti laus, sun. 23/10. Sýningum lýkur í október.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 9/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 16/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 23/10 nokkur sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00.
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Frumsýning fös. 14/10 uppselt, 2. sýn. lau. 15/10 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus.sæti laus,

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
KODDAMAÐURINN
Fim. 6/10 nokkur sæti laus, fös. 7/10 örfá sæti laus, lau. 8/10, sun. 16/10, þri. 18/10 uppselt, mið. 19/10 uppselt, sun. 23/10, mið. 26/10 uppselt. Sýningum lýkur í október.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Ávaxtakarfan
í AUSTURBÆ
Síðustu sýningar
Jónsi
Immi Ananas
....Ég er voldugur og líka holdugur.
Enginn hér er betri en ég.
Ég um mig frá mér til mín.
Það getur enginn jafnast á við mig...
SPARISJÓÐURINN
IsMedia
Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17
pantanir í síma 551 4700
www.midi.is
Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30
www.avaxtakarfan.is

Talstöðin

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
7. sýn fös 7 okt örfá sæti
8. sýn lau 8 okt örfá sæti
9. sýn fös 14 okt örfá sæti
10. sýn lau 15 okt örfá sæti
AUKASÝNING fimmt. 20. okt.
11. sýn fös 21 okt nokkur sæti
12. sýn lau 22 okt nokkur sæti
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

Halda til fjalla að hugleiða

Í dag halda til fjalla um það bil fimmtán manns til þess að stunda zen-hugleiðslu í fylgd með zen-meistaranum Jakusho Kwong-roshi, sem nú er staddur hér á landi.

„Hann kemur einu sinni á ári og hefur gert það síðan 1987," segir Sverrir Guðjónsson, einn þeirra sem ætla með Jakusho til fjalla. Sverrir hefur lært hugleiðslu hjá honum og er virkur í félagi zen-búddista á Íslandi.

„Það má segja að zen-iðkun byggi á hugleiðslu þar sem setið er í þögn og athyglinni beint inn á við," segir Sverrir. „Hugurinn er að trufla okkur stöðugt allan daginn, en við gætum gefið honum frí miklu oftar. Það mundi létta mikið á okkur en við kunnum það ekki og þurfum að læra það. Við þurfum að geta sleppt hugsununum, leyft þeim að sigla framhjá eins og skýjum."

Á mánudaginn kemur verður haldið byrjendanámskeið í Gerðubergi þar sem Helga Jóakimsdóttir, Óskar Ingólfsson og Sverrir Guðjónsson fara yfir helstu grunnatriði zen-iðkunar. Þau hafa öll gerst formlegir nemendur Jakusho.

Í kjölfarið svarar Jakusho spurningum þátttakenda og ræðir um tengingu zen-iðkunar við daglegt líf í nútímasamfélagi. Námskeiðið hefst klukkan 18 og stendur til klukkan 22 og verður vel tekið á móti öllum byrjendum.

„Byrjandinn er yfirleitt með opinn huga af því að hann er tilbúinn að leyfa hlutunum að gerast," segir Sverrir.



JAKUSHO KWONG-ROSHI Hann heldur til fjalla í dag með lítinn hóp í fimm daga hugleiðslueinangrun.

TÓNLEIKAR

- **18.00** Tónleikaröðin Pepsírokk á Bar 11 við Laugaveginn. Hljómsveitin Weapons hitar upp en síðan spila hljómsveitirnar Hello Norbert, sem var í öðru sæti í músíktilraunum í ár, og Royal Fanclub.
- **21.00** Bandaríski píanistinn Jon Weber leikur á Kringlukránni ásamt hljómsveitinni Guðmundarvöku. Hljómsveitina skipa auk Jons þeir Björn Thoroddsen gítarleikari, Gunnar Hrafnsson bassaleikari og Guðmundur Steingrímsson trommari. Á efnisskránni eru verk eftir Guðmund Ingólfsson.
- **22.00** Hljómsveitirnar Ókind og Dikta spila á Dillon. Frítt inn.
- **22.00** Danska víkingabandið Kraukan, með Guðjón Rúdolf Guðmundsson í fararbroddi, spilar frumsamda víkingatónlist á heimasmíðuð víkingahljóðfæri á Næsta bar.

SKEMMTANIR

- Trúbadorinn Einar Örn og hljómsveitin Killer Bunny spila á Gauki á Stöng. Frítt inn!

FUNDIR

- **17.00** Ali Samadi, leikstjóri Týndu barnanna, Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, Ellen Flanders, leikstjóri Einskis aðskilnaðar, Heiða Jóhannsdóttir bókmenntafræðingur, Samba Gadjigo, aðstandandi Mooladé og Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, taka þátt í pallborðsumræðum á vegum Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Norræna húsinu, þar sem framlag kvikmynda til mannréttinda verður kannað. Umræðustjóri verður Þórunn Sveinbjarnardóttir þingmaður.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Leikhúskjallarinn – suðupottur menningar!

Á dagskránni í vikunni:

6. okt. kl. 21:00	Opnunarkvöld Leikhúskjallarans undir stjórn Arnar Árnasonar
7.-8. okt. kl. 21:00	Þetta mánaðarlega. Hugleikur
9. okt. kl. 21.00	Sunnudagsjass. Jassklúbburinn Múlinn kynnir Tríó Jóns Páls Bjarnasonar

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

ABBAS Í GÓÐUM HÓPI Halldór Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, Abbas Kiarostami kvikmyndaleikstjóri og Ali Amoushahi arkitekt ræða málin en Landsbankinn er einn aðalstyrktaraðila kvikmyndahátíðarinnar.

FÉKK ÍSLENSKT GRJÓT Abbas Kiarostami tekur hér við heiðursverðlaunum úr hendi Ólafs Ragnars Grímssonar. Hann fékk einnig afhent listaverk úr íslensku grjóti eftir Mireyu Samper sem tákn um sköpunarkraftinn sem kemur úr iðrum jarðar.

HEIÐURSFÓLK Þau Halldór Kristjánsson, herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Hrönn Marinósdóttir, framkvæmdastjóri kvikmyndahátíðarinnar, voru ánægð með viðtökurnar.

Abbas veitt heiðursverðlaun

Íranska kvikmyndaleikstjóranum Abbas Kiarostami voru veitt heiðursverðlaun af forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, á Bessastöðum á mánudaginn. Kvikmyndaunnandinn Þorfinnur Ómarsson sagðist ekki hafa sótt hátíðina eins vel og hann langaði vegna anna: „Þetta breytist vonandi núna á næstunni," sagði hann en fannst Abbas vera vel að verðlaununum kominn. „Hann er svona ekta ljóðrænn og fallegur listamaður sem byggir mikið á stemningu og andrúmslofti," segir hann og bætir við að Abbas fari sínar eigin leiðir í nálgun sinni.

Þorfinnur segist vera búinn sjá nokkrar af þeim myndum sem sýndar séu á hátíðinni og mælir sérstaklega með Adam's Æbler. „Leikstjóri þeirrar myndar er alveg ótrúlega lunkinn handritshöfundur."

NÝTT STARF FRAM UNDAN Þorfinnur Ómarsson, sem hér er með þeim Kristínu Jóhannesdóttur og Sigurði Pálssyni, er á leiðinni í nýtt starf hjá 365 ljósvakamiðlum.

Kvikmyndir og mannréttindi í Norræna húsinu

Kvikmyndahátíðin heldur áfram að rúlla. Það eru þó ekki bara kvikmyndir sem fólk getur sótt heldur býðst gestum einnig að sækja námskeið og pallborðsumræður. Í Norræna húsinu í dag fara einmitt fram pallborðsumræður um framlag kvikmynda til mannréttinda og hefjast þær klukkan 17.00. Meðal þátttakenda má nefna Ali Samadi leikstjóra Lost Children og Ellen Flanders, leikstjóra Zero Degree of Seperation. Þessi fundur er haldin í tilefni af komu Sambo Gadjiigo, aðstandanda Mooladé en sú kvikmynd hefur farið sigurför um heiminn. Segir hún frá því þegar kona í litlu þorpi ákveður að halda hlífðarskyldi yfir hópi stelpna sem eiga gangast undir umskurð. Setur þessi ákvörðun þorpið á annan endan.

ALI SAMADI Leikstjóri kvikmyndarinnar Lost Children verður meðal þeirra sem ætlar að taka þátt í pallborðsumræðum um framlag kvikmynda til mannréttinda.



MOOLADÉ Þessi senegalska kvikmynd hefur vakið heimsathygli og fékk meðal annars sérstök verðlaun á Cannes-hátíðinni í fyrra.

Léttu þér Lífið

vilborga@centrum.is

Miele

Engin málamiðlun

Miele ryksugurnar hafa unnið til fjölda verðlauna fyrir afköst, formfegurð og þægindi í notkun. Ríkulegur staðalbúnaður og mikið úrval aukahluta skapar fullkomna ryksugu fyrir sérhvert heimili.

Léttu þér lífið með Miele ryksugu

EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is



Í KVÖLD
Á SIRKUS

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Segir sannar lygasögur

Trúbadorinn Siggi Björns hefur gefið út plötuna Stories. Platan var tekin upp á aðeins fimm dögum á Flateyri, heimabæ Sigga.

Upphaflega ætlaði Siggi að taka plötuna upp í Þýskalandi, þar sem hann hefur búið að undanförnu. Þá hitti hann Eistlendinginn Olavi Körre og saman ákváðu þeir að taka plötuna upp á Flateyri. Körre þessi spilar á fjölmörg hljóðfæri og er að sögn Sigga algjört undrabarn. „Platan sér þess kannski smá merki að hún var tekin upp á fimm dögum en andinn passar fullkomlega og þess vegna ákváð ég að gefa hana út eins og hún er," segir Siggi. „Ég fékk „local" tónlistarmenn í lið með mér frá Flateyri, þar á meðal var ég með vörubílstjóra á trommunum. Ég ákvað bara að gera allt á staðnum og vildi ekki að platan hljómaði of mikið hljóðblönduð."

Eins og nafnið gefur til kynna er Siggi að segja sögur á plötunni, rétt eins og hann hefur gert á tónleikum sínum í Þýskalandi að undanförnu. „Ég er að segja sögur af fólki sem ég þekki. Þetta eru sannar lygasögur og þær hafa allar sannleikskorn. Stundum þarf maður bara að ljúga til að gera söguna sennilega," segir hann og kímir.

Útgáfutónleikar vegna plötunnar verða haldnir í Hvammsvík í Hvalfirði næstkomandi föstudag og hefjast þeir klukkan 21.00. Þar verða í liði með Sigga hluti af þeim tónlistarmönnum sem spiluðu á plötunni. Í kjölfarið ætlar Siggi síðan að ferðast um vestfirði með félögum sínum úr hljómsveitinni. Eftir það heldur hann tónleika í Berlin en kemur síðan aftur heim til að ferðast um landið, þá einn á báti með gítarinn í farteskinu.

SIGGI BJÖRNS Tónlistarmaðurinn Siggi Björns segir sögur á sinni nýjustu plötu, Stories.

freyr@frettabladid.is

EVA HAUKSDÓTTIR Í NORNABÚÐINNI

Eigingjarnar galdraþrár

„Það er enginn galdur að fá hugmynd að búð," segir nornin Eva Hauksdóttir, sem ásamt norninni Eyrúnu Skúladóttur rekur Nornabúðina á Vesturgötu 12.

„Við höfum báðar verið á kafi í spádómum og göldrum síðan við vorum krakkar, þótt með ólíkum áherslum, en mitt sérsvið er kveðskapur, rúnir og málgaldrar, meðan Eyrún er fyrst og fremst í náttúrugöldrum; jurtum og steinum," segir Eva sem var ekki nema tólf ára þegar hún fór meðvitað að gera tilraunir til að hafa áhrif á veruleikann.

„Maður verður aldrei fullnuma norn, en það er einstaklingsbundið hve fljótt maður nær tökum á fræðunum. Tólf ára var ég sannfærð og sannreyndi að ég gat fengið það sem ég vildi með því að yrkja vísur. En ég kallaði það ekki galdur á þeim tíma og veit að mjög margir nota galdur án þess að gera sér grein fyrir því."

Galdrar eru ýmist flokkaðir sem hvítir eða svartir; notaðir til góðs eða ills. Eva segist standa þar mitt á milli.

„Ég stend á gráa svæðinu því ef galdur í sinni hvítustu mynd er fyrirbæn en sá svartasti sá að maður reyni að skaða einhvern verulega, þá hef ég hvorugt notað. Í mínum svörtustu göldrum hef ég ekki kallað sjúkdóma eða slys yfir aðra, en þó beitt göldrum þess valdandi að hegðun annarra komi niður á þeim sjálfum og ógæfan felist í þeirra eigin refsingu; legg seið um að þeir éti á sig spik, finni sér vondan maka eða annað," segir Eva og staðfestir að galdraseiður svíki aldrei.

„En það er ekkert dularfullt við það. Þegar við hegðum okkur vel verður okkur umbunað og þegar við högum okkur illa kemur það í hausinn á okkur fyrr en síðar," segir Eva og fullyrðir að galdur sé eigingjarn.

„Með galdri reynir maður að hafa áhrif á örlögin og eigið líf svo manni líði betur, sé hamingjusamari og gangi betur að fá tækifæri, peninga eða annað. Manneskjan keyrir á eigingjörnum þrám til betra lífs og ekkert ljótt við það, á meðan maður skaðar ekki aðra um leið."

Andrúmsloft í Nornabúðinni er notalegt og öðruvísi

„Það er óskaplega mikil hjátrú í kringum galdra og nornir, en hér býr enginn Satan. Margir álíta að galdur verði til fyrir tilstilli Satans eða illra anda, en ég trúi því ekki og er aldrei hrædd. Tel að vísindin eigi eftir að útskýra þetta og hef sjálf aldrei séð merki þess að galdur hafi komið illa niður á fólki sem beitir honum. Fræðin eru flókin og margs konar, margar stefnur sem fara eftir menningarsamfélagi og tíma í útfærslu. Hérlendis starfa nornafélög með mikilli leynd, en ég hef aldrei verið í slíkum félagsskap, þótt Eyrún hafi verið árum saman í nornasveimi," segir Eva og telur ósennilegt að íslenskar nornaklíkur stundi dýra- eða kynlífsfórnir á fundum sínum.

„Galdur gengur ekki út á slíkan ólifnað, heldur snýst um að hafa áhrif á gang tilverunnar með öðru en lögmáli orsaka og afleiðinga. Eini munurinn á einlægri ósk og galdri er sá að í galdrinum er farið með ritúal, kveikt á kerti, farið með þulu, skrifaður galdrastafur eða annað. Áhrifin verða svo þau að af stað fer röð heppilegra tilviljana sem við getum ekki útskýrt, en ég tel að eigi eftir að gera á vísindalegan hátt."

Í Nornabúðinni koma Íslendingar á öllum aldri og báðum kynjum, og í nógu að snúast hjá Evu og Eyrúnu.

„Í búðinni erum við með galdrauppskriftir, tæki og tól til galdurs. Flestir kaupa sér pakka með grunnuppskrift af galdri, en vinsælastir eru galdrar sem við höfum tekið saman sjálfar. Langvinsælust er Fávitafælan sem er ætluð til þess að losna úr mynstrinu að verða alltaf ástfangin af tilfinningalegum fávitum sem fara illa með mann. Þá er Skuldafæla og hvers kyns ástargaldrar afar vinsælir," segir Eva sem eins og Eyrún spáir fyrir gestum og gangandi í tarotspil og rúnir.

„Vinsælar eru einnig alls kyns jurtir sem hægt er að sjóða í galdraseyð, ásamt jurtasmyrslum og olíum, kertum, reykelsi, galdrastöfum, orkusteinum, skartgripum og fleiru," segir Eva, en sjón er sögu ríkari á Vesturgötunni þar sem galdrarnir eiga heima.

JAMIE CULLUM Á TILBOÐI!

NÝTT!



2.699kr CD+DVD • Jamie Cullum - Catching Tales

CD • Jamie Cullum - Catching Tales 1.999kr

1.499kr

DVD • Jamie Cullum - Live at Blenheim Palace

2 fyrir 2.200

CD • Jamie Cullum - Twentysomething

S·K·Í·F·A·N

...skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni

HUGSAÐU STÓRT
SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

RED EYE
HÖRKU SPENNUTRYLLIR FRÁ WES CRAVEN LEIKSTJÓRA SCREAM MYNDANNA
Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.i. 14 ára
Sýnd í Lúxus kl. 4, 6, 8 og 10

Nicole Kidman Will Ferrell
★★★ -SV MBL
Bewitched
GÖLDRÓTT GAMANMYND!
Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15

Skemmtileg ævintýramynd með íslensku tali.
Óbeint framhald af þáttaröðinni Jesú og Jósefína sem var sýnd við miklar vinsældir á Stöð 2 síðustu jól.
Óskar & Jósefína
Sýnd kl. 4 og 6 Miðaverð 450 kr. ÍSLENSKT TAL

DEUCE BIGALOW EUROPEAN GIGOLO
Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 14 ára

SHARKBOY & LAVAGIRL 3-D
Sýnd kl. 4 í þrívídd

★★★ -HJ MBL ★★★ -ÓHT Rás 2
NIGHT WATCH
Sýnd kl. 10 B.i. 16 ára

ÆVINTÝRA FERÐIN
Sýnd kl. 4 ÍSLENSKT TAL

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

Nicole Kidman Will Ferrell
★★★ -SV MBL
Bewitched
Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15

NIGHT WATCH
Til að hafa stjórn á hrottum og illmennum er sett á laggirnar sérstök sveit sem kallar sig Night Watch!
★★★ -HJ MBL ★★★ -ÓHT Rás 2
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

Skemmtileg ævintýramynd með íslensku tali.
Óbeint framhald af þáttaröðinni Jesú og Jósefína sem var sýnd við miklar vinsældir á Stöð 2 síðustu jól.
Óskar & Jósefína
Sýnd kl. 6 ÍSLENSKT TAL

★★★ -ÓHT Rás 2
Sýnd kl. 8, og 10.20

KVIKMYNDAHÁTÍÐ
29. september til 9. október
You bet your Life/Teningnum er kastað Sýnd kl. 6
Antares Sýnd kl. 8
Garcon Stupide/Ungur og vitlaus Sýnd kl. 10.15

Borgarbíó
Red Eye kl. 6, 8 og 10
Óskar & Jósefína kl. 6
Bewitched kl. 8
The Man kl. 10

- bara lúxus LAUGARÁS BÍÓ Sími 553 2075

RACHEL McADAMS CILLIAN MURPHY
★★★ SV.mbl. ★★★★ TOPPS.IS
RED EYE
Í 36.000 FETUM VARÐ HENNAR VERSTA MARTRÖÐ AÐ VERULEIKA.
HÖRKU SPENNUTRYLLIR FRÁ WES CRAVEN LEIKSTJÓRA SCREAM MYNDANNA
Sýnd kl. 6, 8 og 10 b.i. 14 ára

VARÚÐ: ÞÚ GÆTIR FARIÐ ÚR KJÁLKALIÐNUM AF HLÁTRI
STEVE CARELL
THE 40 YEAR-OLD VIRGIN
BETRA SEINT EN ALDREI
Sýnd kl. 8 og 10:20 b.i. 14 ára

MIÐAVERÐ 450 KR.
Óskar & Jósefína
SKEMMTILEG ÆVINTÝRAMYND MEÐ ÍSLENSKU TALI
Sýnd kl. 6 m/íslensku tali

FRÁBÆR GRÍN- OG SPENNUMYND
SAMUEL L. JACKSON EUGENE LEVY
The MAN
Sýnd kl. 6

www.laugarasbio.is

fiac
LOFTPRESSUR

MIKIÐ ÚRVAL
FRÁBÆR VERÐ
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070

Lífið verður ekki það sama

Leikarinn Ralph Fiennes, sem leikur hinn illa Lord Voldemort í myndinni Harry Potter og gullhnötturinn, segir að líf sitt verði aldrei aftur það sama vegna hlutverksins.

„Það skiptir engu máli hvað ég hef áður gert. Núna þegar hef leikið Voldemort mun það ekki skipta neinu máli," segir Fiennes. „Ég veit ekkert hvort ég eigi eftir að leika Voldemort aftur í næstu fjórum Potter-myndunum en strax núna, þegar ég fer út í búð gengur fólk upp að mér og spyr hvort ég sé virkilega „sá sem má ekki nefna". Það er greinilegt að Harry Potter er að taka yfir líf mitt," segir hann.

RALPH FIENNES Leikarinn Ralph Fiennes fer með hlutverk hins illa Lord Voldemort í næstu Harry Potter-mynd.

Judi Dench gleymdi línunum

Það kom bresku leikkonunni Keiru Knightley einstaklega á óvart þegar mótleikkona hennar, sjálf Judi Dench, gleymdi línunni sinni. Knightley hafði kviðið mikið fyrir að leika á móti þessari reyndu leikkonu en öðlaðist mikið sjálfstraust þegar hún sá að Dench er bara mannleg.

„Ég var alveg að deyja úr kvíða áður en ég hitti Judi Dench. En vitið þið hvað gerðist? Hún gleymdi línunum sínum," segir Knightley. „Hún varð frekar vandræðaleg og rjóð en um leið indæl, frábær og stórkostleg. „Þá hugsaði ég bara, ó allt í lagi, ég er ekki svo slæm. Ef hún gleymir línunum en stendur sig samt vel þá get ég það kannski bara líka."

KEIRA KNIGHTLEY Öðlaðist mikið sjálfstraust við að leika á móti Judi Dench.

DANNII MINOGUE Dannii stendur með stóru systur í baráttunni við krabbameinið.

Þakkar aðdáendum stóru systur sinnar

Söngkonan Dannii Minogue hefur þakkað öllum þeim fjölda fólks sem hefur stutt eldri systur hennar, Kylie, eftir að hún greindist með brjóstakrabbamein.

Dannii, sem er 33 ára, er um þessar mundir að kynna sitt nýjasta smáskífulag sem nefnist Perfection. Hún segir að Kylie sé að eilífu þakklát fyrir allar heillaóskakveðjurnar sem hún hefur fengið frá fólki víðsvegar um heiminn. „Hún veit vel af allri þeirri ástúð sem flæðir inn til hennar frá almenningi. Það hjálpar henni mikið og styður hana í baráttunni," segir Dannii. Hún segir að fjölskylda þeirra systra hafi átt erfitt síðan Kylie greindist með krabbameinið en Kylie hafi tekið á sjúkdómnum með mikilli reisn. „Þetta er ansi erfið meðferð. Allir sem þurfa að ganga í gegnum hana ættu að vita hvað hún reynir mikið á andlegu og líkamlegu hliðina. Kylie vill senda baráttukveðjur til allra þeirra sem eru að ganga í gegnum það sama og hún."

Vm 98,9 BYLGJAN
Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30

Traust dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.

VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Lagersala
Rýmum fyrir nýjum vörum
Opið:
Virka daga kl.12.00 til 18.00
Laugardaga kl.11.00 til 16.00
Sunnudaga lokað

Ljósin í bænum SUÐURVERI
Stigahlíð 45 105 Reykjavík Sími 553 7637

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is

ÁLFABAKKI

GOAL	KL. 5.30-8-10.30	
GOAL VIP	KL. 5.30-8-10.30	
MUST LOVE DOGS	KL. 3.45-6-8.15-10.30	
THE 40 YEAR OLD VIRGIN	KL. 5.30-8-10.30	B.I. 14
VALIANT ísl. tal	KL. 3.40	
SKY HIGH	KL. 3.45-6	
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY	KL. 3.45-6-8.15-10.30	
STRÁKARNIR OKKAR	KL. 8-10.30	B.I. 14
RACING STRIPES ísl. tal	KL. 3.30	

KEFLAVÍK

GOAL	KL. 8	
THE CAVE	KL. 8	

AKUREYRI

GOAL	KL. 8-10.15	
THE 40 YEAR OLD VIRGIN	KL. 8-10.15	

KRINGLAN

GOAL	KL. 5.30-8-10.30	
THE CAVE	KL. 10.30	B.I. 16
VALIANT ísl. tal	KL. 6	
VALIANT enskt tal	KL. 8	
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY	KL. 8	
STRÁKARNIR OKKAR	KL. 10	B.I. 14

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

MUST LOVE DOGS	KL. 6-8-10.10	
THE 40 YEAR OLD VIRGIN	KL. 5.40-8-10.20	B.I. 14 ára
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY	KL. 5.45	
STRÁKARNIR OKKAR	KL. 10	B.I. 14 ára

REYKJAVIK INTERNATIONAL FILM FESTIVAL

MOOLAADE	KL. 7.30	KISSED BY WINTER	KL. 8
NOBODY KNOWS	KL. 10.20	GEORGE MICHAEL: A DIFFERENT STORY	KL. 5.30

Háskólabíó

FÓLK Í FRÉTTUM

Robbie Williams segir það gefa honum „Batman-fiðring" þegar amerískar stúlkur vita ekki hver hann er. „Það gerðist fyrir nokkrum mánuðum þegar ég var í Ameríku að ein stelpa vissi ekki hver ég var. Það vita ekki allir í Ameríku hver ég er. Ég settist niður og sagði við hana: „Ég er söngvari." Svo setti ég DVD-disk með upptöku af tónleikum í tækið og sagði: „Tékkaðu á þessu!" Henni fannst þetta rosalegt. Þetta var eins og þegar Bruce Wayne segir við stelpuna sína: „Ég er Batman." Svo sagði ég henni að nú þegar hún vissi leyndarmálið mitt þá þyrfti ég að drepa hana," sagði hinn hógværi Williams.

Paris Hilton segist hafa hætt við að giftast Paris Latsis því hún hafi ekki verið tilbúin fyrir brúðkaup. „Ég hef séð hvernig fólk sem elskar hvort annað hættir saman þegar það flýtir sér of mikið að giftast. Ég vil ekki gera þau mistök," segir Paris. Hún heldur því þó fram að hún elski Latsis enn og að þau ætli að gera kvikmyndir saman.

Hugh Grant segist líta út eins og karlmannleg lesbía þegar hann er stutthærður. Leikarinn segist oft hafa reynt að breyta hárgreiðslunni en að það hafi aldrei komið vel út. „Ég reyndi að breyta um stíl. Hárgreiðslumaður Elizabeth Hurley klippti mig stutt og ég hélt að ég myndi líta karlmannlega út. Því miður leit ég út eins og karlmannleg lesbía," segir Grant. „Ég er mjög ljótur með stutt hár. Jafnvel Elizabeth gat ekki horft á mig."

Madonna lætur senda sér stórar tunnur af uppáhaldsbjórnum sínum þar sem hún getur ekki keypt hann í búðum nálægt heimili sínu. Hún fékk dálæti á bjórnum eftir að hafa smakkað hann á krá að nafni The Dog and Duck í Soho. Talsmaður brugghússins sem sendir Madonnu bjórinn vill ekki segja til um hversu margar tunnur hún hafi klárað en sagði þó: „Þetta er einstaklega góður bjór og margar stelpur kunna vel að meta hann."

Hræðilegur harmleikur

[KVIKMYNDAHÁTÍÐ]

UMFJÖLLUN

Stundum er auðveldara að loka augunum fyrir raunveruleikanum. Hann er stundum það hryllilegur að okkur þykir best að líta undan. Einn góðan veðurdag kemur raunveruleikinn engu að síður í bakið á okkur, lemur okkur í hausinn með hamri. Heimildarkvikmyndin Lost Children er slíkt högg.

Í norðurhluta Afríkuríkisins Úganda hefur borgarastyrjöld staðið yfir síðastliðin 19 ár. Við vitum fátt um gang þessarar borgarastyrjaldar enda hefur umheimurinn lokað augunum fyrir henni eða réttara sagt hefur verið bundið fyrir augu okkar. Bandaríkjastjórn styrkir frelsisher Drottins til að verja mikilvægar olíulindir fyrir ágangi múslima með öllum tiltækum ráðum. Þessi styrjöld hefur af alþjóðlegum hjálparstofnunum verið kallað „stríð gegn börnum".

Ástæðan fyrir nafngiftinni er sú að áðurnefndur frelsisher rænir börnum frá átta ára aldri til að nota sem drápstól og kynlífsþræla. Þau eru neydd til að drepa ættmenni sín, börn og konur. Lost Children er saga þessara stríðshrjáðu barna sem voru neydd í stríð og til voðaverka.

Ali Samadi Ahadi og Oliver Stoltz fylgdust með athvarfi fyrir börn sem hafa sloppið undan frelsishernum og hvernig þeim er tekið heima fyrir. Samadi Ahadi sagði eftir sýninguna á mánudag að hann vildi ekki sýna börnin sem fórnarlömb heldur sem hetjur. Það væri þrekvirki að sleppa úr klóm frelsishersins. 80% þeirra sem reyndu væru pyntuð og drepin. Sjaldnast vilja foreldrarnir sjá börnin sín aftur vegna fyrri verka þeirra. Stundum er örbirgðin og vesældin einnig of mikil.

LOST CHILDREN

LEIKSTJÓRAR: ALI SAMADI AHADI OG OLIVER STOLTZ

NIÐURSTAÐA: Heimildarmyndin er gífurlega áhrifarík. Lýsingar barnanna einlægar en jafnframt óhuggulegar. Fréttamyndir af sundurskotnum líkum barna og myndin af drengnum, sem hafði verið píndur með því að nefið, eyrun og hendurnar voru skornar af honum, gleymast seint.

Kvikmyndagerðarmennirnir þurftu að búa til nokkur eintök af hverri töku vegna þess að þeir urðu sífellt fyrir áreiti ræningja. En eins og Samadi Ahadi sagði eftir sýninguna á mánudaginn: „Ég var með farseðil heim, börnin ekki." Þá benti hann á þá ógnvænlegu staðreynd að á hverri nóttu leita fjörutíu þúsund börn skjóls inn í höfuðborgina til að verða ekki rænt. Það samsvarar öllum börnum á Íslandi.

Heimildarmyndin er gífurlega áhrifarík. Lýsingar barnanna einlægar en jafnframt óhuggulegar. Fréttamyndir af sundurskotnum líkum barna og myndin af drengnum, sem hafði verið píndur með því að nefið, eyrun og hendurnar voru skornar af honum gleymast seint.

Ég vil biðla til aðstandenda kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík að taka myndina ekki af dagskrá heldur gefa fleira fólki kost á að sjá hana. Týndu börnin í Úganda eiga það skilið.

Freyr Gígja Gunnnarsson

Amon Amarth til landsins

Sænska þungarokksveitin Amon Amarth er á leiðinni til landsins í annað sinn.Hljómsveitin heimsótti landann í mars í fyrra og þá fylgdu henni blaðamenn frá sex stórum evrópskum þungarokkstímaritum. Haldin var ein stór þungarokksveisla þar sem rjóminn af íslenska þungarokkinu hitaði upp fyrir sænsku víkingana.

Tónleikar Amon Amarth sem voru haldnir á Grand Rokk voru einnig kvikmyndaðir og voru þeir gefnir út á DVD-diski sem fylgdi með nýjustu plötu þeirra í takmörkuðu upplagi. Sú heitir Fate of Norns og kom út síðasta haust. Þess má geta að Amon Amarth er ein vinsælasta hljómsveitin á Metal Blade útgáfunni, þannig að það má ætla að sú landkynning sem þessir tónleikar voru, DVD-útgáfan og umfjöllun tímaritanna, hafi náð til þúsunda aðdáenda sveitarinnar og lesenda þessara tímarita í stærstu löndum Evrópu.

Fyrri tónleikar Amon Amarth hér á landi verða á Grand Rokk laugardaginn 5. nóvember. Þá hita upp Sólstafir, Nevolution og Dark Harvest. Síðari tónleikarnir verða fyrir alla aldurshópa í Hellinum í Tónlistarþróunarmiðstöðinni kvöldið eftir. Miðaverð er 1.200 krónur.

HOPKINS Anthony Hopkins í hlutverki mannætunnar Hannibal Lecter.

Hopkins leikur Hemingway

Stórleikarinn Anthony Hopkins hefur tekið að sér aðalhlutverkið í kvikmyndinni Papa sem leikstýrt verður af Roger Donaldson.

Myndin fjallar um kynni rithöfundarins Ernest Hemingway og Denne Bart Peticlerc, yngsta fréttamanns Bandaríkjanna í Kóreustríðinu. Peticlerc veitt Hemingway síðar meir innblástur til að skrifa bókina Hverjum klukkan glymur um spænsku borgarastyrjöldina. Hopkins mun leika Hemingway í myndinni.

ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

29. SEPTEMBER TIL 9. OKTÓBER

www.filmfest.is

Landsbankinn

BAUGUR GROUP



Tjarnarbíó kl. 21:00
Miðvikudaginn 5. október

Miðnæturmyndin krufin

Leikstjórinn Stuart Samuels svarar því hvers vegna myndir eins og Eraserhead, Pink Flamingos, Night of the Living Dead og El Topo urðu vinsælar með heimildarmyndinni Midnight Movies: From the Margin to the Mainstream.

Regnboginn
18:00 Teningunum er kastað
20:00 Antares
22:00 Ungur og vitlaus

Tjarnarbíó
19:00 Nikifor minn
21:00 Miðæturmyndir: Af bekknum á miðjuna

Háskólabíó
17:30 George Michael: Önnur saga
19:30 Moolaadé
20:00 Vetrarkoss
22:20 Enginn veit

NÝR BÚNAÐUR Í TJARNARBÍÓI NÝHERJI

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Englishmen, you're all so fucking pompous. None of you have got any balls."

Svar:
Dauðinn úr kvikmyndinni The Meaning of Life árið 1983.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON **RIFJAÐI UPP LJÚFAR MINNINGAR**

Gamli góði Staupasteinn

Ég man eftir því þegar ég kom heim eftir skóla, náði mér í glas, léttmjólk, pakka af Prince Lu og Nestlé kakó. Settist fyrir framan sjónvarpið og horfði á Cheers eða Staupastein. Á sunnudaginn, þegar ég horfði á endursýningar vikunnar af þættinum, rifjaðist þetta upp fyrir mér. Það er eitthvað við Staupastein sem eldist svo yndislega en er jafnframt ótrúlega hallærislegt. Aðalsöguhetjan, Sam Malone, er gömul hafnaboltahetja sem telur sig guðsgjöf til kvenna. Ted Danson hefur einhvern veginn orðið samofinn þessari sjónvarpshetju og það er alveg sama í hvaða gervi hann fer, Ted Danson er alltaf Sam Malone.

DIANE OG SAM Þau yljuðu mér um hjartaræturnar fyrir tæpum tuttugu árum og gera enn í endursýningum Skjás eins.

Sömuleiðis hefur Kirstie Alley ekki gert neitt af viti síðan hún lék hina eitilhörðu Rebeccu Howe. Reyndar var hún með sinn eigin raunveruleikaþátt sem hét „The Fat Actress" en eins og nafnið gefur til kynna er það ekki eitthvað sem fólk ættti að vilja sjá. Ég var fyrir mitt leyti meiri aðdáandi Diane Chambers en hún var yndislega leikin af Shelley Long. Guð einn veit hvað varð um þá leikkonu. Spennan milli hennar og Sam var einhvern veginn mun meiri. Ég beið eftir því að þau næðu saman. Svona eins og Ross og Rachel í Vinum.
Sögulegt mikilvægi þessara þátta er ótvírætt. Ef ekki hefði verið fyrir þá, myndi einhver vita hver George Wendt (Norm) væri? Eða John Ratzenberg (Cliff)? Þeir sem eru fastagestir á einhverjum stað vitna oft og iðulega í þessa þætti. Þeir vita enda sem er að það er gott að koma inn á stað þar sem allir þekkja nafnið þitt. Staupasteinn og fastagestir hans lifa góðu lífi í endursýningum Skjás eins. Þær færa mann aftur til þess tíma þegar maður kom heim úr skólanum, náði sér í glas, mjólk, Prince Lu pakka og Nestle kakó.

▶ **21.25** *Nýtt*
Little Britain

▶ **20.00** *Gaman*
Strákarnir

▶ **20.30** *Nýtt*
Hogan knows best

▶ **21.00** *Spjall*
Sirrý

▶ **18.40** *Fótbolti*
Meistaradeildin – Gullleikir

SJÓNVARPIÐ

17.05 Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Líló og Stitch (41:65) **18.23** Sígildar teiknimyndir (3:42)

18.30 Mikki mús (3:13)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Bráðavaktin (3:22) (ER, Ser. XI) Bandarísk þáttaröð.
20.55 Fuglaflensa (Viden om – Dræbervirus) Danskur heimildaþáttur um veirusjúkdóminn skæða.
▶ **21.25 Litla-Bretland (1:6)** (Little Britain II) Ný bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furðar þess. Þættirnir hafa unnið til fjölda verðlauna.
22.00 Tíufréttir
22.20 Handboltakvöld
22.35 Formúlukvöld
23.00 Norman Foster **23.50** Eldlínan (11:13)

0.35 Kastljósið **0.55** Dagskrárlok

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

12.20 Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Sjálfstætt fólk **13.30** Hver lífsins þraut (3:8) (e) **14.00** Wife Swap (1:12) **14.50** Jamie Oliver (Oliver's Twist) (25:26) **15.15** Kevin Hill (2:22) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag

19.35 The Simpsons 9
▶**20.00 Strákarnir** Sveppi, Auddi og Pétur halda uppteknum hætti og sprella sem aldrei fyrr.
20.30 What Not To Wear (1:5) (Druslur dressaðar upp) Raunveruleikaþáttur þar sem fatasmekkur fólks fær á baukinn.
21.30 Five Days to Midnight (2:2) (Fimm dagar til miðnættis) Hörkuspennandi framhaldsmynd. Háskólaprófessorinn JT Neumeyer bregður illilega í brún þegar hann kemst höndum yfir lögregluskýrslu. Í henni eru nákvæmar upplýsingar um morðið á honum sjálfum!

23.05 Stelpurnar **23.30** Most Haunted (B. börnum) **0.15** Mile High (B. börnum) **1.00** How High (B. börnum) **2.30** Sjálfstætt fólk **3.05** Fréttir og Ísland í dag **4.25** Ísland í bítið **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Game TV
19.30 Game TV
20.00 Friends 3 (21:25)
▶ **20.30 Hogan knows best (1:7)** (Brooke's Date) Hulk Hogan er ekki einungis frægasti glímukappi heims. Hann er einnig hinn dæmigerði fjölskyldufaðir sem býr ásamt konu sinni og börnum í Flórída. 16 ára dóttir hans vill verða poppstjarna og 14 ára sonur hans vill verða frægur ökuþór í kappakstri.
21.00 So You Think You Can Dance (1:13) Framleiðendur American Idol eru komnir hér með splunkunýjan raunveruleikaþátt.

22.45 Kvöldþátturinn
23.15 Laguna Beach (1:11) **23.45** My Supersweet (1:6) **0.15** David Letterman **1.00** Friends 3 (21:25) **1.25** Kvöldþátturinn

SKJÁREINN

17.55 Cheers **18.20** Innlit / útlit (e)

19.20 Þak yfir höfuðið (e) Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
19.30 Will & Grace (e) Bandarískir gamanþættir um skötuhjúin Will og Grace.
20.00 America's Next Top Model IV Fjórtán stúlkur keppa um titilinn og enn er það Tyra Banks sem heldur um stjórnvölinn og ákveður með öðrum dómurum hverjar halda áfram hverju sinni.
▶**21.00 Sirrý** Spjallþáttadrottningin Sigríður Arnardóttir snýr aftur með þáttinn sinn Fólk með Sirrý.
22.00 Law & Order Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
22.50 Jay Leno

23.35 Judging Amy (e) **0.25** Cheers (e) **0.50** Þak yfir höfuðið (e) **1.00** Óstöðvandi tónlist

SÝN

7.00 Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

18.10 Olíssport

▶**18.40 UEFA Champions League** (Meistaradeildin – Gullleikir)
20.20 UEFA Champions League (Meistaradeildin – Gullleikir)
22.00 Olíssport Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.
22.30 Hnefaleikar (JL Castillo – Diego Corrales) Útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas síðasta vor. Á meðal þeirra sem mættust voru Jose Luis Castillo og Diego Corrales en í húfi var heimsmeistaratitill WBC-sambandsins í léttvigt. Bardagi kappanna þótti einn sá eftirminnilegasti í boxsögunni og er þá mikið sagt.

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Watch It **8.00** Blow Dry **10.00** Rock Star **12.00** Hedwig and the Angry Inch **14.00** Blow Dry **16.00** Rock Star **18.00** Hedwig and the Angry Inch **20.00 Watch It** Gamanmynd um nokkra karla sem deila húsi í Chicago. **22.00 The Whole Ten Yards** Stórskemmtileg glæpagrínmynd. Bönnuð börnum. **0.00** Stardom (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** I Got the Hook Up (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Whole Ten Yards (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News **12.30** Big Hair Gone Bad **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** 101 Most Starlicious Makeovers **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** Style Star **16.30** Style Star **17.00** Fight For Fame **18.00** E! News **18.30** E! News Special **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Most Starlicious Makeovers 21.00 Party @ the Palms **21.30** The Anna Nicole Show **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** E! News Special 0.00 Party @ the Palms **0.30** The Anna Nicole Show **1.00** The E! True Hollywood Story

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

14.00 Man. City – Everton frá 02.10 **16.00** Wigan – Bolton frá 02.10 **18.00** Liverpool – Chelsea frá 02.10
20.00 Þrumuskot (e)
21.00 Að leikslokum (e)
22.00 Arsenal – Birmingham frá 02.10
0.00 Aston Villa – Middlesbrough **2.00** Dagskrárlok

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Little Britain — Sjónvarpið **kl. 21.25**

Grínast vítt og breitt um Bretland

Nú er að hefjast ný syrpa af sprengfyndinni breskri gamanþáttaröð. Þar bregða grínistarnir Matt Lucas og David Walliams sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendur fyrir furðum Bretlandseyja í stuttum grínatriðum. Drepið er niður fæti í skosku hálöndunum, farið um Wales og friðsælar enskar sveitir og bæjarblokkir stórborganna skoðaðar þar sem friðsældin er ekki alveg eins mikil. Þættirnir hafa unnið til fjölda verðlauna, meðal annars bresku grínverðlaunanna The British Comedy Award.

Breskir verðlaunagrínþættir eru að hefja göngu sína á ný.

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.00 Fréttir **7.03** Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni. **12.15** Hádegisútvarpið

13.01 Hrafnaþing **14.03** Er það svo? **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt e. **21.00** Morgunstund e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Hádegisútvarpið e. **23.00** Úrval úr Allt & sumt e. **0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

1.00 Er það svo? e. **2.00** Margrætt

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.05 Árla dags **6.45** Veðurfregnir **7.00** Fréttir **7.05** Árla dags **7.30** Morgunv. **8.30** Árla dags **9.05** Laufsk. **9.40** Úr kvæðum fyrri alda **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

12.03 Hádegisútvarp **12.57** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Marilyn Monroe **14.03** Útvarpss. Ég er ekki hræddur **14.30** Miðdegistónar **15.03** Dagamunur **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.35** Sáðmenn söngvanna **21.15** Frægð og forvitni **21.55** Orð kvöldsins

22.10 Á rökstólum **23.05** Dixiland, blús og sving

RÁS 2 FM 90,1/99,9

0.10 Ljúfir næturtónar **1.10** Ljúfir næturtónar **2.03** Næturtónar **6.00** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunv. **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

12.03 Hádegisútvarp **12.45** Poppland **16.00** Fréttir **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Ungmennafélagið

21.00 Konsert með Starsailor

22.00 Fréttir **22.10** Popp og ról **0.00** Fréttir

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

15.00 Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

23.00 Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
12.30 Tennis: WTA Tournament Filderstadt **14.00** Tennis: WTA Tournament Filderstadt **15.30** Tennis: WTA Tournament Filderstadt **17.00** Rhythmic Gymnastics: World Championship Baku Azerbaijan **18.00** Equestrianism: 3-day Event Burghley United Kingdom **19.30** Equestrianism: Show Jumping Vilamoura **20.00** Golf: the European Tour Dunhill Links Championship **20.30** All Sports: Wednesday Selection **20.45** Olympic Games: Olympic Magazine **21.15** News: Eurosportnews Report **21.30** Tennis: WTA Tournament Filderstadt **22.45** Adventure: Escape Special **23.15** News: Eurosportnews Report

BBC PRIME
12.00 Ballykissangel **13.00** Teletubbies Everywhere **13.10** Little Robots **13.20** Andy Pandy **13.25** William's Wish Wellingtons **13.30** Boogie Beebies **13.45** Fimbles **14.05** Tikkabilla **14.35** The Stables **15.00** Location, Location, Location **15.30** Ready Steady Cook **16.15** The Weakest Link **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Changing Rooms **18.30** Rick Stein's Food Heroes **19.00** Deafblind **20.00** George Eliot: a Scandalous Life **21.00** State of Play **21.50** Red Cap **23.00** The Private Life of a Masterpiece **0.00** Dance Masterclass **0.45** Personal Passions **1.00** Modcon **1.30** Modcon

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Bug Attack **13.00** When Expeditions Go Wrong: Mt. Hood Crash **14.00** Megastructures: Oil Mine **15.00** Megastructures: the World's Most Powerful Dam **16.00** Seconds from Disaster: the Bomb in Oklahoma City **17.00** Paranormal?: Bigfoot **18.00** Bug Attack "living Wild" **19.00** When Expeditions Go Wrong: Mt. Hood Crash **20.00** Megastructures: Sea Launch **21.00** Megastructures: Sears Tower **22.00** The Mafia **23.00** Megastructures: Sea Launch **0.00** Megastructures: Sears Tower

ANIMAL PLANET
12.00 Big Cat Diary **12.30** Predator's Prey **13.00** The Natural World **14.00** Animal Precinct **14.30** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Meerkat Manor **17.30** Monkey Business **18.00** Animals A-Z **18.30** Predator's Prey **19.00** The Natural World **20.00** Animal Cops Detroit **21.00** Meerkat Manor **21.30** Monkey Business **22.00** Venom ER **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** The Natural World **1.00** Meerkat Manor **1.30** Monkey Business

DISCOVERY
12.00 Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Reel Wars **13.00** Extreme Engineering **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** A Racing Car is Born **16.30** A Bike is Born **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Blueprint for Disaster **20.00** When Hitler Invaded Britain **22.00** Mythbusters **23.00** Forensic Detectives **0.00** Hitler's Women

MTV
13.00 SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Switched On **16.00** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** Trippin' **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Andy Milonakis Show **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

VH1
15.00 So 80s **16.00** VH1's Viewers Jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** VH1 All Access **19.30** MTV at the Movies **20.00** Retrosexual – The 80's **21.00** VH1 Rocks **22.30** Fabulous Life Of... **23.00** VH1 Hits **4.00** VH1 Hits

CLUB
12.10 Weddings **12.35** Awesome Interiors **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** Girls Behaving Badly **14.25** City Hospital **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Retail Therapy **17.15** The Review **17.40** Girls Behaving Badly **18.05** Staying in Style **18.30** Hollywood One on One **19.00** It's a Girl Thing **19.25** The Villa **20.15** Sextacy **21.10** Sex and the Settee **21.35** My Messy Bedroom **22.00** Men on Women **22.30** Ex-Rated **23.00** Entertaining With James **23.30** City Hospital **0.25** Awesome Interiors **0.50** Vegging Out **1.15** Backyard Pleasures **1.45** Hollywood One on One

CARTOON NETWORK
12.00 Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series **14.30** Atomic Betty **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** B-Daman **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** Looney Tunes **20.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

JETIX
11.50 So Little Time **12.20** Goosebumps **12.50** Black Hole High **13.15** Spiderman **13.40** Moville Mysteries **14.05** Digimon II **14.30** Totally Spies **15.00** W.i.t.c.h **15.30** Sonic X

MGM
11.55 Namu, The Killer Whale **13.25** Rosebud **15.30** Reckless (Goldwyn) **17.00** King OF Love, The **18.35** Rage (1980) **20.15** Wisdom **22.05** Hey, I'M Alive **23.20** Seven Hours TO Judgement **0.50** Rosary Murders, The

TCM
19.00 The Big Sleep **20.50** The Best House in London **22.25** The Walking Stick **0.05** Madame Bovary

HALLMARK
12.45 Spoils of War **14.15** Back to the Secret Garden **16.00** Mrs. Lambert Remembers Love **17.30** McLeod's Daughters V **18.30** Early Edition Iv **19.15** Escape From Colditz **21.00** Lifepod **22.30** Early Edition Iv **23.15** The Premonition **0.45** Escape From Colditz

BBC FOOD
12.00 Kitchen Takeover **12.30** My Favourite Chef **13.00** My Favourite Chef **13.30** Sophie's Weekends **14.00** Nigella Bites **14.30** Kitchen Takeover **15.00** Beauty and the Feast **15.30** Masterchef Goes Large **16.00** Chef at Large **16.30** Danny By the Sea **17.00** Chef at Home **17.30** The Best **18.00** Jamie Oliver's Pukka Tukka **18.30** Food and Drink **19.00** Gondola On the Murray **19.30** Grigson **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Galley Slaves **21.00** Nigella Bites **21.30** Masterchef Goes Large

DR1
12.00 Jorn – alting har sin pris **13.00** TV Avisen med vejret **13.20** Derhjemme **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Dawson's Creek **14.45** Det Vildeste Westen **15.00** Braceface **15.20** Kurts klamme krop **15.25** Helt sikkert DR **15.35** GO! **16.00** SKRÅL **16.20** KatjaKaj og BenteBent **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **16.55** Dagens Danmark **17.25** TV Avisen **17.30** Rabatten **18.00** Nationen **18.20** DR Dokumentar – Besat af en brand **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** HåndboldOnsdag **20.30** SportNyt **20.40** HåndboldOnsdag **21.25** Onsdags Lotto **21.30** Mod min vilje **22.20** Det Vildeste Westen

SV1
12.30 Galakväll på operan **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Sverige! **15.30** Om du var jag **16.00** BollBompa **16.01** Mulle Meck bygger **16.20** Barndokumentären **16.30** Hjärnkontoret **17.00** Barbacka **17.30** Rapport **18.00** Stina om Bebo Valdés **18.30** Mitt i naturen **19.00** Klirr i bössan i Världens barn **19.05** Legenden om Bagger Vance **21.10** Rapport **21.20** Kulturnyheterna **21.30** Uppdrag Granskning **22.30** Sändning från SVT24



HRÓSIÐ

...fær Styrmir Sturla Dýrfjörð, þriggja ára, fyrir að vinna teiknimyndasamkeppni á vegum Menningarnætur.

ÞRÍR SPURÐIR

Í HVAÐ Á AÐ NOTA PENINGANA SEM URÐU AFGANGS VIÐ FJÁRLÖGIN?

ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON, þingmaður Samfylkingarinnar

Auka útgjöld til menntamála

Það eru gild rök fyrir því að hagnaðurinn verði ennþá meiri en búist er við núna. Það er ljóst að ég vil sjá aðra forgangsröðun en þá sem birtist í þessu fjárlagafrumvarpi. Ég vil einnig auka útgjöld til menntamála, skynsamlegra velferðarmála og til aldraðra. Stjórnmál snúast um forgangsröðun og ég vil tryggja að hagstjórnin hér verði skynsamleg og ábyrg, sem hún er ekki.

MAGNÚS KJARTANSSON tónlistarmaður

Rétta hlut hinna verr stöddu

Já, spurningin kemur flatt upp á mann. En ætli það sé ekki rétt að reyna að rétta hlut hinna verr stöddu í samfélaginu og þeirra sem góðærið virðist hafa flogið framhjá. Ég held það sé afar mikilvægt fyrir okkur öll að koma þeim upp í lestina sem virðast vera að missa af henni.

GUÐRÚN ÁSMUNDSDÓTTIR leikkona

Erfitt að vera blankur í ellinni

Þegar ég var við nám erlendis kom mér á óvart hvað fólk talaði feimnislaust um peningaleysi sitt. Fátækt lífeyrisþega á þessu landi í dag er nokkuð sem við tölum ekki um. Ein kona sagði þó við mig: „Það er allt í lagi að vera blankur þegar maður er ungur, en fyrir eldra fólk er það svo niðurlægjandi.“ Þið sem ráðið: Er hægt að gefa öldruðu fólki á Íslandi þá reisn sem það á skilið?



ARNALDUR INDRIÐASON Segir stórkostlegt að ná slíkum árangri í honum enskumælandi heimi miðað við að hann skrifar fyrir lítið málsvæði

ARNALDUR INDRIÐASON: TILNEFNDUR TIL GULLRÝTINGSINS

Góð saga á erindi víða

Bókin Grafarþögn eftir Arnald Indriðason er tilnefnd til Gull- og Silfurrýtinganna; verðlauna sem Félag glæpasagnahöfunda í Bretlandi veita árlega fyrir bestu glæpasögurnar. Þau eru talin ein virtustu verðlaun sinnar tegundar þar í landi og þó víðar væri leitað, enda hafa margir af mikilmetnustu reyfarahöfundum heims hafa unnið til þeirra, þar á meðal Ruth Rendell, Colin Baxter og Martin Cruz Smith.

Arnaldur er að vonum himinlifandi yfir fréttunum. „Það er bæði ánægjulegt og merkilegt að vera tilnefndur til þessara verðlauna,“ segir hann. „Það er stórkostlegt að ná þessum árangri í hinum enskumælandi heimi þegar maður skrifar á jafn litlu málsvæði og Ísland er.“ Tilnefninguna telur hann til marks um að sagan hafi eitthvað fram að færa. „Það er samnefnari á góðum sögum að þær eiga alltaf erindi víðar en við sitt nánasta umhverfi.“ Í umsögn dómnefndar um Grafarþögn segir meðal annars að þar sé á ferð spennuþrungin saga sem leiti á lesandann.

Tvær af bókum Arnaldar hafa verið gefnar út í Bretlandi, Mýrin sem kom út í fyrra og Grafarþögn sem kom út ár. „Þær hafa gengið ágætlega held ég og þetta á væntanlega ekki eftir að skemma fyrir,“ segir hann kíminn.

Grafarþögn kom fyrst út á Íslandi árið 2001 og seldist í um fimmtán þúsund eintökum. Síðan hafa bækur Arnaldar verið gefnar út víða og átt sérlega góðu gengi að fagna í Þýskalandi. Auk Arnaldar eru tilnefnd í flokki skáldsagna Karin Fossum, Friedrich Glauser, Carl Hiaasen, Barbara Nadel og Fred Vargas en flest eru þau velþekkt í kreðsum glæpasagnaunnenda.

Verðlaunin verða veitt í Lundúnum 8. nóvember næstkomandi og býst Arnaldur við að vera viðstaddur. Sá sem hreppir Gullrýtinginn fær í sinn hlut verðlaunafé að andvirði um 325 þúsund króna sem sem hreppir Silfurrýtinginn fær rúmlega 200 þúsund krónur.

Þetta er í fimmtugasta skipti sem Félag glæpasagnahöfunda í Bretlandi veitir þessi verðlaun. Að jöfnu eru bækur tilnefndar í nokkrum flokkum en í tilefni afmælisins hefur félaið valið sjö bækur sem áður hafa unnið til gullrýtingsins. Félögum í samtökunum gefst svo kostur á að greiða þeim atkvæði og velja bestu glæpasögu í sögu verðlaunanna. Nánari upplýsingar um Gullrýtinginn má finna á vefsíðunni thecwa.co.uk/awards/2005.

bergsteinn@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þórhallur Gunnarsson, nýráðinn rittstjóri magasínþáttarins sem hefur göngu sína á RÚV í næstu viku, fer sér í engu óðslega hvað nafngiftir varðar enda ástæðulaust að farga því sem gott er. Kastljós heitir því þátturinn sem leysir Kastljósið af hólmi næstkomandi mánudag.

Áður höfðu spökustu menn Ríkissjónvarpsins lagt höfuð í bleyti og stungið upp á vinnuheitunum Opið hús og Torgið. Báðir titlarnir féllu hins vegar í grýttan jarðveg og að lokum var ákveðið að halda í gamla nafnið í lítið breyttri mynd. „Þetta er gott nafn sem gott orð fer af,“ segir Þórhallur, sem sér enga ástæðu til að sækja vatnið yfir lækinn, en leggur áherslu á óákveðna greininn enda alþekkt að minna er meira.

Fyrrum Hollywood-hjónin Brad Pitt og Jennifer Aniston hafa sett glæsihýsi sitt í Kaliforníu á sölu. Uppsett verð er litlir 1,7 milljarðar króna. Skilnaður þeirra hefur loksins gengið í gegn og verður sala hússins hluti af skilnaðarsáttmála þeirra. Pitt og Aniston keyptu húsið á tæpar 900 milljónir króna fyrir fjórum árum. Á meðal þess sem eignin hefur upp á að bjóða eru listastúdíó, tennisvellir, sundlaug, spastofa og herbergi fyrir kvikmyndasýningar.

!
Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

LÁRÉTT

2 afkvæmi **6** í röð **8** fjór **9** eins um u **11** haf **12** þíða **14** hvæsa **16** guð **17** blóm **18** fiskur **20** í röð **21** lipurð.

LÓÐRÉTT

1 hæfileiki **3** austfirðir **4** planta **5** augnhár **7** spendýr **10** vel búin **13** haf **15** sjúkdómur **16** rangl **19** í röð.

LAUSN

LÁRÉTT: **2** lamb, **6** áb, **8** ter, **9** fut, **11** lá, **12** aðisa, **14** fnæsa, **16** Ra, **17** rós, **18** áll, **20** Im, **21** fimi.

LÓÐRÉTT: **1** gáta, **3** af, **4** melasól, **5** brá, **7** buffáli, **10** fin, **13** sær, **15** asmi, **16** ráf, **19** Im.

Bretar vilja sína Stráka

Íslenskur húmor virðist eiga vel við Breta um þessar mundir. Atriði úr sjónvarpsþáttunum Strákunum var nýlega keypt af bresku sjónvarpstöðinni ITV og nú vill breska framleiðslufyrirtækið Optimum Releasing fá að endurgera kvikmyndina Strákarnir okkar. Það þarf vart að taka það fram að efni myndarinnar á vel við Breta enda knattspyrna meira en bara áhugamál þar í landi.

Að sögn Júlíusar Kemp, eins af framleiðendum myndarinnar, barst þeim tilboð í síðustu viku þar sem fyrirtækið lýsti yfir áhuga sínum. „Þetta er mjög algengt og hefur verið gert við franskar, japanskar og norskar myndir svo nokkur dæmi séu tekin,“ segir hann. Málið er þó allt á byrjunarstigi en það er Mike Downey, breskur meðframleiðandi Strákanna okkar, sem hefur veg og vanda af viðræðunum. „Þar eru hæg heimatökin,“ segir Júlíus. Hann vissi þó ekki hvort um háar fjárhæðir væri að ræða. „Verðum við ekki bara að vona það?“ sagði hann. Um er að ræða mjög virt framleiðslu- og dreifingarfyrirtæki og sá það meðal annars um dreifingu á kvikmynd Mike Leigh, Veru Drake, sem tilnefnd var til þriggja Óskarsverðlauna.

Júlíus sagði það vissulega hafa orðið vonbrigði að geta ekki keppt um Óskarinn en Strákarnir okkar töpuðu í forvali fyrir mynd Stuðmanna, Í takt við tímann, mörgum að óvörum. „Staðreyndirnar tala sínu máli,“ sagði Júlíus. Hann, eins og svo margir kvikmyndaunnendur, reynir núna að sækja sem flestar sýningar Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar sem nú tröllríður kvikmyndahúsum. „Ég fór hryllingsmyndakvöld Páls Óskars og á Masterclass með Abbas Kiarostami í fyrradag,“ sagði hann.

STRÁKARNIR OKKAR Breskt framleiðslufyrirtæki hefur lýst yfir áhuga á að endurgera Strákana okkar á enska vísu.

Freyr Gígja Gunnarsson

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Biðin er á enda því ráðgátan leysist í kvöld!
Ekki missa af æsispennandi seinni hluta
framhaldsmyndar mánaðarins á Stöð 2.

ÞAÐ GERIST Í KVÖLD!

Þú bara verður að horfa á seinni hluta Five Days to Midnight í kvöld kl. 21:30!

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á vísir.is

BAKÞANKAR

SIGRÍÐAR DAGGAR AUÐUNSDÓTTUR

Bakslag hjá Sjálfstæðisflokki

Ég er nýbúin að hrósa sjálfstæðismönnum á þessum vettvangi fyrir að hafa loks tekið það stóra skref í átt til jafnréttis að ætla að treysta konu fyrir einni helstu áhrifastöðu innan flokksins, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur sem hefur lýst yfir áhuga sínum á að verða varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Ég sagði það stórt skref í jafnréttisátt þegar Árni Mathiesen lýsti því yfir að bæta þyrfti hlut kvenna í forystu flokksins.

NÚ verð ég hins vegar að draga dálítið úr þessu hrósi. Þó að útlit sé fyrir að kona vermi stól varaformanns flokksins í fyrsta sinn í sögunni virðast sjálfstæðismenn ætla að láta þar við sitja. Nú hefur komið í ljós að flokkurinn er samur við sig þegar kemur að því að skipa mönnum á lista fyrir kosningar því aðeins eru fimm konur í framboði til sætis á lista Sjálfstæðisflokksins í næstu borgarstjórnarkosningum á móti nítján körlum - um tuttugu prósent.

ÞAÐ er skammarlega lágt hlutfall en ekki er öll nótt úti. Enn hefur ekki verið valið á listann og því enn von til þess að konur skipi meira en fimmtung sæta á endanlegum lista flokksins. Það er nauðsynlegt lýðræðisins vegna að konur eigi rödd í stjórnmálum, sama um hvaða stjórnmálaflokk er að ræða.

ÉG trúi að sjálfstæðismönnum standi hugur til þess að bæta hlut kvenna í flokknum. Svo virðist sem ákveðin vitundarvakning hafi átt sér stað, í það minnsta á yfirborðinu, sem geri það að verkum að sjálfstæðismenn geri sér nú æ betur grein fyrir mikilvægi þess að konur finni að á þær sé hlustað innan flokksins. Öðruvísi mun flokkurinn ekki ná til kvenkyns kjósenda, sem er gríðarlega mikilvægt þegar á hólminn er komið.

VITUNDARVAKNINGIN virðist því miður ekki vera fylgifiskur nýrrar kynslóðar sjálfstæðismanna því á nýafstöðnu SUS-þingi var vist afar áberandi hversu fáar konur voru á meðal þátttakenda og gerðu þingmenn sem sátu í pallborði það að umtalsefni.

ÞAÐ er hins ekki nóg að tala um hlutina og benda á vandamálin. Það er undir flokksmönnum sjálfum komið hvernig þeir velja á lista flokksins til sveitarstjórnarkosninganna í vor. Það er flokksmanna sjálfra að velja hvort þeir hafi jafnréttishugsjónina að leiðarljósi við val á fulltrúum. Það má aðeins vona að það verði raunin, og að hlutur kvenna á endanlegum listum flokksins verði stærri en sá fimmtungur sem gefur kost á sér. Það er í allra þágu.



Samskipan gleði og þjónustulundar

Fullkominn skipa- og tækjakostur Samskipa og áreiðanlegir samstarfsaðilar skila vörunni á áfangastað fljótt og vel. Við trúum því að það sé síðan starfsfólkið, starfsgleði þess og þjónustulund sem ráði úrslitum um ánægju viðskiptavinarins.

Samskip - Yfir lönd yfir höf.

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

AEG Þvottadagar

HIN FULLKOMNA ÞVOTTAVÉLA ÞRENNA

Þessar frábæru AEG vélar á einstöku tilboðsverði á meðan birgðir endast.
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

AEG Lavamat 76820
1600/1200/1000/600 sn.
6 kg.
TILBOÐSVERÐ: KR 90.000,-

AEG Lavamat 74639
1400/1200/900/700/400 sn.
5,5 kg.
TILBOÐSVERÐ: KR 74.900,-

AEG Lavamat 52820
1200/1000/600 sn.
6 kg.
TILBOÐSVERÐ: KR 69.900,-

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

ORMSSON
LÁGMÚLA 6 SÍMI 530 2800
SMÁRALIND SÍMI 530 2900
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu